SIGNÝ ÞORHALLSDÓTTIR

*Á kjól sem notaður var í frönsku leikriti*

• tíska • heimili

ALLT í MIÐJU BLAÐSINS






BÆJARHÁTÍÐIR

*Skemmtiatriði og alls kyns uppákomur*

Sérblað um bæjarhátíðir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






BUBBI MORTHENS

*Rómeó og Júlía tekið út úr auglýsingu Símans*

Kannar málið og hugsar um rétt sinn

FÓLK 44





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. júlí 2009 — 155. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR



### Semur sumarsmell

Þorvaldur Davíð lætur til sín taka á tónlistarsviðinu.

FÓLK 44

### Kveður kirkjuna sáttur



Séra Gunnþór Þ. Ingason lætur af störfum sem sóknarprestur Hafnarfjarðarkirkju eftir 32 ára þjónustu.

TÍMAMÓT 36

### Hvíta bókin

„Hvað væri einfaldara en að skoða farþegalistana úr einkaþotum útrásarvíkinganna til að kanna, hverjir þágu far með þeim?“ skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 30



### Pepsi-deild karla

Eyjamenn voru engin fyrirstaða fyrir Fylkismenn í gær.

ÍÞRÓTTIR 52

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART NORÐEYSTRA** Í dag verða sunnan 5-10 m/s V-til en annars víða hægviðri eða hafgola. Bjart með köflum norðeystra en skýjað og dálítil væta V-lands og síðdegisskúrir NV-til. Hiti 12-22 stig.

VEÐUR 4



**VEGLEG AFMÆLISGJÖF** Ný flugvél Landhelgisgæslunnar kom til landsins í gær, á 83 ára afmælisdegi Gæslunnar. Flugvélin ber nafnið TF-SIF, það sama og Dauphin-þyrla Gæslunnar sem brotlenti í sjónum í Straumsvík í júlí árið 2007. **Sjá síðu 6**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ólafur Stefánsson stofnar barnaskóla

**Fyrrverandi skólastjóri Ísaksskóla og Ólafur Stefánsson handboltamaður eru meðal stofnenda skapandi grunnskóla sem fær húsnæði í Heilsuverndarstöðinni á Barónsstíg. Draumurinn að opna í haust, segir Edda Huld Sigurðardóttir.**

**MENNTUN** „Draumurinn er að byrja í haust,“ segir Edda Huld Sigurðardóttir sem ásamt Ólafi Stefánssyni handboltamanni, Þorvaldi Þorsteinssyni listamanni og Jennýju Guðrúnu Jónsdóttur kennara ætlar að stofna nýjan grunnskóla í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg.

Edda Huld, sem áður var skólastjóri Ísaksskóla, segir að í nýja skólanum verði áhersla á skapandi skólastarf sem verði verulega frábrugðið hefðbundnu skólastarfi.

„Við ætlum að fara aðrar leiðir en viljum ekki ræða þær á meðan málið er ekki lengra komið. Við eigum tíma hjá borgarstjóra á miðvikudag í næstu viku,“ svarar Edda Huld og vísar til þess að enn hafi ekki verið sótt um tilskilin leyfi fyrir starfrækslu skólans þótt undirbúningur þess sé á lokastigi.

Að sögn Eddu Huldar verður nýi skólinn fyrir allan grunnskólaaldur. Fyrst sé þó ætlunin að taka við um sextíu nemendum á aldrinum fimm til tíu ára. Húsnæðið, sem fengið hafi verið á jarðhæð gömlu Heilsuverndarstöðvarinnar, sé nýlega endurnýjað og uppfylli nauðsynlegar kröfur.

„Hugmyndir okkar Jennýjar, sem komum úr skólaumhverfinu, fóru mjög vel saman við pælingar Þorvaldar og svo kom Ólafur inn í þetta nýlega,“ útskýrir Edda Huld samvinnuna við Þorvald og Ólaf. „Við finnum það í hjartanu að þetta er rétt sem við erum að fara af stað með. Við erum mjög ólík en samt sem áður með mjög svipaða hugsun: að mæta barninu þar sem það er statt, opna bara og sjá hvað er þar inni og hvað þarf að fá að njóta sín.“

Þorvaldur og Ólafur munu koma að skólastarfinu sjálfu. „Þorvaldur verður hjá okkur dags daglega. Ólafur ætlar að spila handbolta í Þýskalandi en mun verða hjá okkur eftir því sem hann hefur tök á.“ segir Edda Huld Sigurðardóttir.

**- gar**

Sigurjón Sighvatsson:

# U2 semur lag fyrir nýjustu myndina

**FÓLK** Rokkrisarnir í U2 semja lag við nýjustu kvikmynd Sigurjóns Sighvatssonar, Brothers. Samstarfið er til komið vegna góðs vinskapar milli hljómsveitarinnar og leikstjóra myndarinnar, Jims Sheridan, en hann er frá Írlandi eins og U2.



SIGURJÓN SIGHVATSSON

Sigurjón segir að samstarfið við U2 sé ekki dýrt en myndin hafi að mestu leyti verið klippt í upptökuveri hljómsveitarinnar á Írlandi.

„Auðvitað getur verið gott að hafa nafn eins og U2 í markaðsherferðinni en það er alltaf myndin sjálf sem selur miðana,“ segir Sigurjón.

**- fgg / sjá síðu 58**

Ný íslensk skartgripalína Jóhönnu Metúsalemsdóttur vekur athygli erlendis:

# Íslenskir skartgripir í Gossip Girl

**FÓLK** Kría heitir ný skartgripalína Jóhönnu Metúsalemsdóttur en skartið hefur vakið töluverða athygli. Meðal annars hefur Taylor Momsen borið skartgripi úr línunni í gervi Jenny Humphrey í þáttunum Gossip Girl. Einnig hafa skartgripirnir sést í tímaritinu InStyle og Sportswear International.

„Hugmyndin kom til fyrir þremur árum þegar ég var ólétt af Lólu dóttur minni. Ég var við ströndina við Reykjanesvita og fann þar leifar af kríubeinagrind,“ segir Jóhanna en hún segist vera mjög hrifin af kríunni.



JÓHANNA METÚSALEMSDÓTTIR

Alls eru um 40 skartgripir í línunni sem eru innblásnir af kríubeinum og trjágreinum.

**- hds/ sjá Allt í miðju blaðsins**





sbarro

18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum

1990 kr.

Risa pizza

Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750



## SPURNING DAGSINS



*Örn Bárður, jarðaðirðu andstæðinga þína?*

„Nei, en ég kom nokkrum kúlum undir græna torfu."

Örn Bárður Jónsson, prestur í Neskirkju, var meðal þátttakenda á Gröfinni Open, golfmóti presta og útfararstjóra, á Borgarnesvelli í vikunni. Hann sigraði ekki.

Óhapp á kvöldsiglingu á Sundunum við Reykjavík:

# Skúta strandaði á Engeyjarrifi

**SLYS** Lítil seglsskúta strandaði í gærkvöldi á Engeyjarrifi um 700 metra fyrir utan mynni Reykjavíkurhafnar.

Að sögn hafnsögumanns var skjótt brugðist við og björgunarbátur sendur til að aðstoða áhöfn skútunnar við að mjaka fleyinu af strandstað. Tókst það eftir nokkra stund.

Svo virðist sem seglskútunni hafi verið siglt öfugum megin við bauju á sundinu með þessum afleiðingum. Um var að ræða áhugasiglingamenn og voru fimm um borð þegar óhappið varð. Engan sakaði enda veður bæði stillt og milt. **- gar**



**Á STRANDSTAÐ** Líklegt er að stjórnandi seglskútunnar hafi siglt henni röngu megin við bauju og því tekið niður á Engeyjarrifi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skoðanakönnun Gallup:

## Stjórnarflokkar tapa miklu fylgi

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnarflokkarnir tveir fengju samtals aðeins 43 prósent atkvæða væri kosið nú, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Gallup. Sjálfstæðisflokkurinn er aftur orðinn stærsti flokkurinn með 28 prósenta fylgi miðað við 24 prósent í kosningunum í apríl. Samfylkingin tapar 5 prósentustigum og fengi 25 prósent atkvæða. Vinstri grænir tapa sömuleiðis og mælast með 18 prósent miðað við 22 prósent í kosningunum. Framsóknarflokkurinn er með 17 prósenta fylgi miðað við 15 prósent í apríl. Borgarahreyfingin fengi nú 9 prósent atkvæða miðað við 7 prósent í kosningunum. **- gar**

Erfiðar samningaviðræður:

## Fyrri samningar trufluðu

**ICESAVE** Sú staðreynd að Íslendingar hættu í tvígang við umsamdar sáttatillögur vegna Icesave-skuldanna við Breta og Hollendinga gerðu mönnum þungt undir fæti í áframhaldandi viðræðum. Þetta fullyrða meðlimir íslensku samninganefndarinnar um Icesave-málið sem Fréttablaðið hefur rætt við.



SVAVAR GESTSSON

Í bréfi Breta til Svavars Gestssonar, formanns samninganefndarinnar, frá 15. maí er lýst yfir furðu á því að verið sé að leggja til nýjar leiðir svo seint. Í október hefðu línur verið lagðar í samningum sem ætti að halda sig við. Heildarfjárhæð Icesave reikninganna var um 1.244 milljarðar króna á núverandi gengi, en skuldbindingar Íslands eru mun lægri. **- kóp, kg /** **sjá síðu 18**

Erfðaskrá Michaels Jackson:

## Diana Ross fengi forræðið

**BANDARÍKIN Michael Jackson vildi að söngkonan Diana Ross fengi forræði yfir þremur börnum sínum að sér látnum ef móðir söngvarans, Katherine, gæti af einhverjum orsökum ekki tekið hlutverkið að sér. Þetta kemur fram í erfðaskrá Jacksons sem var birt í gær.**

**Jackson gerði erfðaskrána árið 2002. Í henni kemur fram að söngvarinn vildi arfleiða móður sína og þrjú börn að öllum sínum eignum.**

**Í erfðaskránni er sérstaklega tekið fram að Jackson vilji ekki sjá fyrir Debbie Rowe, fyrrverandi eiginkonu og móður tveggja barna hans.** **- kg**

# Gjaldþrot standa oft yfir áratugum saman

**Gjaldþrot einstaklinga geta varað áratugum saman endurnýi lánardrottnar kröfur sínar. Ríkisvaldið er orðinn eigandi fjölmargra fyrirtækja sem ganga hart fram í innheimtu skulda. Lögmaður segir að slaka verði á kröfunum.**

**EFNAHAGSMÁL** Eigendur fyrirtækja sem verða gjaldþrota hafa þann möguleika að stofna nýtt fyrirtæki á rústum þess gamla með nýrri kennitölu. Einstaklingar geta það trauðla og kunna að eiga í gjaldþroti svo áratugum skiptir.

Mismunandi er eftir eðli krafna hve langur fyrningarfrestur er, ýmist 4, 10 eða 20 ár. Almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda er hins vegar fjögur ár.

Hákon Stefánsson, starfandi stjórnarformaður Creditinfo, segir að í raun og veru sé styttri fyrningarfrestur ekki af hinu góða í því árferði sem nú er. Kröfuhafar freistist til að halda lengur lífi í kröfum sínum í þeirri von að efnahagsástandið skáni. Þeir endurnýi því kröfurnar með tilheyrandi kostnaði fyrir skuldarann. Þannig myndast nýr fyrningarfrestur.

Hákon segir að við þær aðstæður sem nú ríkja væri eðlilegra að einstaklingar væru ekki keyrðir í gjaldþrot. Það ætti bara að gera þegar grunur léki á um undanskot eigna. Hjá fólki sem ekki hefði ráð á afborgunum vegna gengisbreytinga ætti að láta duga að fara í árangurslaust fjárnám.

Björn Þorri Viktorsson lögmaður segir allt of hart gengið fram gagnvart skuldurum. „Það er löngu búið að hirða af honum allar eignir og skilja hann eftir slyppan og snauðan, en samt er haldið áfram."

Björn segir tilefni til að endurskoða gjaldþrotaferlið í ljósi aðstæðna. Allra mikilvægast sé þó að minnka líkur á að einstaklingar verði gjaldþrota.



**FÓLK** Búast má við að heldur hráslagalegt verði um að litast í fjármálum fjölmargra Íslendinga á næstunni. Gjaldþrot geta fylgt fólki áratugum saman sé einhver kröfuhafinn nógu þrár við að endurnýja kröfu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í gjaldþrotum stangast á tvö sjónarmið; annars vegar eignarrétturinn, því kröfuhafar eiga fé sem þeir hafa lánað, og hins vegar það að gera einstaklingnum kleift að afla sér tekna í framtíðinni. Hér á landi var mjög ströngum viðurlögum beitt, fyrningarfresturinn var 10 ár en er nú 4 ár.

Hákon segir að áður fyrr hafi menn gjarnan getað komið fótunum undir sig á ný um fjórum árum eftir gjaldþrot. Það gæti hafa breyst nú þar sem fyrirtæki vilji halda lífi í kröfum sínum og endurnýi þær.

Ása Ólafsdóttir, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, segir að lögin um gjaldþrot séu til endurskoðunar í ráðuneytinu; bæði hvað varðar einstaklinga og fyrirtæki. Reynslan af lögum um greiðsluaðlögun sem samþykkt var í vetur verði metin í haust. Hún bendir á að samkvæmt þeim lögum geti einstaklingar í gjaldþrotaskiptum lokið þeim með greiðsluaðlögun.



BJÖRN ÞORRI VIKTORSSON



HÁKON STEFÁNSSON

**kolbeinn@frettabladid.is**



**MÓTMÆLT** Íslandsdeild Amnesty ferðaðist um borgina með ljósmyndir af Nígerfljóti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslandsdeild Amnesty:

## Ferðuðust með ljósmyndir

**UMHVERFISMÁL Íslandsdeild Amnesty International mótmælti í gær hjá nokkrum starfsstöðvum Shell í borginni í tilefni nýútkominnar skýrslu samtakanna. Í skýrslunni eru birtar niðurstöður rannsóknar á áhrifum olíuvinnslu á óseyrum Nígerfljóts í Nígeríu á mannréttindi íbúa svæðisins.**

**Í tilkynningu Íslandsdeildar samtakanna segir að Shell hafi fyrst byrjað að vinna olíu á óseyrum Nígerfljóts árið 1956. Gífurleg olíumengun og umhverfisspjöll hafi hlotist af starfseminni, sem hafi heilsuspillandi áhrif á íbúana og ógni lífsviðurværi þeirra.** **- kg**

### EVRÓPA

**Reyklaus Evrópa 2012**

Evrópusambandið vill að aðildarríki sambandsins banni reykingar innandyra á opinberum stöðum, í almenningssamgöngum og á vinnustöðum fyrir árið 2012. Tíu ríki hafa nú þegar bannað reykingar innandyra og í samgöngum. Meira en sex þúsund manns dóu vegna óbeinna reykinga á síðasta ári.

### AKRANES

**Hærra verð á írskum dögum**

Tvöfalt dýrara verður að tjalda á tjaldstæðinu í Kalmansvík á Akranesi á meðan írskir dagar standa yfir. Bæjarráð ákvað að tekjuaukningin renni í bæjarsjóð. Verja á 1.150 þúsund krónum til gæslu á tjaldsvæðinu.


ÚTSALA

38

ÞREP

Laugavegi 49 / sími 561 5813


Utanlandsferðum forseta Íslands hefur fækkað verulega það sem af er ári:

# Verið 22 daga erlendis á árinu

**EFNAHAGSMÁL** Forseti Íslands hefur alls verið 22 daga erlendis fyrstu sex mánuði ársins. Á sama tímabili á síðasta ári var forsetinn tvöfalt fleiri daga erlendis, og nærri þrefalt fleiri á sama tímabili árið 2007.

Örnólfur Thorsson forsetaritari segir að af þeim 22 dögum sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur verið erlendis það sem af er ári hafi níu dagar verið ferðalög tengd starfinu, annað hafi verið frí.

Í fyrra var Ólafur Ragnar alls 88 daga erlendis, þar af 53 á fyrstu sex mánuðum ársins, að því er fram kemur á vef stjórnartíðinda. Árið 2007 var forsetinn 128 daga erlendis, þar af 60 daga á fyrri helmingi ársins.

Örnólfur segir það ekki endilega efnahagsástandið sem valdi því að utanlandsferðum forsetans hafi fækkað, heldur séu tilefnin fyrir ferðalögum misjöfn milli ára.

Spurður hvort embættinu hafi verið sett einhver takmörk á utanlandsferðir segir Örnólfur svo ekki vera. Forsetanum séu sett takmörk fjárhagslega hvað varðar rekstur embættisins, og á síðustu árum hafi embættið verið rekið með umtalsverðum afgangi.

Forsetinn ákveður sjálfur hvaða utanlandsferðir hann fer, en hefur samráð við ríkisstjórn um opinberar heimsóknir, segir Örnólfur. **- bj**



**FÆKKAR FERÐUM** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var 128 daga erlendis allt árið 2007, en hefur verið 22 daga erlendis það sem af er ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# TAX FREE!
# Pallaefni

## TAX FREE AF ÖLLU FÚAVÖRÐU TIMBRI FYRIR SÓLPALLINN

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

## GENGIÐ 01.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,59 | 127,19 |
| Sterlingspund | 208,16 | 209,18 |
| Evra | 178,01 | 179,01 |
| Dönsk króna | 23,906 | 24,046 |
| Norsk króna | 19,79 | 19,906 |
| Sænsk króna | 16,567 | 16,665 |
| Japanskt jen | 1,3054 | 1,313 |
| SDR | 195,74 | 196,9 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
230,6407

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mentor gerði samning við sveitarfélagið Örebro í Svíþjóð í vikunni:

# Ætla að verða í fremstu röð

**MENNTAMÁL** Mentor skrifaði undir samning við sveitarfélagið Örebro í Svíþjóð í vikunni um að innleiða InfoMentor í alla grunnskóla sveitarfélagsins. Um er að ræða 47 grunnskóla með um 15.000 nemendum og 1.000 kennurum.

„Þetta er stærsti samningur sem Mentor hefur gert,“ segir Hildur Oddsdóttir sölustjóri Mentor. „Við erum nú komin með rúmlega 10 prósenta markaðshlutdeild á sænska grunnskólamarkaðinum.“

Mentor er gagnvirkt upplýsingakerfi sem kennarar í grunnskólum nota, til dæmis til að semja próf, gefa einkunnir og vera í sambandi við foreldra. Kerfið er notað í 97 prósentum íslenskra grunnskóla. Hugsunin á bak við Mentor er að auðvelda kennurum og starfsfólki alla sína vinnu, að sögn Hildar.



**STARFSMENN MENTOR** Hér má sjá meginþorra starfsmanna Mentor, bæði sænska og íslenska. Fyrirtækið starfar bæði í Svíþjóð og á Íslandi.

Árið 2007 sameinaðist Mentor sænska fyrirtækinu P.O.D.B og vinna nú 26 starfsmenn hjá Mentor, helmingur á Íslandi og helmingur í Svíþjóð. Öll hönnun og þróun Mentor-kerfisins fer fram hérlendis en sænska fyrirtækið sér um sölu, ráðgjöf og innleiðingu kerfisins í Svíþjóð, að sögn Hildar.

„Mentor stefnir að því að verða í fremstu röð fyrirtækja á sviði upplýsingakerfa fyrir skóla í Evrópu,“ segir Hildur en fyrirtækið hlaut Vaxtarsprotann árin 2008 og 2009. Sprotinn er veittur fyrir góðan árangur sprotafyrirtækja. **- vsp**

Fjórtán ára stúlka:

# Lifði flugslys af með beinbrot

**KÓMOREYJAR, AP** Fjórtán ára stúlka sem lifði af flugslys í Indlandshafi í fyrradag hlaut aðeins eitt beinbrot og mar og skurði í andlit við slysið. Hún hélt í brak úr flugvélinni klukkustundum saman, en er varla synd, að sögn föður hennar. Stúlkan var að ferðast með móður sinni frá París til Kómoreyja, en faðir hennar var eftir í París. Hún var flutt til Parísar í gærkvöldi.

Í gær komu fram fréttir um að annað barn hefði fundist á lífi en þær reyndust ekki réttar. Sömuleiðis var um stund talið að svartur kassi úr vélinni hefði fundist en svo reyndist ekki vera. **- þeb**

Þingmaður Vinstri grænna:

# Villa fella ályktun ríkisstjórnar

**ALÞINGI** „Við erum að glíma við gríðarstór verkefni, endurreisn fjármálakerfisins, skuldir heimila og fyrirtækja og þar fram eftir götunum, og það er mín skoðun að aðildarumsókn að Evrópusambandinu tengist ekki þeirri vegferð,“ segir Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Vinstri grænna. Í þinginu í gær hvatti Ásmundur til þess að þingsályktunartillaga ríkisstjórnarinnar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu yrði felld.

„Það sem hefur týnst í umræðunni er tími og vinna embættismannakerfisins og kostnaður við aðildarumsókn. Maður spyr sig hvað væri hægt að halda mörgum hjúkrunarrýmum opnum fyrir þann kostnað,“ segir Ásmundur. **- kg**

**DANMÖRK**

### Sveik 92 ára gamla konu

Málverkasali í Danmörku var á miðvikudag sakfelldur fyrir að hafa logið að 92 ára gamalli konu og sagt henni að dýrmætt málverk hennar væri eftirlíking. Hann seldi málverkið svo fyrir 25 sinnum hærri fjárhæð en hann borgaði konunni. Maðurinn var dæmdur í átta mánaða fangelsi.

**DÓMSTÓLAR**

### Beit í löngutöng laganna

Rúmlega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir að bíta lögregluþjón í löngutöngina. Árásin átti sér stað aðfaranótt 5. apríl síðastliðins á Hverfisgötu.

**ÁRÉTTING**

Ákvörðun um niðurfellingu persónulegra ábyrgða starfsmanna var tekin af stjórn Gamla Kaupþings en hefur ekki komið til framkvæmda. Nýja Kaupþing hefur ákveðið að bíða með ákvörðunina þar til sérstakur saksóknari hefur lokið rannsókn sinni á málinu.

# 115 milljarðar hvíla á bílum í erlendri mynt

**Ríflega 40 þúsund Íslendingar skulda 115 milljarða í erlendri mynt af bílum sínum. Ætla má að á fimmta þúsund þeirra sé í vandræðum vegna mikillar greiðslubyrði. „Þarna er vandinn einna brýnastur,“ segir viðskiptaráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslendingar skulda 115 milljarða króna í erlend bílalán. Ríflega fjörutíu þúsund manns eru með bílalán í erlendri mynt, að hluta eða að fullu. Gera má ráð fyrir að um 4.400 manns séu í vandræðum með greiðslubyrði af bílalánum sínum, ef marka má orð Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra á Alþingi í gær.

Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, beindi fyrirspurn til Gylfa um erlend bílalán; meðal annars hversu mörg þau væru og hversu há, og hvort hann hygðist beita sér í málum þeirra sem ættu í vandræðum með afborganir.

Gylfi sagði að samkvæmt tölum Seðlabankans verðu áttatíu prósent þeirra sem væru með bílalán innan við tuttugu prósentum ráðstöfunartekna sinna í afborganirnar. Það ætti að vera vel viðráðanlegt, segir Gylfi.



**GYLFI MAGNÚSSON**

Hins vegar væru ellefu prósent í öllu verri stöðu, og verðu yfir þrjátíu prósentum ráðstöfunartekna í afborganir. Það væri vitaskuld afar þungbært í mörgum tilvikum.

Miðað við að fjörutíu þúsund manns séu með erlendan bílalán þýðir þetta að um 4.400 manns eru í þessari þungbæru stöðu. Að sögn Gylfa er afar lítill hluti bílalána einungis í íslenskum krónum.



**DÝRT SPAUG** Viðskiptaráðherra segir að þung greiðslubyrði af bílalánum sé það sem valdi mörgum fjölskyldum einna mestum vandræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fulltrúar Framsóknarflokksins kölluðu eftir því að ríkisstjórnin brygðist við vanda þeirra sem ættu í erfiðleikum vegna afborgana af erlendum bílalánum. Sögðu þeir að flöt niðurfelling skulda blasti við sem skynsamlega lausnin.

Gylfi tjáði þeim að nú væri að störfum starfshópur á vegum viðskipta-, félags- og tryggingamála- og dómsmálaráðuneytisins sem hefði það hlutverk að fara yfir þessi mál. Almennar aðgerðir eins og flöt niðurfelling væru allt of dýrar en til greina kæmi að beita sértækum aðgerðum til að laga stöðu þessa fólks.

„Í hópi þeirra sem eru í mestu vandræðunum með að láta enda ná saman vega bílalánin þungt út af því hve greiðslubyrðin er mikil, þó að höfuðstóllinn sé yfirleitt miklu lægri en af íbúðalánunum,“ segir Gylfi í samtali við Fréttablaðið. „Ef það er hægt að taka á málum þeirra sem eru í verstri stöðu með bílalánin væri það mjög markviss aðgerð því þarna er vandinn einna brýnastur.“

Gylfi segir einnig að í flestum tilfellum hafi lánafyrirtæki veðrétt í bifreiðinni, eða eignarétt í henni í gegnum rekstrarleigu. Bifreiðin sé tekin og seld ef skuldarinn lendi í vanskilum og eftirstöðvarnar falli á skuldarann.

**stigur@frettabladid.is**

Forstjóri FME um skilanefndir:

# Kostnaður falli á þrotabúin

**VIÐSKIPTI Verið er að kanna hvort hægt verði að fella kostnað við skilanefndir fjármálafyrirtækja á þrotabúin, í stað þess að hluti kostnaðarins falli á Fjármálaeftirlitið (FME), segir Gunnar Þ. Andersen, forstjóri eftirlitsins.**



**GUNNAR Þ. ANDERSEN**

**Upphaflega stóð til að kostnaður við skilanefndir fjármálafyrirtækja í greiðslustöðvun félli á FME. Um miðjan apríl samþykkti Alþingi hins vegar að fella kostnaðinn beint á þrotabúin, eins og tíðkast með fyrirtæki sem tekin eru til gjaldþrotaskipta.**

**Kostnaður við nefndirnar fram að lagabreytingu, sem að óbreyttu fellur á FME, er um 360 milljónir króna, segir Gunnar. - bj**

Lestarslys á Ítalíu:

# Fólk brann inni eftir sprengingu

**ÍTALÍA, AP** Í það minnsta fimmtán manns eru látnir, fjögurra er saknað og að minnsta kosti 50 eru særðir eftir að mikil sprenging varð í lest á Ítalíu á þriðjudag.

Lestin var að fara frá La Spezia til Pisa þegar einn vagn hennar fór út af sporinu með þeim afleiðingum að gas sem var í honum fór að leka. Það olli gríðarmikilli sprengingu sem varð til þess að fimm íbúðarhús hrundu til grunna og mikill eldur kviknaði.

Talið er að tala látinna geti hækkað verulega, og fara fjölmargir björgunarmenn nú í gegnum rústir húsanna fimm. **- þeb**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veður-fréttamaður

**SÓL Í BORGINNI Á MORGUN** Það verður áfram sól og blíða á norðausturhorninu í dag og allt að 24 stiga hiti. Á morgun þykknar upp austanlands en léttir til suðvestanlands þar sem hitinn gæti náð 22 stigum í innsveitum. Helgin býður síðan upp á hlýindi og fremur hægan vind en það verður dálítil væta í flestum landshlutum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 29° |
| Billund | 25° |
| Eindhoven | 26° |
| Frankfurt | 31° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 24° |
| Kaupmannahöfn | 24° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 28° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 25° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 29° |
| París | 31° |
| San Francisco | 24° |
| Stokkhólmur | 24° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


ÚTSALAN
ER HAFIN Í SMÁRALIND
30-70%
AFSLÁTTUR
OPIÐ Í DAG 11-19
SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000
Smáralind

KJÖRKASSINN



*Hefur þú gaman af ræðukeppnum?*

| | |
|---|---|
| Já | 21,5% |
| Nei | 78,5% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Hefur þú séð leiksýningu í Þjóðleikhúsinu nýlega?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Vísir

Ný flugvél Landhelgisgæslunnar kom til landsins í gær:

# Gæslan eignast nýja TF-SIF

**LANDHELGISGÆSLAN** Ný flugvél Landhelgisgæslunnar kom til landsins í gær, á 83 ára afmælisdegi Gæslunnar. Flugvélin ber nafnið TF-SIF, það sama og Dauphinþyrla Gæslunnar sem brotlenti í sjónum í Straumsvík í júlí 2007.

TF-SIF fór frá Toronto í Kanada á þriðjudag og var millilent í Goose Bay. Þaðan flaug hún síðan í gærmorgun áleiðis til Íslands.

Vélin er af gerðinni Dash-8 Q300 og eru sams konar flugvélar notaðar hjá eftirlits- og björgunaraðilum víða um heim. Hún kemur í stað TF-SYN, sem hefur þjónustað Gæsluna í 32 ár. Kaupsamningur var undirritaður í maí 2007 og var samningsverð 32,2 milljónir dollara – eða um 3,9 milljarðar að núvirði. **- sh**



**FORSTJÓRINN OG FLUGVÉLIN** Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, gegndi stöðu yfirflugþjóns í áhöfn vélarinnar á leið til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

Forseti skoðar málið í haust:

## Framsókn situr enn í því græna

**ALÞINGI** Framsóknarflokkurinn fundar enn í græna herberginu svokallaða, þrátt fyrir að hafa átt að láta það eftir þingflokki VG í ljósi kosningaúrslita. VG þarf stærra herbergi en þingflokkur Framsóknar hefur minnkað nokkuð. Fram kom í fjölmiðlum í maí að Framsókn vildi ekki víkja úr herberginu og mun þetta vera tilfinningamál fyrir flokkinn, sem hefur verið í herberginu í áratugi.

Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, segist ekki hafa haft tíma til að leysa úr málinu en ætlar að skoða það fyrir haustið. VG fundar nú til bráðabirgða í herbergi forsætisnefndar. **- kóþ**

Ný lausn í heimabanka Byrs



Þú getur sparað **milljooo.ooonir** með niðurgreiðslu íslenskra lána!

**-það er fjárhagsleg heilsa!**



**Milljóna sparnaður með 10.000 kr. aukagreiðslu á mánuði**

Tökum sem dæmi **11 milljón króna verðtryggt íbúðalán** sem tekið var í september 2007. Með því að greiða **10.000 krónur aukalega** á mánuði, sparast **10.671.376 krónur á lánstímanum.** Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það sparast **milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.**

**Það er einfaldara en þú heldur!**

- Einföld aðgerð í heimabanka Byrs þér að kostnaðarlausu
- Stakar eða fastar mánaðarlegar greiðslur
- Ekkert uppgreiðslugjald á íslenskum lánum undir 50 m.kr. hjá Byr

**Sjáðu hvað þú sparar á byr.is**




**Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum**

BYR SPARISJÓÐUR

# Hugsar með hryllingi til niðurskurðar

**Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, kveðst hugsa til frekari niðurskurðar í löggæslu í landinu með hryllingi. Kröfur dómsmálaráðuneytis þýði skerðingu á þjónustu lögreglu sem sé rekin með lágmarksmannskap.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég hugsa með hryllingi til þessa niðurskurðar sem boðaður hefur verið á þessu ári, enda velflest, ef ekki öll, lögregluembætti í landinu rekin á lágmarksmannskap.“

Þetta segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, um boðaðar niðurskurðarkröfur dómsmálaráðuneytisins á löggæslu í landinu á síðari hluta þessa árs.

Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu er gert að spara ríflega 57 milljónir króna, lögreglustjóranum á Akureyri 9 milljónir og lögreglustjóranum á Selfossi 6.4 milljónir, svo dæmi séu nefnd. „Þær kröfur, sem gerðar eru um niðurskurð, til lögregluembættanna í landinu á árinu 2009 munu, ef þær ná fram að ganga óbreyttar, þýða skerðingu á þjónustu lögreglunnar,“ útskýrir Snorri.



**SNORRI MAGNÚSSON**

Hann bendir á að hafa skuli í huga að við sameiningu þá, er komið hafi til framkvæmda í byrjun árs 2007, hafi það verið yfirlýst markmið að efla, styrkja og bæta löggæslu á Íslandi.

„Þar með lá undir að efla þjónustu lögreglu við almenning og jafnframt að færa hana nær borgaranum,“ segir hann

„Allar rannsóknir, sem gerðar hafa verið erlendis, í kjölfar viðlíka hremminga og Ísland gengur nú í gegnum í þeirri efnahagskreppu sem við erum að glíma við, segja að það síðasta sem stjórnvöld eigi að skoða að hreyfa við sé löggæsla, enda skapist ákveðið upplausnarástand í þjóðfélögum í efnahagskreppum.

Ef krafa verður uppi um tíu prósent flatan niðurskurð til löggæslu á næsta ári er afar hæpið að hægt yrði að ná slíku fram nema með stórfelldri fækkun starfsmanna lögreglu, að lögreglumönnum meðtöldum.“

Snorri segir raunfækkun lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu nema einum fimmtíu stöðum frá sameiningu embættanna þriggja í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Það sjái hver maður að ekki verði hægt að halda úti sömu þjónustu lögreglu og verið hafi, með slíkri fækkun.

„Í þessu sambandi verður einnig að horfa til þeirrar afbrotatölfræði, sem embætti Ríkislögreglustjórans hefur verið að uppfæra á þessu ári,“ segir Snorri.„Þar hefur orðið gríðarleg aukning í hvers kyns auðgunarbrotum, svo skiptir tugum prósenta á milli ára.“ **jss@frettabladid.is**




**DÓMSMÁLARÁÐUNEYTI OG LÖGREGLA** Dómsmálaráðuneytið gerir kröfu um ríflega 300 milljóna króna sparnað á síðari hluta þessa árs í stofnunum sem heyra undir það, þar á meðal í löggæslu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**DÆMI UM NIÐURSKURÐ**
**síðari hluta árs 2009**

| | |
|---|---|
| Lögreglan á höfuðbsv. | 57.1 m.kr |
| Lögreglan á Akureyri | 9 m.kr. |
| Lögreglan á Selfossi | 6.4 m.kr. |

Valdaránið í Hondúras fordæmt um allan heim:

# Herstjórn ætlar ekki frá völdum

**HONDÚRAS, AP** Roberto Micheletti, starfandi forseti Hondúras, sagði í gær að „enginn gæti látið hann segja af sér“.

Herstjórnin í Hondúras hefur verið undir miklum þrýstingi frá Sameinuðu þjóðunum, Samband Ameríkjuríkja og Bandaríkjastjórn um að fara frá svo Manuel Zelaya, réttkjörinn forseti landsins, geti snúið aftur.

Samband Ameríkuríkja gaf Hondúras í gær þrjá daga til að koma Zelaya aftur til valda, annars yrði landið rekið úr sambandinu. Zelaya hafði ætlað að snúa aftur til Hondúras í dag en frestaði því eftir yfirlýsingu sambandsins.

Micheletti sagði að eini möguleikinn á að Zelaya kæmist aftur til valda væri ef erlend ríki réðust inn í landið. Hann sagði að ef hann sneri aftur til landsins yrði hann handtekinn, enda hefði hann nú þegar framið brot gegn stjórnarskránni.

Herinn framdi valdarán í landinu á sunnudag að fyrirskipan hæstaréttar, eftir að Zelaya vildi þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingu á stjórnarskránni. Breytingin snerist um að forseti gæti boðið sig fram til fleiri kjörtímabila, en nú getur hann aðeins setið í eitt kjörtímabil. **- þeb**




**FASTISTI** Hermenn gæta byggingar í höfuðborg Hondúras. Á vegg fyrir neðan þá stendur „Micheletti fasisti“ á spænsku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


TAX
FREE
DAGAR
Gelert
POP-UP
VERTU FYRSTUR
AÐ TJALDA!
AFNEMUM VSK
ALLAR Gelert ÚTILEGUVÖRUR ÁN VIRÐISAUKASKATTS
POP-UP
VERTU FYRSTUR
AÐ TJALDA!
AFNEMUM VSK
ÖLL HJÓL ÁN VIRÐISAUKASKATTS
RALEIGH
grandhall
living style
AFNEMUM VSK
ÖLL GRILL ÁN VIRÐISAUKASKATTS
Gildir til 5. júlí eða á meðan birgðir endast.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hversu mörg tonn af færibandi ætlar verktakafyrirtækið Impregilo að urða á Austurlandi?*
2. *Hvað heitir yfirlögfræðingur Kaupþings sem sagt hefur upp störfum vegna umfjöllunar um lán bankans til hans?*
3. *Hvaða ungi leikari hefur verið fastráðinn við Borgarleikhúsið?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

**Neytendur:** Hvað kostar að hringja í 118?

# *Víst er gjald á meðan beðið er*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Snorri hafði samband og er ekki sáttur við símsvarann hjá 118. Hann skrifar: *„Ef hringt er í 118 þá borgar hringjandi kostnað til síns símafyrirtækis um leið og símsvarinn hjá 118 svarar. Símsvarinn segir hins vegar „ekkert gjald er tekið meðan beðið er“. Þetta er ekki rétt þar sem „meðan beðið er“ tekur símafyrirtæki hringjanda mínútugjald fyrir biðina. Þetta er því að mínu viti mjög villandi hjá 118 og spurning hvort stenst lög og reglur. Ég hef ítrekað lent í því að það hringir út hjá 118 þannig að biðin sem „kostar ekkert“ en kostaði samt var til einskis. Ef þjónustufulltrúa hjá 118 dettur síðan í hug að svara þá er kostnaðurinn til viðbótar umtalsverður.“*

Það er rétt hjá Snorra að kostnaðurinn hjá 118 er umtalsverður. Upphafsgjald (fyrsta mínútan er innifalin í því) kostar 60 kr. Hver mínúta aukalega kostar 57 kr. á virkum dögum til kl. 19. Um helgar og eftir kl. 19 kostar aukamínútan 81 kr. Að fá númer sent í sms kostar 9 kr. og að láta 118 áframhringja fyrir sig í símanúmer kostar 21 kr. Sms með númerinu er innifalið í því gjaldi. Því er ekki úr vegi að benda fólki á símaskrána á ja.is. Sú þjónusta kostar ekkert aukalega.



Síminn með ráðandi stöðu:

# Ísland lægst í netþjónustu

**FJARSKIPTI** Síminn og Míla hafa ráðandi stöðu á flestum sviðum fjarskipta, samkvæmt greiningu Póst- og fjarskiptastofnunar á árinu 2008, sem birt var á þriðjudag. Í því ljósi hafa verið lagðar kvaðir á félögin sem miða að því að greiða fyrir aukinni samkeppni.

Ísland er í hópi þeirra þrjátíu OECD-þjóða sem er með ódýrustu þjónustuna varðandi heimilis-, fyrirtækja- og farsíma, samkvæmt greiningunni. Annað er hins vegar uppi á teningnum þegar netþjónusta er skoðuð en Ísland er þar í lægsta flokkinum, í 22.-30. sæti. **- vsp**




# Vilja senda sendiherra heim frá Íran

**Bretar hafa óskað eftir því við Evrópusambandið að öll ríki þess kalli sendiherra sína heim frá Íran til að mótmæla handtökum á starfsmönnum breska sendiráðsins þar í landi. Óttast er að það muni einangra Íran enn frekar.**

**ÍRAN, AP** Evrópusambandið skoðar nú og ræðir tillögu Breta um að öll ríki sambandsins flytji sendiherra sína heim frá Íran. Það vilja Bretar að verði gert í mótmælaskyni við handtökur á níu starfsmönnum breska sendiráðsins í Teheran. Írönsk yfirvöld sögðu í gær að Evrópusambandið hefði gert sig vanhæft til að taka þátt í viðræðum um kjarnorkuverkefni Írana vegna afskipta af mótmælunum í landinu undanfarið.

Átta af starfsmönnunum níu hefur verið sleppt úr haldi, en sá síðasti er enn í haldi sakaður um að hafa átt þátt í ofbeldi í mótmælum eftir forsetakosningarnar í landinu.

Tillaga Breta fellur í misjafnan jarðveg meðal Evrópusambandsríkjanna 27. Sumir leiðtogar óttast að það muni einangra Írani enn meira og valda því að enn harðar verði tekið á umbótasinnum, mótmælendum og blaðamönnum í landinu.

Basij-sérsveitir yfirvalda í Íran hafa sent ríkissaksóknara landsins bréf þar sem stjórnarandstöðuleiðtoginn Mir Mussein Mousavi er sakaður um að hafa framið níu brot gegn ríkinu, þar á meðal að hafa ógnað öryggi þjóðarinnar, en hámarksrefsing við slíku broti er tíu ára fangelsi.

Mousavi hefur hvatt stuðningsmenn sína til þess að halda áfram að berjast fyrir „réttindum fólksins.“ Hann tjáði sig opinberlega í gær í fyrsta skipti eftir að yfirvöld staðfestu úrslit forsetakosninganna þann 12. júní.

Mousavi heldur því enn fram að kosningasvindl hafi átt sér stað og hann hafi raunverulega sigrað í þeim. Í tilkynningu á heimasíðu sinni segir hann jafnframt að það sé söguleg ábyrgð hans og stuðningsmanna hans að halda kröfum sínum áfram á lofti og reyna að tryggja mannréttindi. Yfirvöld bönnuðu í gær dagblað sem er tengt öðrum forsetaframbjóðanda, Mehdi Karroubi, sem hefur tekið undir kröfur Mousavi um að kosið verði á nýjan leik. Áður höfðu yfirvöld bannað öllum erlendum fréttamiðlum að starfa á götum úti og internetið er vandlega ritskoðað.

Ahmadinejad forseti hætti við ferð sína til Líbýu í gær, en þar ætlaði hann að fylgjast með fundi Afríkusambandsins.



**MOUSAVI** Stjórnarandstöðuleiðtoginn hvatti fólk í gær til að halda áfram að berjast fyrir mannréttindum. Basij-sérsveitirnar hafa beðið ríkissaksóknara um að rannsaka níu meint brot Mousavis gegn ríkinu. NORDICPHOTOS/AFP

thorunn@frettabladid.is




Verslunarmenn ósáttir þótt innflutningskvótar landbúnaðarvara séu auglýstir:

# Tollar á landbúnaðarvörur lækki

**STJÓRNMÁL** Landbúnaðarráðuneytið hefur nú auglýst innflutningskvóta á landbúnaðarvörur eftir að Samtök verslunar og þjónustu mótmæltu ákvörðun ráðuneytisins frá 19. júní um að auglýsa ekki kvótana til umsóknar.

Kvótarnir eru samkvæmt samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Tollar á kvótana eru nú með breyttu sniði en að sögn Andrésar Magnússonar, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu, breytir það litlu hvað varðar þá vöruflokka sem skipti mestu máli, eins og osta og kjúklinga. Hins vegar setji óhagstæð þróun á gengi krónunnar strik í reikninginn.

„Stjórnvöld fara með þessa tolla í hæstu hæðir sem þau hafa heimild til og það mun sennilega enginn bjóða í þessa kvóta því það verður ekki hægt að bjóða vöruna á samkeppnishæfu verði,“ segir Andrés sem kveður bagalegt fyrir íslenska neytendur að Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra hafi þá yfirlýstu stefnu að gera allt sem hann geti til að koma í veg fyrir að hér verði innfluttar landbúnaðarvörur.

„Þetta skapar einokun fyrir íslenska framleiðendur sem munu að óbreyttu sitja einir að þessum markaði. Það þýðir færri vörutegundir á óhagstæðara verði enda er það lögmál að einokun ýtir undir hærra verð. En stjórnvöld hafa í hendi sér að koma til móts við íslenska neytendur og lækka tolla á þessum vörum,“ segir Andrés Magnússon. **- gar**



**ANDRÉS MAGNÚSSON** Framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu segir óhagstætt gengi krónunnar og ofurtolla skapa einokun í framleiðslu landbúnaðarvara. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



# Pallaolía nr. 1 á Íslandi

## Sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Veljum íslenskt
– okkar hagur!

SI




+5%
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
TIL KORTHAFA BYKO*

Vnr. 86363040-550

**Pallaolía**

KJÖRVARI pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauð fura eða rauðviður.

**4.690**

EXPO · www.expo.is

málning
*- það segir sig sjálft -*

*Íslensk gæðamálning*

**Verndaðu viðinn fyrir veturinn í sumar**

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara pallaolíu á pallinn því reynslan hefur sýnt að það er pallaolía sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

BYKO



**FRÆGÐARSTÉTTIN** Aðdáendur Michaels Jackson hafa margir lagt leið sína að stjörnu hans við frægðarstéttina í Hollywood frá því að hann lést í síðustu viku. Fjöldinn allur af blómum og kertum hefur verið skilinn eftir við stjörnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flækingskettir réðust á hvolp og blóðguðu mann í Reykjavík:

# Þurfti stífkrampasprautu og penisilín

**DÝR** Tveir kettir réðust á Jóngeir Þórisson, eiganda skiltagerðarinnar Pamfíls, þegar hann var á gangi með smáhundinn sinn, fimm mánaða gamla hvolpinn Polla, við Hjallaveg fyrir ofan Kleppsveg um kvöldmatarleytið á þriðjudaginn í síðustu viku.

„Við vorum að labba og sáum þá gráan, úfinn kött sem var frekar druslulegur. Hann gekk að Polla með kryppuna upp í loftið og sló í hann,“ segir Jóngeir. Annar köttur sem var eins í útliti kom að þeim og hugðist einnig ráðast að Polla.

„Ég tók hvolpinn þá í fangið. Þá ruku kettirnir á fæturna á mér og klóruðu mig og bitu til blóðs,“ segir Jóngeir. Eina vopn hans var að sparka frá sér. Við það hörfuðu þeir en réðust aftur að honum. „Ég þurfti að fara á Læknavaktina og fékk penisilín og stífkrampasprautu.“ Hann segir líklegt að um hafi verið að ræða flækingsketti eða vanrækta heimiliskettí. „Ég hefði ekki viljað að krakki hefði verið í mínum sporum,“ segir Jóngeir sem hyggst aðhafast frekar í málinu. Hann lét lögregluna strax vita og ætlar að hafa uppi á eigandanum, ef einhver er.



**POLLI** Litli hvolpurinn er heill á húfi.

Guðmundur Björnsson hjá dýraeftirliti umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur segir ekki algengt að kettir ráðist á fólk. Það komi þó fyrir. Hann segir komið undir þolandanum hvort hann kæri eða ekki. **- vsp**

Árás á lögreglustöð:

# Verðir myrtu lögreglumenn

**AFGANISTAN, AP Allt að níu lögreglumenn létu lífið í skotárás á lögreglustöð í Kandahar í Afganistan á mánudag. 41 öryggisvörður er nú í haldi vegna árásarinnar, en þeir voru að reyna að frelsa tvo glæpamenn sem voru í haldi á stöðinni. Meðal þeirra sem létust var lögreglustjórinn í Kandahar.**

**Að sögn Hamid Karzai, forseta Afganistans, voru öryggisverðirnir meðal þeirra sem hafa verið þjálfaðir af bandaríska hernum og fá að sama skapi borgað frá Bandaríkjunum. Hann fordæmdi verknaðinn harðlega.**

**Mennirnir verða sendir fyrir herrétt í Kabúl. - þeb**

Króatíski forsætisráðherrann:

# Búinn með sitt og segir af sér

**KRÓATÍA, AP** Króatíski forsætisráðherrann Ivo Sanader sagði mjög óvænt af sér í gær. Hann hefur verið tiltölulega vinsæll í heimalandinu frá því að hann tók við völdum árið 2003.



**IVO SANADER**

Sanader boðaði skyndilega til blaðamannafundar þar sem hann sagðist hafa lokið sínum störfum og að stjórnmálalífi hans væri lokið. Efnahagsástandið í Króatíu er slæmt um þessar mundir og hefur ekki verið verra síðan í stríðinu í fyrrverandi Júgóslavíu árið 1991. Sanader segist þó ekki vera að flýja vandann, heldur sé ákvörðunin persónuleg. Hann segist hafa gert sitt og nú sé komið að öðrum. **- þeb**

Dregið hefur úr meðalhraða á hringveginum og banaslysum fækkað:

# Fleiri slasast alvarlega í umferðinni

**SAMGÖNGUR** Alvarlega slösuðum í umferðarslysum hefur fjölgað töluvert á undanförnum árum. Þannig slösuðust 200 alvarlega í umferðinni í fyrra en aðeins 115 árið 2004. Hins vegar hefur látnum fækkað til muna og létust tólf á síðasta ári samanborið við 31 á árinu 2006. Þetta kemur fram í skýrslu um umferðaröryggisáætlun stjórnvalda árið 2008 sem var kynnt á blaðamannafundi á þriðjudag. Eitt af markmiðum áætlunarinnar er að látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um fimm prósent á ári. Það hefur ekki tekist.

„Sjö hafa látist það sem af er þessu ári og er það lítið miðað við árstíma,“ sagði Birgir Hákonarson, framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs Umferðarstofu.

Á árinu 2008 var lögð mikil áhersla á lækkun hraða á vegum landsins og var unnið að því með auknu eftirliti lögreglu, hækkun sekta, áróðri og fræðslu, að sögn Birgis. „Þessir þættir hafa greinilega skilað góðum árangri því mjög hefur dregið úr hraða á vegum landsins,“ segir Birgir. Meðalhraði á hringveginum hefur lækkað úr 96,6 kílómetrum á klukkustund í 93,2 kílómetra á klukkustund.

Einnig var umferðareftirliti hrint í framkvæmd vorið 2008. Gefnar voru út 2.805 kærur vegna hraðaksturs. Hraðamyndavélum var fjölgað á árinu og voru 16.125 brot skráð með þeim. Sett var af stað sérstakt eftirlit með efnaakstri og voru 111 ökumenn kærðir fyrir ölvun við akstur og 39 fyrir fíkniefnaakstur á tveggja mánaða tímabili. Undirritun samnings um kaup á búnaði til bíltæknirannsókna var kynnt á fundinum. Lögreglustjórinn á Selfossi, Umferðarstofa, samgönguráðherra og dómsmálaráðherra undirrituðu hann en kaupin nema um sex milljónum króna.

Bíltæknirannsóknir eru rannsóknir á ökutækjum eftir bílslys. „Þó að bilanir séu ekki stærsti þátturinn í bílslysum er mikilvægt að rannsaka þær,“ sagði Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa (RNU), Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra sagði að markmið samningsins væri að lækka þann toll sem umferðarslys tækju.

vidirp@frettabladid.is

**Látnir og alvarlega slasaðir í umferðinni á Íslandi**






Ákærður fyrir líkamsárás:

# Sló í andlitið með glerglasi

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært mann um tvítugt fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Maðurinn sló annan í andlitið með glerglasi með þeim afleiðingum að hann hlaut nokkra skurði vinstra megin í andlitið. Þetta átti sér stað á Skólavörðustíg á síðasta ári.

Sá sem fyrir árásinni varð krefst einnar milljónar króna í skaðabætur. Jafnframt krefst hann ríflega fimmtíu þúsunda króna í bætur vegna læknis-, lyfja- og sjúkraflutningakostnaðar, auk tæplega hundrað þúsunda króna vegna lögmannskostnaðar. **- jss**

Nær öll stöðugildi hjúkrunarfræðinga eru setin eru niðurstöður könnunar Fíh:

# Mannekla heyrir sögunni til

**HEILBRIGÐISMÁL** Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) gerði nýverið skyndikönnun varðandi manneklu í hjúkrun og kom í ljós að um 99,98 prósent stöðugilda hjúkrunarfræðinga eru nú setin. Svör komu frá hjúkrunarstjórnendum 50 stofnana, sem ráða yfir um 65 prósentum stöðugilda hjúkrunarfræðinga í landinu, eða rúmum 1.645 stöðugildum. Sambærileg könnun árið 2007 sýndi allt aðra mynd og var mannekla þá veruleg.

Niðurstöður könnunarinnar nú gefa vísbendingar um mikla breytingu, því að hjúkrunarstjórnendur meta það svo að skortur á hjúkrunarfræðingum miðað við metna þörf



**FRÁ LANDSPÍTALA** Mannekla á sjúkrahúsunum var mikið til umfjöllunar fyrir skemmstu. Breytingar á þjóðfélagsaðstæðum hafa breytt þeirri mynd mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

sé nú 3,84 prósent, en sú tala var 21,5 prósent árið 2007. Það hefur því dregið úr skorti á hjúkrunarfræðingum til starfa vegna þjóðfélagsaðstæðna síðustu mánuði. Ástæðurnar eru að margir hjúkrunarfræðingar hafa hækkað starfshlutfall sitt, þörf fyrir hjúkrunarfræðinga hefur minnkað vegna sparnaðaraðgerða og hjúkrunarfræðingar sem hafa unnið hjá einkageiranum hafa hætt störfum og flutt sig yfir í opinbera geirann.

Áfram er það áhyggjuefni hversu stórt hlutfall hjúkrunarfræðinga nálgast eftirlaunaaldur, en tæplega fjórðungur starfandi hjúkrunarfræðinga er á aldrinum 55–64 ára og fer því á lífeyri næstu árin. **- shá**

Vöruskiptajöfnuður í maí:

# Vöruskipti við útlönd hagstæð

**VIÐSKIPTI Vöruskiptajöfnuður við útlönd var hagstæður í maímánuði, en þá voru fluttar út vörur fyrir 38,7 milljarða króna, en inn fyrir 31,3 milljarða. Vöruskipti voru því hagstæð um 7,4 milljarða króna. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.**

**Fyrstu fimm mánuði ársins voru fluttar út vörur fyrir 171,1 milljarð króna, en inn fyrir 146,9 milljarða. Afgangur af vöruskiptum var því 24,2 milljarðar króna að verðmæti, en á sama tíma í fyrra var vöruskiptajöfnuður óhagstæður um 41,5 milljarða. Það er sveifla um 65,7 milljarða króna. Allar tölur eru miðaðar við fob.** **- kóp**



**EKKI ÞJÓÐVEGUR** Kvartað var yfir gjaldtökunni í þessa mikilvægu samgönguæð. FRÉTTABLAÐIÐ / ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Umboðsmaður Alþingis:

# Herjólfur telst ekki þjóðvegur

**STJÓRNSÝSLA Eimskip má innheimta gjald af ferjusiglingum með Herjólfi, enda telst Herjólfur ekki þjóðvegur. Þetta er niðurstaða umboðsmanns Alþingis, en kvartað hafði verið til hans vegna gjaldtökunnar í ferjuna og nýlegrar hækkun á gjaldskránni.**

**Segir í áliti umboðsmanns að ekki verði ráðið af ákvæðum laga að ríkinu sé skylt að standa að rekstri á ferjum með sama hætti og uppbyggingu og viðhaldi þjóðvega. Þrátt fyrir að Herjólfur gegndi hlutverki sem væri eðlislíkt þjóðvegum að mörgu leyti yrði ekki litið á ferjuna sem þjóðveg samkvæmt lögum og það gengi því ekki gegn jafnræðisreglum íslensks réttar að innheimta gjöld af farþegum.** **- sh**

Sameinuðu þjóðirnar:

# Rannsaka morðið á Bhutto

**PAKISTAN** Sameinuðu þjóðirnar hafa hafið rannsókn á morðinu á Benazir Bhutto, fyrrum forsætisráðherra Pakistans.



**BENAZIR BHUTTO**

Bhutto var í kosningabaráttu og á leið af kosningafundi með stuðningsmönnum sínum þegar hún var myrt í Rawalpindi í desember 2007. Áður hafði hún sloppið naumlega frá sjálfsmorðssprengjuárás sem varð um 100 öðrum að bana.

Mörgum spurningum um morðið er enn ósvarað. Flokkur Bhutto kallaði eftir aðstoð SÞ en fyrrverandi forsetinn Pervez Musharraf neitaði að gera það þegar hann var við völd. Rannsóknin mun standa í hálft ár. **- þeb**

## LÖGREGLAN

### Þrír enn á nagladekkjum

Lögreglan tók þrjá ökumenn sem enn voru með bíla sína á nagladekkjum í fyrradag. Um var að ræða tvo karlmenn um þrítugt og eina konu á fimmtugsaldri. Þau greiða fimm þúsund krónur í sekt fyrir hvert dekk.


AUKAKRÓNUR

AUKAKRÓNUR

# Þú færð allt mögulegt fyrir Aukakrónur

Þú safnar Aukakrónum þegar þú notar A-kortið þitt og fyrir þær getur þú keypt eitthvað sem þig vantar eða bara eitthvað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á **aukakronur.is**

* Á myndunum sérðu hvað þú gætir keypt hjá samstarfsaðilum Aukakróna m.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum.
Sjá nánar á aukakronur.is.

**A-kortin**
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

Landsbankinn




410 4000 | landsbankinn.is



**HITABYLGJA** Mikil hitabylgja er nú í Bretlandi og hefur hitinn farið upp fyrir þrjátíu gráður. Þessir herramenn böðuðu sig í sólinni í St. James's Park í miðborg London á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki vitað hvort morð í Kaupmannahöfn tengist hörðum klíkuátökum:

# Maður myrtur við Kristjaníu

**DANMÖRK** Maður af írönskum uppruna var skotinn til bana í bíl sínum við Kristjaníusvæðið í Kaupmannahöfn í gærdag. Ekki er vitað hvort morðið tengist hörðum átökum innflytjendaklíka og Vítisengla, sem staðið hafa yfir síðan í ágúst á síðasta ári.

Í frétt Politiken segir að maðurinn, sem var 26 ára gamall, hafi setið í kyrrstæðum bíl sínum við Refshalevej, sem liggur við Kristjaníu, þegar hann var skotinn þremur skotum í hnakkann. Ove Dahl, yfirmaður í morðdeild Kaupmannahafnarlögreglunnar, segir hinn myrta hafa komið við sögu lögreglu, en þó ekki vegna alvarlegra glæpa.




**KRISTJANÍA** Maðurinn, sem var af írönskum uppruna, var skotinn þrisvar í hnakkann. NORDICPHOTOS/AFP

Í umfjöllun Ekstrabladet um málið kemur fram að blaðið hafi heimildir fyrir því að maðurinn hafi verið myrtur fyrir að selja hass í Kristjaníu. Heimildarmaður blaðsins segir að maðurinn hafi ekki haft tilskilin „leyfi" fyrir hasssölunni, en eiturlyfjamarkaðnum í Kristjaníu mun vera stýrt af vélhjólaklíkum á borð við Vítisengla.

Lögregla, stjórnmálamenn og sérfræðingar hafa lýst yfir áhyggjum sínum vegna stigvaxandi hörku í deilum innflytjendaklíka og Vítisengla. Í vikunni birtist löng grein á heimsíðu dönsku Vítisenglanna þar sem múslimar og aðrir innflytjendur eru sakaðir um að „hata Dani, skapgerð þeirra og lífsstíl, kristnidóminn og öll tákn hans." **- kg**

Lausn efnahagsvanda Íslands:

# Amsterdam norðursins

**VIÐSKIPTI** Er lausn efnahagsvandræða Íslands að lögleiða marijúana og rækta í gróðurhúsum landsins til að nýta ódýra orku og laða að erlenda ferðamenn? Þessari spurningu veltir greinahöfundurinn Rob Cox fyrir sér í grein á vefnum The Big Money. Cox var nýlega staddur hérlendis til að kynna sér stöðu mála.

Hann segir að margir bandarískir ferðamenn myndu frekar kjósa að skjótast til Íslands og spara sér ferð til Amsterdam. Hann telur þó raunsætt til lengri tíma, fyrir jafn menntaða þjóð og Íslendinga, að reiða sig á tæknigreinar til að efla hagvöxt. **- bþa**







Opinn fundur

Kynningarfundur - Starfsleyfi fyrir iðjuver Elkem á Grundartanga

Fimmtudaginn 2. júlí kl. 20

Félagsheimilið Fannahlíð, Hvalfjarðarsveit

Kynnt verður tillaga að endurnýjuðu starfsleyfi fyrir Elkem. Framsaga verður af hálfu Umhverfisstofnunar og jafnframt munu forsvarsmenn Elkem skýra sín sjónarmið. Fundargestum gefst kostur á að koma með athugasemdir og bera upp spurningar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 23. júlí. 2009.

Allir velkomnir

Nánar á Umhverfisstofnun.is

UMHVERFISSTOFNUN



**Á LEIÐ Í BÆINN** Þung umferð var á Suðurlandsvegi um síðustu helgi og var bíll við bíl frá Hveragerði til Reykjavíkur á tímabili. Sveitarstjórnarmenn skora á samgönguráðherra að setja tvöföldun vegarins í forgang. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Kannast ekki við áhuga á Vaðlaheiði

**Samgönguráðherra segir lífeyrissjóðinn Stapa hafa áhuga á fjármögnun Vaðlaheiðargangna. Framkvæmdastjóri Stapa segir þetta aldrei hafa verið rætt. Alþingismaður segir loforð ráðherra um Suðurlandsveg hafa verið kosningabragð.**

**SAMGÖNGUR** Kristján Möller samgönguráðherra segir það einfaldlega rangt að búið sé að forgangsraða samgöngumannvirkjum þannig að Vaðlaheiðargöng verði efst í forgangsröðinni.

„Lífeyrissjóðir hafa rætt við mig um fjármögnun ýmissa verkefna, til dæmis Vaðlaheiðarganga og Suðurlandsvegar. Forsvarsmenn lífeyrissjóðsins Stapa og aðrir aðilar komu til mín um áramótin og lýstu áhuga á að fjármagna Vaðlaheiðargöng," segir Kristján.

Kári Arnór Kárason, framkvæmdastjóri Stapa, segir að fjármögnun Vaðlaheiðarganga hafi aldrei verið rædd innan Stapa. „Því hefur aldrei verið lýst yfir af okkar hálfu að við ætlum að koma að þessari fjármögnun."

Sjálfur tók hann þátt í hópi sem koma átti með hugmynd að mögulegri fjármögnun á göngunum. „Það hafði hins vegar ekkert með það að gera að ég væri framkvæmdastjóri Stapa."



**KRISTJÁN MÖLLER**

Sigurður Freysson, stjórnarformaður Stapa, segir þetta aldrei hafa verið rætt innan stjórnarinnar. „Við vitum nákvæmlega ekki neitt um þessi mál annað en það sem ráðherrann segir í fréttum."

Sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi héldu fund með samgönguráðherra í gær þar sem skorað var á hann að setja breikkun Suðurlandsvegar í forgang. Kristján sagði í Morgunblaðinu um helgina að gögn vegna Vaðlaheiðargagna væru svo gott sem tilbúin og væri því hægt að ráðast í þá framkvæmd fljótlega. Breikkun Suðurlandsvegar væri komin styttra á leið. Vinna við undirbúning Suðurlandsvegar er í fullum gangi, að sögn Kristjáns, og stefnt er að því að bjóða út fyrsta kaflann, sem nær frá Reykjavík að Litlu Kaffistofunni, sem fyrst.

Kristján lofaði á fundi með sveitarstjórnarmönnum á Suðurlandi 25. mars, að verkið yrði boðið út í júní eða júlí, að sögn Sigurðar Inga Jóhannssonar, alþingismanns og oddvita Hrunamannahrepps.

„Fundarmenn klöppuðu fyrir honum eftir að hann lofaði þessu en það virðist bara hafa verið kosningablöff." Hann segir að það verði að forgangsraða í skipulagsmálum þar sem lítið fé sé til framkvæmda nú. „Vaðlaheiðargöng eru ágætis framkvæmd en við þurfum að ráðast í það sem er mikilvægast," segir Sigurður og á þá við breikkun Suðurlandsvegar.

vidirp@frettabladid.is

Bátasmiðir í Borgarbyggð fá frekari frest í atvinnuhúsnæðinu:

# Verða að klára bátinn í júlí

**SKIPULAGSMÁL** Þorsteinn Máni Árnason og María Sigurjónsdóttir, sem vinna að smíðum á þrjátíu tonna bát í atvinnuhúsnæði í eigu Borgarbyggðar, hafa fengið frest til að fara úr húsinu til 1. ágúst næstkomandi.

Þorsteinn Máni hefur sagt við Fréttablaðið að verði báturinn fluttur á næstunni eyðileggist hann eða verði að minnsta kosti fyrir verulegu tjóni.

„Við höfum komist að þessu samkomulagi við lögfræðing [þeirra] en hvort þau verða búin með bátinn þá það veit ég ekki," segir Páll Brynjarsson sveitarstjóri. „Áður höfum við gert þeim grein fyrir því í bréfi sendu 27. febrúar að fresturinn rynni út 1. júní en nú höfum við framlengt hann."

Í septemberbyrjun er ráðgert að hefja framkvæmdir við fráveitustöð sem er fyrir aftan atvinnuhúsnæðið og því verður það að víkja að sögn Páls. Báturinn er allur unninn í höndunum og hefur Þorsteinn Máni sagt við Fréttablaðið að hönnunina gæti hann hugsanlega selt dýru verði. **- jse**



**ÞORSTEINN MÁNI OG MARÍA** Þarna sjást þau hjón og bátasmiðir við stefni bátsins en algjörlega er óljóst hvaða stefnu hann muni taka. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

# Sparaðu ... með okkur!




**40% afsláttur**

GRÍSAKÓTILETTUR HUNANGS EÐA PIKANT MARINERAÐAR
**1.199 kr/kg**
~~1.998~~ kr/kg
GOÐI

ÓDÝRT

GRILL SVÍNALÆRISSNEIÐAR
**909 kr/kg**
~~1.298~~ kr/kg
KJÖTSEL



**30% afsláttur**

GRILL SVÍNAKÓTILETTUR, REYKTAR
**1.189 kr/kg**
~~1.698~~ kr/kg
KJÖTSEL




**30% afsláttur**

GOODFELLA'S PIZZUR, 2stk.
**199 kr/pk.**
~~499~~ kr/pk.




**60% afsláttur**

KJÚKLINGABRINGUR 900g
**1.198 kr/pk.**




KJÚKLINGALUNDIR, 700g
**998 kr/pk.**

GOÐI
GRILLPYLSUR TOSCANA
**259 kr/pk.**
~~431~~ kr/pk.




**40% afsláttur**

NETTÓ BRAUÐ
**99 kr/stk.**
~~198~~ kr/stk.




**50% afsláttur**




*Match Attax Extra möppur og myndir komnar í Nettó*

RAUÐ VÍNBER
**249 kr/kg**
~~498~~ kr/kg



**50% afsláttur**

CAPRI SÚKKULAÐIBITAR 200g
**189 kr/pk.**




TILBOÐIN GILDA 2. - 5. JÚLÍ EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is

www.netto.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó SPARNAÐUR



# SUMARHÁTÍÐ 2.-5. JÚLÍ




## Tívolíleiktæki

Það verður sannkölluð tívolístemning á planinu framan við Korpu-torg. Go-kart bílar, 20 metra fallturn, hringekja, hoppukastali og fleiri skemmtileg leiktæki, bæði úti og inni.
RUGLverð í tívolítæki úti á plani frá fimmtudegi til sunnudags; 30 miðar á aðeins 2000 kr.

**Frítt inn í Krakkahöllina fyrir börn á föstudag og laugardag.**



### RÚMFATALAGERINN

**Flowerline sæng**
Stærð: 135 x 200 sm.



Verð áður: 1.490
**990**
SPARIÐ: 500

### LISTSMIÐJA ART2B



Verð áður: 79.200
**39.600**
SPARIÐ: 39.600

**50% afsláttur af öllum olíumálverkum.**
Mikið úrval í öllum stærðum.

### THE PIER

**Goa**
Hilla úr hnotu.



Verð áður: 4.990
**2.490**
SPARIÐ: 2.500

### ILVA

**2 fyrir 1 af öllum handklæðum**



**tveir fyrir einn**

### BÓNUS

**12 stk. Top-Flite XL 3000 golfkúlur**




**998**
KR. DÓSIN

## Ratleikur

Þeir sem versla á Korputorgi býðst að taka þátt í léttum og skemmtilegum ratleik sem öll fjölskyldan getur keppt í.

Heppnir þátttakendur geta unnið gjafabréf í verslunum Korputorgs.

RÚMFATA LAGERINN HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ | Art2b Listsmiðja | Europris | BÓNUS | KRAKKAHÖLLIN 2-12 ára | TOYS"R"US | the PIER






**Komdu og njóttu góðra veitinga á ILVA kaffi.**

**Ekta danskt**
Brauð með hangikjöti og kaffi
**499 kr.**



## Á RISA sumarhátíð Korputorgs getur fjölskyldan bæði skemmt sér og gert góð kaup. Fjöldi skemmtilegra leiktækja og ótal spennandi tilboð í öllum verslunum Korputorgs.

### EUROPRIS

**Trampólín 1,83m**
Öryggisnet fylgir.



Verð áður: 27.990
**19.990**
SPARIÐ: 8.000

### TOYS'R'US

**14" Disney Prinsessuhjól**



Verð áður: 29.999
**14.999**
SPARIÐ: 15.000

### RÚMFATALAGERINN



Verð áður: 49.900
**39.900**
SPARIÐ: 10.000

**Hawaii garðsett**
Borð + bekkur + 2 stólar

### BÓNUS

**Bónus fimmlaga terta 600g (Vínarterta)**




**298**
KR. PAKKINN

### MERKJAOUTLET

**Herrajakki PVC**
stærðir S-XXL.



Verð áður: 9.995
**6.995**
SPARIÐ: 3.000

### OFFICE 1

**Ferðatöskusett**
4 töskur.



Verð áður: 42.000
**24.990**
SPARIÐ: 17.010

ILVA Office1 MERKJA OUTLET

KORPUTORG

## „ORÐRÉTT“

### Öryggið uppmálað

**„Ég tel mig ekki þurfa neitt Plan-B.“**

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR FORSÆTISRÁÐHERRA ER ÞESS FULLVISS AÐ ICESAVE-SAMNINGURINN VERÐI SAMÞYKKTUR Á ALÞINGI.

**Fréttablaðið 1. júlí**

### Réttlætið

**„Réttlát reiði almennings á Íslandi rís ekki hvað síst af því, að þeir sem brutu svo herfilega af sér gagnvart þjóðinni, fara ekki bara frjálsir ferða sinna, heldur njóta þeir vellystinga af illa fengnum auð sínum á sama tíma og þjóðinni blæðir.“**

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON UM ICESAVE.

**Pressan.is 30. júní**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGI ÞÓR ARASON NEMI OG STARFSMAÐUR SÍMANS

## *Er á leið í háskóla og á von á barni*



„Já, það er bara fullt að frétta af mér þessa dagana,“ segir Helgi Þór Arason. Helgi tók þátt í annarri þáttröðinni af Idol Stjörnuleit árið 2004 með góðum árangri og varð í kjölfarið dagskrárgerðarmaður, fyrst á Skjá einum og svo á FM 957. Undanfarið hefur hann þó einbeitt sér að öðrum hlutum. „Ég er að fara að byrja í háskólanámi í haust og var að klára stúdentinn minn í sumar loksins og ætla í háskóla í haust.“ Helgi tók inntökupróf í sjúkraþjálfun fyrr í sumar og fær að vita niðurstöður prófsins í næstu viku. Hann er þó líka kominn inn í heilbrigðisverkfræði í Háskólanum í Reykjavík og á því eftir að koma í ljós hvert leið hans liggur í haust. Hann var að klára Menntaskólann Hraðbraut. „Það gekk ótrúlega vel miðað við hvað maður er orðinn seinn í tíðinni með þetta, maður er búinn að vera að gera þetta með vinnunni og svona. Það var bara tími til kominn að klára þetta.“

Helgi hefur unnið í næstum þrjú ár hjá Símanum. „Ég er að vinna þar í sumar og verð í því áfram eitthvað með skólanum.“ Aðspurður segist hann nánast alveg hættur að syngja. „Ég syng í einhverjum brúðkaupum og svona hjá þeim sem eru mér næstir en annars er ég bara búinn að vera að einbeita mér að öðru. Maður þarf að velja og hafna.“

Stærstu fréttirnar eru svo þær að Helgi á von á sínu fyrsta barni. „Svo er bara von á erfingja í haust, svo það er nóg að gerast. Þetta eru voða spennandi tímar fyrir mig svona prívat allavega.“

## FRÆG MÁLVILLA
### KLIKKAÐI Á TUNGLINU



■ „That's one small step for man, one giant leap for mankind,“ sagði geimfarinn Neil Armstrong þegar hann varð fyrsti maðurinn til að tylla fæti á tunglið árið 1969. Setningin varð fleyg en inniheldur eina frægustu málvillu allra tíma. Orðin „man“ og „mankind“ merkja nefnilega nánast það sama á ensku sé óákveðna greininum „a“ sleppt. Með því að segja „one small step for man“ en ekki „one small step for *a* man,“ var Armstrong í raun að segja „Þetta er eitt lítið skref fyrir mannkynið, en risastórt stökk fyrir mannkynið“.

## SJÓNARHÓLL
### NÁSTAÐA Í NEVERLAND

## *Myndi frekar kaupa diskana*

„Er þetta eitthvað í ætt við splatterblæti?“ spyr Hildur Lilliendahl, ritstjóri ljóðavefritsins Tíu þúsund Tregawatta, um þá ákvörðun ættingja popparans Michaels Jackson, að hafa lík hans til sýnis á Neverland-búgarði hans í Santa-Barbara. Jackson lést sem kunnugt er fyrir viku síðan.



HILDUR LILLIENDAHL

„Það er kannski ljótt að segja en líklega var þetta hans hlutskipti síðustu árin,“ segir Hildur, „hálfgert lifandi lík til sýnis, mannflakið.“ Hún kann vel að meta tónlist Jacksons, sérstaklega frá fyrri hluta ferils hans, en kveðst líklega ekki myndu gera sér ferð í Neverland til að berja náinn augum ef hún væri í nágrenninu. „Af hverju ætti maður að vilja skoða dauðan afskræmdan mann? Þá myndi ég nú frekar kaupa gömlu diskana hans.“

# Listamiðstöð vildi fá inni í Héraðsskólanum Laugarvatni

**Gullkistan, listamiðstöð fyrir skapandi fólk, hafði áhuga á að starfa í Héraðsskólanum á Laugarvatni. Í umræðunni er hins vegar að setja embætti skipulags- og byggingarfulltrúa á fyrstu hæð hússins.**

Gullkistan, listamiðstöð fyrir skapandi fólk, hafði áhuga á að starfa í Héraðsskólanum á Laugarvatni. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr í mánuðinum er hins vegar til umræðu að setja embætti skipulags- og byggingarfulltrúa byggðasambands uppsveitar Árnessýslu og Flóahrepps á fyrstu hæð hússins. Skólinn er friðaður að hluta.

„Okkar hugmynd var að þetta gæti verið staður þar sem skapandi fólk í list- og fræðigreinum gæti komið saman og unnið sem einstaklingar og í hópum,“ segir Alda Sigurðardóttir, annar aðstandenda Gullkistunnar.

Alda, ásamt Kristveigu Halldórsdóttur, hélt Gullkistuna árið 1995 og 2005 í Héraðsskólanum. Þær hafa frá árinu 2005 unnið að því að koma Gullkistunni í skólann til framtíðar. Áttu þær fund með fulltrúum í menntamálaráðuneytinu og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, fyrrum menntamálaráðherra, þar sem hugmyndin var rædd. Meðferðis höfðu þær stuðningsyfirlýsingu frá Bandalagi íslenskra listamanna og samstarfsyfirlýsingar frá Háskólanum í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

„Allir sem við töluðum við höfðu mikinn áhuga á þessu verkefni. Þau í ráðuneytinu höfðu hins vegar ekki trú á því að þetta gæti gengið fjárhagslega. Þau höfðu meiri trú á því að sveitarstjórnir gætu staðið undir rekstrinum,“ segir Alda.

Arkitekt skoðaði hugmynd Öldu og sagði hana passa eins og hönd í hanska inn í húsið, að sögn Öldu. Ekki væri flókið að breyta skólanum til að laga starfsemina að húsinu. Leggja þarf nýjar raflagnir og endurnýja ljósabúnað fyrir starfsemi skipulags- og byggingarfulltrúa.

„Ég er hrædd um að verið sé að laga húsið of mikið að þessu embætti. Mér finnst mikil synd ef breyta á kennslustofum í skrifstofurými. Húsið á betra skilið,“ segir Alda.

Aðstaða Gullkistunnar núna er í leiguíbúðum hjá byggingarfélagi námsmanna. „Svo erum við með vinnuaðstöðu í öðru húsi,“ segir Alda. Ekki náðist í forsvarsmenn hjá menntamálaráðuneytinu vegna málsins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

vidirp@frettabladid.is



**HÉRAÐSSKÓLINN Á LAUGARVATNI** Ráðist hefur verið í endurbætur á þessu fornfræga húsi sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni og vígt árið 1928. Ytra útlit hússins er friðað sem og stigagangur.

### HÉRAÐSSKÓLINN Á LAUGARVATNI

Héraðskólinn á Laugarvatni var stofnaður árið 1928 og teiknaði Guðjón Samúelsson húsið. Stigagangurinn og húsið að utan voru friðuð árið 2003. Íþróttakennaraskóli Íslands var í héraðsskólanum frá stofnun árið 1932. Eftir að skólahald fluttist í önnur húsakynni á Laugarvatni stóð húsið autt.






Menntamálaráðherra setti Friðarhlaupið á Íslandi í Laugardal í gær:

# Hringur hlaupinn í nafni friðar

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra setti Friðarhlaupið á Íslandi í Laugardal í gærmorgun. Friðarhlaupið er alþjóðlegt kyndilboðhlaup en tilgangur þess er að efla frið, vináttu og skilning.

„Þetta var mjög góð athöfn,“ segir Torfi Leósson, skipuleggjandi hlaupsins á Íslandi. Hlaupið verður hringinn um Ísland frá 1. til 16. júlí. Alls munu þrjátíu sjálfboðaliðar frá fimmtán löndum hlaupa með Friðarkyndilinn ásamt fjölda Íslendinga.

Hlaupinu lýkur 16. júlí við Tjörnina í Reykjavík. Þá mun Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, taka við kyndlinum og segir Torfi að vonast sé til að helstu bakhjarlar hlaupsins í gegnum árin verði viðstaddir, þar á meðal Vigdís Finnbogadóttir sem var verndari hlaupsins um árabil.

Hlaupið var fyrst haldið árið 1987 og hefur Ísland tekið þátt frá upphafi. Talsmaður á alþjóðavettvangi er Carl Lewis, nífaldur Ólympíugullverðlaunahafi. Meðal annarra sem tekið hafa þátt eru Nelson Mandela, Móðir Teresa og Muhammad Ali.

„Friðarhlaupið safnar ekki fé og leitar ekki eftir stuðningi við pólitískan málstað,“ segir Torfi en hann tók sjálfur fyrst þátt í hlaupinu árið 1989, aðeins ellefu ára gamall.

- vsp







**TÁR, BROS OG HLAUPASKÓR** Friðarhlaupið var sett í gærmorgun. Hér sést Þorgrímur Þráinsson hlaupa með Friðarkyndilinn úr Laugardalnum ásamt krökkum af leikjanámskeiði Þróttar og Ármanns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sportbúðin er ódýrari

## og í leiðinni úr bænum

**Besta verðið í bænum**



**Ron Thompson alklæðnaður í veiðina.**
Góðar neoprenvöðlur og vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 40.990. Sumartilboð aðeins 28.980.

**Bæjarins besta verð**



**Lítið dæmi um gott verð.**
Bæjarins langbesta verð. 299 kall stykkið.

**Við erum ódýrari**



**Okuma Airframe fluguhjól.**
Sterk og létt "large arbour" fluguhjól með góðri diskabremsu. Fáanleg í tveim stærðum.
Fullt verð 7.995. Sumartilboð aðeins 4.895.

**Á sjó**



**DAM Power Pirate sjóhjól.**
Vönduð og sterk sjóhjól frá þessum þekkta þýska framleiðanda.
Sumartilboð aðeins 7.995.

**Flugulínur**
á áður óþekktu verði



Flotlínur aðeins 4.995.
Fáanlegar fyrir 5, 6, 7 og 8

**Öruggir stangarhaldarar**



Original Vac Rack
stangarfestingar á tilboði.
Aðeins 9.995

**við erum í leiðinni úr bænum**



**Beitan í veiðina.**
**Makríllinn og ormarnir í veiðitúrinn.**

**5 ókeypis spúnar í kaupbæti**

**Góð kaup**



**Ron Thompson Carbostick kaststöng.**
Vönduð og sterk þriggja hluta veiðistöng.
Sterkur hlífðarhólkur fylgir.
Fullt verð 18.995. Sumartilboð aðeins 13.980.

**Hálfvirði**



**Okuma og DAM veiðihjól.**
**50% afsláttur af völdum hjólum.**
Gott úrval og frábært verð.

**Frábært verð**



Veiðivesti á ótrúlegu verði.
Aðeins frá 2.995

**SPORTBÚÐIN**

**Í leiðinni úr bænum**

**Sportbúðin**
**Ódýra veiðibúðin**

**Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - sportbudin.is**

ICESAVE-GÖGNIN OPINBERUÐ

# Afurð erfiðra samninga

Samkomulag náðist á milli samninganefnda Íslendinga, Breta og Hollendinga í byrjun júní um hvernig ljúka ætti Icesave-málinu. Frumvarp um ríkisábyrgð verður rætt á þingi í dag. Við lestur gagna kemur í ljós að mikið hefur gengið á í viðræðunum.

Samningaviðræður um skuldbindingar Íslendinga vegna Icesave-reikninganna hófust þegar eftir bankahrunið síðastliðið haust. Þegar ljóst var að um gríðarlegar upphæðir væri að ræða, enda höfðu Landsbankamenn staðið fyrir mikilli kynningu á reikningunum svo til alveg fram að falli. Þar sem yfirmenn Landsbankans tóku þá ákvörðun að hafa reikningana ekki í dótturfélögum heldur stofna útibúi um þá var ljóst að ábyrgð á reikningunum lá hjá íslenska tryggingasjóðnum.

Bretar höfðu miklar áhyggjur af verðmætum Landsbankans í Bretlandi. 9. október var Nýi Landsbankinn stofnaður og eignir hér á landi færðar undir hann. Bresk stjórnvöld litu svo á að mikil hætta væri á því að skuldir hjá útibúunum í Bretlandi væru skildar eftir þar, en verðmæti færð yfir í nýja bankann. Eins og sést á umfjöllun hér til hliðar, töldu þeir sig einnig þurfa að óttast að Íslendingar hefðu hagsmuni breskra innistæðueigenda ekki ofarlega í huga við endurskipulagningu nýja bankans.

### Samið um gerðardóm

Á fundi fjármálaráðherra ESB og EFTA-ríkjanna, ECOFIN, sem haldinn var 4. nóvember, varð ljóst að fundarmenn lögðu gríðarlega áherslu á að samið yrði um skuldbindingar vegna Icesave. Á þessum tíma var verið að semja um lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og ljóst var að Bretar og Hollendingar tengdu þetta tvennt saman.

Í frásögn Stefáns H. Jóhannessonar sendiherra af fundinum segir: „Þeir [Hollendingar] væru reiðubúnir til að samþykkja stuðning við Ísland að því gefnu að tvíhliða deilur yrðu leystar.“

Árni Mathiesen fjármálaráðherra sat fundinn fyrir hönd Íslendinga og lagði til að málið yrði sett fyrir Evrópudómstólinn. Því var hafnað og eftir fundarhlé var lagt til að komið yrði á fót fimm manna nefnd, gerðardómi, sem úrskurðaði um málið. Það var samþykkt. Stefán segir frá þessu: „Þegar kom undir lok fundarins tók McCreevy, kommissar innri markaðarins orðið og beindi því til íslenska ráðherrans hvort Íslendingar gerðu sér grein fyrir því að niðurstaða nefndarinnar væri bindandi sem ÁM jánkaði.“

Eftir að Árni sneri aftur til Íslands kom í ljós að ekki var stuðningur í ríkisstjórn við þessa leið og viðsemjendum var tilkynnt um það.

Nefndin vann engu að síður álit sitt sem nú hefur verið gert opinbert. Samkvæmt því lék enginn vafi á ábyrgð Íslendinga vegna innistæðnanna. Ísland yrði að virða hámarkstryggingu hvar í landi sem útibúin væru. „Ísland verður að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að EES-samkomulagið verði virt.“

### Samið við Holland

Þegar ljóst var að Íslendingar myndu ekki standa við yfirlýsingar Árna Mathiesen um gerðardóminn hófust samningaviðræður að nýju. 11. október var undirritað samkomulag við Hollendinga vegna málsins.

Samkvæmt því lánuðu Hollendingar Íslendingum þá upphæð sem þeir sjálfir höfðu þurft að greiða vegna innistæðnanna. Það lán yrði á 6,7 prósent vöxtum og skyldi endurgreiðast á 10 árum. Ekkert yrði þó greitt af því fyrstu 10 árin.

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, skrifaði undir samkomulagið fyrir Íslands hönd. Þegar til kastanna kom varð hins vegar ljóst að enn var ekki samstaða hér á landi um lausn málsins. Því var tilkynnt að ekki yrði staðið við þetta samkomulag.

Þeir samninganefndarmenn sem Fréttablaðið hefur rætt við fullyrða að sú staðreynd að Íslendingar hafi í tvígang hætt við umsamdar sáttatillögur hafi gert mönnum þungt undir fæti í áframhaldandi viðræðum.

### Bretar fastir fyrir

Þegar leið að og fram yfir áramót jókst pólitískur órói á Íslandi. sem endaði með falli ríkisstjórnarinnar. Ný ríkisstjórn skipaði nýja samninganefnd í febrúar og viðræður hófust að nýju.




**ICESAVE MÓTMÆLT** Sitt sýnist hverjum um skuldbindingar Íslendinga vegna Icesave-reikninganna. Alls söfnuðust á þá um 1.244 milljarðar króna á núverandi verðlagi. Á annað hundrað viðskiptavina voru í Hollandi, en reikningar þar voru opnaðir í maí 2008, nokkrum mánuðum fyrir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðsemjendur Íslendinga vitnuðu í samningana sem náðust við Hollendinga og þeirra kjara sem þar var að finna. Á gögnum má sjá að Bretar héldu lengi í vaxtatöluna 6,7 prósent og töldu Íslendinga ekki myndu eiga í vandræðum með að greiða af láninu.

Svavar Gestsson, formaður samninganefndarinnar, ritaði þeim bréf 4. maí þar sem áhyggjum var lýst af því að Ísland réði illa við skuldbindingarnar. Mikil andstaða væri innanlands gegn samningunum og litlar líkur væru á að þingið samþykkti samning sem hljóðaði á yfir 40 prósent af vergri landsframleiðslu.

Í svarbréfi Bretanna, frá 15. maí, er furðu lýst á því að verið sé að leggja til nýjar leiðir svo seint. Í október hefðu línur verið lagðar í samningum sem ætti að halda sig við. Í bréfinu segir að í nóvember hafi verið gert ráð fyrir að eignir Landsbankans stæðu undir 50 prósentum af kröfunum. Nú væri ljóst að sú tala yrði hærri og því ætti Ísland að ráða við þessar skuldbindingar.

Samningaviðræður héldu áfram og lauk sem fyrr segir í byrjun júní. Nú er Alþingis að ákveða hvort Bretar og Hollendingar muni gefa meira eftir en þeir hafa nú gert.



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is



ENNEMM / SÍA / NM38315

ICESAVE-GÖGNIN OPINBERUÐ

Bretar settu hryðjuverkalögin til að verja milljarðahagsmuni:

# Bretar óttuðust mismunun

Bresk stjórnvöld frystu eignir Landsbankans í Bretlandi 8. október. Í skjölum frá breska fjármálaeftirlitinu má sjá að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að stofna nýjan banka utan um íslenska starfsemi en skilja þá erlendu eftir í gamla bankanum, sem tekin var daginn eftir, staðfesti grun Breta um að hagsmunir þeirra yrðu fyrir borð bornir. Í bréfi, sem ritað er 20. maí 2009, eru færð rök fyrir setningu laganna og því að ekki sé tímabært að afnema þau.

Þar segir að helsta ástæða fyrir frystingu eignanna hafi verið sú trú að íslensk stjórnvöld myndu mismuna innistæðueigendum með því að nýta eignir Landsbankans til að vernda þá íslensku. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda myndu draga úr trausti innistæðueigenda, ekki bara hjá Landsbankanum heldur almennt. Þetta gæti orðið til þess að breska bankakerfið þyrfti að koma sér upp auknum tryggingum. Allt þetta yrði til að valda tjóni á breskum efnahag. Því hafi verið nauðsynlegt að beita frystingu til að verja milljarðahagsmuni.

Í bréfinu er rökstutt að ekki séu forsendur fyrir því að aflétta lögunum. Ljóst sé að skilanefnd gamla Landsbankans hafi ekki hagsmuni allra kröfuhafa í huga í sínum störfum, þar halli á þá sem ekki séu íslenskir. Þá er kvartað yfir skorti á úthugsaðri áætlun um uppgjör bankans og því að kröfuhafar geti komið að því starfi.

Afborganir og vextir af skuldum ríkissjóðs verða hæst 3,7 prósent:

# Afborganir Icesave hefjast 2016

Afborganir og vextir vegna Icesave-samningsins verða aldrei hærra hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) en árið 2016, þá verða þau 3,7 prósent. Samtals munu greiðslur af öllum skuldum það ár nema 11,6 prósentum af VLF. Árið 2011 nema afborganir og vextir af öllum skuldum ríkisins 23,5 prósentum af VLF.

Núvirtar skuldbindingar vegna Icesave-lánanna eru um fjórðungur af skuldum ríkissjóðs, þegar frá eru talin lán sem tengjast fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Í samningnum er gert ráð fyrir því að hægt sé að greiða inn á lánið í stórum skömmtum og hafa stjórnvöld lýst því yfir að náist lán á hagstæðari vöxtum á þessum tíma verði það gert. Því gætu upphæðir afborgana breyst.

## Afborganir og vextir af skuldum ríkissjóðs

Hlutfall af vergri landsframleiðslu




## Hlutfall reikninga með innistæður yfir hámarksábyrgð innistæðusjóðs




## Alls 1.244 milljarðar króna á Icesave



**HALLDÓR J. KRISTJÁNSSON OG SIGURJÓN Þ. ÁRNASON** Bankastjórar Landsbankans voru ánægðir með Icesave.

Heildarfjárhæð Ivecave-reikninganna í Hollandi var tæplega 1,7 milljarðar evra og í Bretlandi um 4,5 milljarðar punda; alls um 1.244 milljarðar króna á núverandi gengi. Í Hollandi voru flestir reikningarnir með upphæðum undir lögbundinni tryggingu, sem nemur 20.887 evrum. Af 1.674 milljón evrum stóðu 345 milljón evrur út af eftir að Hollendingar höfðu sjálfir greitt trygginguna.

Í Bretlandi var staðan allt önnur, því þar stóð næstum helmingur heildarfjárhæðarinnar utan ábyrgðar Tryggingarsjóðs innistæðueigenda. Á reikningunum voru 4.527 milljónir punda, en utan stóðu 2.176 milljónir. Sú staðreynd kann að skýra hve Bretar voru harðir í samningaviðræðum. Mun fleiri töpuðu miklum fjármunum þar í landi en í Hollandi, að ekki sé talað um Þýskaland þar sem eignir og skuldir komu út svo að segja á sléttu.

„Það eina sem ég þarf að gera er að kíkja í lok dags hvað er kominn mikill peningur inn,“ sagði Sigurjón hlæjandi í viðtalinu áður en hann tók símann upp og hringdi til að fá að vita hversu miklir fjármunir væru komnir inn á Icesave-reikningana og bætti svo við „Það bættust við fimmtíu milljónir punda bara á föstudaginn.“ *Úr helgarviðtali í Markaðnum í febrúar 2007.*



Vill að slakað verði á lögum um ættleiðingar:

# Sautján ára ferli í Kína

Hörður Svavarsson, formaður Íslenskrar ættleiðingar, segir ættleiðingum hér hafa fækkað meira en í nágrannalöndunum. Úrræði séu fjölbreyttari ytra.

Frá því hefur verið sagt að biðtími eftir barni hefði lengst í um fjögur á og virðist enn lengjast. Dómsmálaráðherra sagði ættleiðingarfélaganna að afla nýrra sambanda við útlönd. Hörður telur hins vegar að innlendar hindranir tefji. Félagið hefur óskað eftir því við dómsmálaráðuneytið að slakað verði á lögum til að greiða fyrir ættleiðingum. Hörður segist vilja breyta reglum þannig að hægt sé að vera á biðlista í tveimur löndum, líkt og hægt sé annars staðar. Einnig að hámarksaldri verði breytt, en hann er 45 ára. Um 30 hjón á biðlista eru að detta út vegna aldurs.

„Afgreiðslutími í sumum löndum er þó mjög langur. Þannig er biðtími umsókna í Kína 17 ár miðað við hve hægt ferlið er.“ Reglur voru hertar nýlega. Stysti biðtími félagsins er eftir kínverskum börnum sem eru á lista yfir börn með sérþarfir. Biðtíminn er um tvö ár.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra segir að verið sé að skoða leiðir þannig að tilviljun ráði því ekki hvort maður hafi gilt forsamþykki. Ekki á þó að hækka hámarksaldurinn. **- vsp**

FBL-GREINING: FLUGVÉLAFRAMLEIÐANDINN AIRBUS

# *Framleiðir stærstu flugvél í heimi*

**Hver er aðdragandi stofnunar Airbus og hvar eru höfuðstöðvar félagsins?**
Airbus var formlega stofnað árið 1970 af franska fyrirtækinu Aerospatiale og þýska fyrirtækinu Deutsche Airbus. Upphaflega bar félagið heitið Groupement d'Interet Economique. Félagið var stofnað að undirlagi yfirvalda í Bretlandi, Þýskalandi, og Frakklandi. Fleiri fyrirtæki bættust við á næstu árum til dæmis spænska félagið CASA og British Aerospace. Árið 1974 voru höfuðstöðvar félagsins fluttar til Toulouse í Frakklandi. Eftir flutninginn voru flugvélapartar framleiddir hjá dótturfélögum fyrirtækisins um gjörvalla Evrópu og fluttir til Frakklands þar sem flugvélarnar voru settar saman.

**Hvaðan kemur nafnið Airbus og hvers vegna var félagið stofnað?**
Nafnið Airbus var í fyrstu notað í flugvélaiðnaðnum á sjöunda áratug síðustu aldar til að lýsa farþegaflugvélum almennt. Upphaflega markmið félagsins var að fylla það gat í flugvélaiðnaðnum sem bandarískir framleiðendur höfðu skilið eftir. Félagið byggði flugvélina A300, sem var fyrsta stóra farþegavélin með tveimur vélum, árið 1970.

**Hver er stærsta og þekktasta flugvél Airbus?**
Airbus A380 er stærsta flugvél félagsins og sú stærsta í heimi. Fyrsta farþegaflug vélarinnar fór fram árið 2007 frá Singapore til Sydney. Vélin er á tveimur hæðum með fjórar vélar og getur tekið allt að 853 farþega. Vélin var þekkt á framleiðslustigi sem Airbus A3XX auk þess að fá gælunafnið „superjumbo“ vegna þess hve stór hún var. Alls hafa verið framleiddar 32 Airbus A380 vélar og eru mestmegnis notaðar af þremur flugfélögum, Singapore Airlines, Emirates og Qantas.





Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið


FRÉTTASKÝRING: Sjófuglar við Ísland

# Stofnar sjófugla í vanda

**Undanfarin ár hafa reglulega borist fréttir af lélegri afkomu sjófugla og kríu hér við land og annars staðar við N-Atlantshaf. Varp hefur víða misfarist, fuglinn er illa á sig kominn og margt bendir til að horfurnar séu slæmar þar sem æti fuglsins virðist horfið af stórum svæðum.**

Samþykkt var í gær að veiðar á lunda yrðu takmarkaðar við aðeins fimm veiðidaga í Vestmannaeyjum í sumar. Samkvæmt rannsóknum er stofninn ekki lengur sjálfbær og hann uppfyllir skilgreiningar Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) um fugla sem beri að setja á válista. Fuglinn er eftir þeirra skilgreiningum „í yfirvofandi hættu“. Nú sem fyrr er stærsti varpstofn lunda í heiminum í eyjunum og er áætlaður 704 þúsund pör. Varp þessara fugla hefur hins vegar brugðist undanfarin fjögur ár og illa horfir með varpið í sumar.

**Útlitið svart**

Varpstofn lunda er fimm ára fugl og eldri en veiðistofninn er geldfuglinn sem er tveggja til fjögurra ára. Helstu niðurstöður Erps Snæs Hansen, sviðsstjóra hjá Náttúrustofu Suðurlands, og Arnþórs Garðarssonar prófessors á aldursgreiningu lundastofnsins í Eyjum sýna að veiðistofninn er að mestu horfinn í kjölfar lélegrar nýliðunar undanfarinna ára. Að þeirra mati hefur viðkomubrestur aldrei áður verið eins mikill og langvinnur. Því megi leiða að því rök að lundastofninn í Eyjum hafi minnkað um 25 prósent á þessum tíma. Varla þarf að eyða á það mörgum orðum að varpstofn næstu ára er ekki til staðar og því lítil von á viðsnúningi hjá stofninum á næstunni, enda mæla Erpur og Arnþór með því að veiði verði bönnuð þangað til að tveir árgangar yfir meðallagi að stærð hafi náð tveggja til þriggja ára aldri. Þá á eftir að koma í ljós hvort sandsílið, sem er uppistaðan í fæðu sjófugla við Suðurland, nái sér á strik og komi til með að standa undir eðlilegri nýliðun sjófugla.

**Fleiri stofnar í lægð**

Lundinn er merkisberi þeirra stofna sjófugla sem hafa minnkað áberandi mikið á undanförnum árum. Hins vegar sýna talningar að auk lundans eru fjölmargar aðrar tegundir í vanda. Arnþór Garðarsson stjórnaði talningum, sem hópur vísindamanna kom að, á árunum 2005 til 2008 og voru endurtekningar talninga frá 1983 til 1986. Helstu niðurstöður sýna að fuglastofnar höfðu minnkað og sumir þeirra verulega. Þannig var stuttnefjustofninn ekki nema 56 prósent af fyrri stærð í nýju talningunni. Langvíustofninn var 70 prósent af fyrri stærð. Fækkun í stofnunum var greinilega ólík á milli landshluta en fugladauði og viðkomubrestur hefur ekki náð til landsins í heild á undanförnum árum. Reyndar hefur varp gengið vel norðanlands hjá einstökum tegundum þegar fuglinn hrynur niður syðra.

**Krían**

Krían á einnig undir högg að sækja, enda sækir hún í sandsíli eins og sjófuglinn. Stærsta kríuvarp á Íslandi hefur verið á háhitasvæðum á Reykjanesi en var ekki svipur hjá sjón í fyrrasumar. Sögðu heimamenn að þar sem áður voru þúsundir kríuhreiðra væru aðeins nokkur hundruð.

Nýlega greindi Fréttablaðið frá því að Ævar Petersen, fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, hefði nýlega lokið við árlegar rannsóknir sínar í Flatey. Hann segir að síðustu þrjú ár hafi verið krúnni afar erfið og varpið sé ekki nema um helmingur þess sem það var fyrir nokkrum árum. Hann segir ekkert vitað með vissu hvað valdi en flest bendi til þess að fækkunina megi rekja til skorts á sandsíli.

Hann segir þetta bága ástand sjófuglanna ekki einskorðast við Ísland. „Þetta er eitthvað sem virðist vera að gerast ansi víða í Norðaustur-Atlantshafi; frá Grænlandi, suður til Færeyja og Bretlands og svo austur til Noregs og allt þar á milli.“

**Sandsílið**

Almennt telja sérfræðingar að varp sjófugla sé lélegt á flestöllum þeim svæðum þar sem fuglinn reiðir sig á sandsíli sem æti. Árlegar sandsílarannsóknir Hafrannsóknastofnunar bentu til þess í fyrra að tvo árganga vantaði að miklu leyti í stofninn sem sjófuglar fyrir Austur-, Suður- og Vesturlandi reiða sig á. Varp sjófugla fyrir Norðurlandi virtist hins vegar ganga betur þar sem loðna er aðal ætið. Ástandið, þar sem fugl reiðir sig á sandsíli, virðist vera best á Austurlandi. Í Papey var kríu- og lundavarp með mesta móti sumarið 2008; að sögn þeirra er dvalið hafa þar yfir sumartímann undanfarin ár. Því virðist vera meira æti við austurströndina sem skýrist af því að sjórinn fyrir austan er heldur kaldari en við suðurströndina og hefur það áhrif á fæðuframboðið.

**Ekki einfalt mál**

Flestir eru sammála um það að viðamikilla rannsókna sé þörf á lífríkinu til að komast að því hvað er að gerast hjá stofnum sjófugla og ætis þeirra í hafinu. Ljóst er þó að gagnaskortur háir rannsóknum, eins og Ævar Petersen bendir á. Hann situr fyrir Íslands hönd í sérfræðingahópi Norðurskautsráðsins um vernd lífríkisins (CAFF) sem varpa á ljósi á þessa þróun.

Ekki eru þó allir sammála því að rannsókna sé þörf. Málið liggi nokkuð ljóst fyrir. Jón Kristjánsson fiskifræðingur segir að ástæða þessa alls sé hungur vegna ofbeitar. Jón hefur skrifað um efnið um árabil. Hann sagði í grein árið 2002: „Það sem gerist er að mikil mergð fiskjar étur upp fæðudýrin, aféta fuglinn, svelt-ur síðan sjálfur og drepst. Þetta heitir að éta sig út á gaddinn og fuglinn verður óumbeðið fórnardýr.“ Hann segir að rangri fiskveiðistjórn, samdrætti veiða til að byggja upp fiskistofna, sé um að kenna. Ástand sjófuglastofna séu rök fyrir því að veiða meira af þeim tegundum fiskjar sem keppa um fæðuna við fuglinn.

Jón vill að hlustað sé á fólkið sem lifir við hafið og af nytjum þess. Hann vitnar til viðtals við Hafstein Guðmundsson í Flatey í Brimfaxa, tímariti Landssambands smábátaeigenda, árið 2004: „Hér áður fyrr þóttu mikil hopp þegar fiskigöngur komu inn í fjörðinn. (...) Hér er fjörðurinn fullur upp að öllum nesjum sem er nánast það versta sem komið getur fyrir því þorskurinn er búinn að klára allt æti. Sandsíli hefur ekki komið frá botninum upp í yfirborðið síðastliðin sex ár, þar sem það myndaði torfur sem fuglinn sótti í.“



**LUNDABYGGÐ** Varp sjófugla hefur víða misfarist á undanförnum árum og stofnar þeirra minnka jafnt og þétt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SVARTFUGLAR OG AÐRIR SJÓFUGLAR

- Svartfuglar tilheyra ættbálki strandfugla (Charadriiformes) og teljast allir til svartfuglaættar (Alcidae).
- Á Norður-Atlantshafi eru þekktar sex tegundir og verpa þær allar á Íslandi.
- Þessar tegundir eru langvía, stuttnefja, álka, teista, haftyrðill og lundi.
- Svartfuglar halda til á rúmsjó og í sjávarbjörgum allan ársins hring. Fuglarnir eru vænglitlir, þungir til flugs með fætur mjög aftarlega á búk eins og títt er um fugla sem kafa eftir æti. Þeir verpa allir einu eggi, nema teista sem oftast verpir tveimur eggjum.
- Nafnið sjófuglar á við fugla sem lifa í nánum tengslum við sjóinn. Fæða þeirra er að mestu eða öllu leyti sjávarfang og varpstöðvar eru yfirleitt við strandlengjuna.
- Við Íslandsstrendur lifa um 30 tegundir sjófugla sem beita mismunandi aðferðum til fæðuöflunar. Fæða þessara fugla getur verið úrkast frá bátum, loðna, síli, sviflæg krabbadýr eða annað dýrasvif.




FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is




TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 094555a

# Fjórfaldir

## Vildarpunktar 2.–6. júlí

ofan á stimplasöfnun, glaðninga og möguleika á risavinningum

**Vikulegir vinningar**

dregnir út á Bylgjunni

- Nokia 5800 XpressMusic
- Vildarpunktar Icelandair
- Eldsneytisúttektir

**Aðalvinningar í lok sumars**

- VIP-miðar fyrir 4 á heimaleik Liverpool á Anfield ásamt 168.000 Vildarpunktum Icelandair
- Baotian vespa
- Ferð til London fyrir 2 með Icelandair ásamt gistingu í 3 nætur

Dagana 2.–6. júlí fá meðlimir í Vildarklúbbi Icelandair fjórfalda Vildarpunkta þegar verslað er hjá Olís. Ævintýraeyjan er auk þess í fullum gangi. Þú safnar stimplum í Ævintýrakortið, færð glaðning við hvern stimpil og getur átt von á risavinningi.

Safnaðu stimplum í allt sumar og fáðu glaðning í leiðinni!

olís

NOKIA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**TOPPUR 2 LTR.** *VENJULEGUR OG SÍTRÓNU* **98 kr.**

**COKE EÐA COKE LIGHT** *4 STK. 2 LTR. FLÖSKUR Í KIPPU* **598 kr.**

# SÉR VÖRUR Í BÓNUS




**179**

**HEINZ TÓMATSÓSA 567g 179 kr.**




**398**

**KOOPMAN VATNSBRÚSI 15 ltr. 398 kr.**



**298**

**KOOPMAN PLASTSKÁL 25 cm 298 kr.**



**198**

**KOOPMAN ANTI-SLIP MOTTUR 198 kr.**




**398**

**KOOPMAN SVAMPSESSA 398 kr.**



**298**

**KOOPMAN SIPPUBAND 210 cm 298 kr.**




**898**

**ELITESSE SÚKKULAÐIKEX 20 STK. 898 kr.**




**498**

**GÓU ÞRENNAN ÞRÍR KASSAR 200g 498 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

# HAMBORGARI Í BRAUÐI 150 KR.



**BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ XL 4 STK 120 kr**
**K.F HAMBORGARAR 10 STK- 120G 1199 kr.**

# BÓNUSPYLSA Í BRAUÐI 50 KR.



**BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr**
**BÓNUS PYLSUR 629 kr/kg.**
*PYLSA Í BRAUÐI ÁN MEÐLÆTIS CA 50 KR.*




**69**
69 kr. 1/2 ltr.




**1298**
**N.F GRILL TERIYAKI BLEIKJUBITAR**
*beinlausir m.roði* **1298 kr./kg.**




**40%**
**AFSLÁTTUR**
**ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**
*MERKT VERÐ 998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR*
**598 kr./kg.**




**69**
69 kr. 1/2 ltr.




**1298**
**F.O GRILLFISKUR VIKUNNAR**
**STEINBÍTUR: FIÐRILDI 1298 kr./kg.**




**40%**
**AFSLÁTTUR**
**ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**
*MERKT VERÐ 2998 KR. 40% AFSLÁTTUR* **1798 kr./kg**




**69**
69 kr. 1/2 ltr.




**298**
**BÓNUS FIMM-LAGA-TERTA**
**(VÍNARTERTA) 600g 298 kr.**



**1198**
**FROSNAR GRÍSALUNDIR INNFLUTTAR 1198 kr./kg.**

**PEPSI - PEPSI MAX -**
**EGILS APPELSÍN**
*500 ml/ 1/2 ltr.* **69 kr**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR** VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

## Útgjöldin

> Gistinætur Íslendinga og útlendinga á tjaldsvæðum, hótelum, gistiheimilum, farfuglaheimilum, svefnpokaplássum og orlofsbyggðum árið 2008.




HEIMILD: HAGSTOFA

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** SIGURLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR, Í ATVINNULEIT

## *Ekki fleiri jogginggalla á hundinn*



„Bestu kaupin mín eru hundurinn minn, hann Fróði. Hann var keyptur frá hundaræktun á Hvolsvelli fyrir fjórum árum og er algjört krútt,“ segir Sigurlaug Kristjánsdóttir, sem er í atvinnuleit eins og stendur.

Sigurlaug borgaði 180.000 krónur fyrir papillon-hundinn Fróða og segist ekki sjá eftir einum eyri. „Hann hefur margborgað sig hann Fróði, enda er hann svo góður og skemmtilegur félagi.

Þegar ég eignaðist dóttur mína höfðum við dálitlar áhyggjur af því að Fróði yrði afbrýðisamur, en sambúðin hefur gengið ljómandi vel og hann passar vel upp á litlu systur sína.“

Verstu kaup Sigurlaugar tengjast bestu kaupunum órjúfanlegum böndum. „Það eru öll þessi föt sem ég hef keypt á dýrið í gegnum tíðina, jogginggallar, regngallar, rykfrakkar og ég veit ekki hvað og hvað. Fróði hefur auðvitað engan áhuga á að klæðast þessu, enda er hann hundur. Þegar ég hef reynt að klæða hann í föt lyppast hann bara niður og augnaráðið segir: „Hvað ertu að gera mér?“

Ég er reyndar hætt að kaupa föt á Fróða og hef selt öll gömlu fötin, þannig að mér tókst að koma þeim í verð, sem er jákvætt,“ segir Sigurlaug Kristjánsdóttir.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SORBET Í SUMARHITA

■ *Óbrigðult ráð í sumarhitanum er heimalagaður krapís, eða sorbet, segir Ölvir Gíslason, leikjahönnuður og athafnamaður.*



Sorbet er í grunninn sykur og vatn. „Ég bæti þeyttum eggjahvítum út í, upp á áferðina. Svo má setja rifsber til að fá fallegan bleikan lit og dreifa lakkrís yfir. Þá ertu kominn með Spurt að leikslokum-litina, og passar vel að bera þetta fram með spilinu,“ segir Ölvir sem setti þann spurningaleik nýlega á markað. „Spilið vinnur bug á leiðindum líka og sé kalt í tjaldinu er ágætt að spila það hratt. Dugi það ekki til skal spilað vafinn í teppi og með flóaða mjólk í bolla, við kvefinu.“


# Lagersala

## 20-75% afsláttur




SÝNINGARINNRÉTTING
GRANÍTVASKAR OG STÁLVASKAR
GASHELLUBORÐ
INNBYGGÐIR KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR
HÁFAR Á VEGG OG YFIR EYJUR
OFNAR OG GASELDAVÉLAR

Frábært tækifæri til að eignast glæsileg heimilistæki á frábæru verði. Takmarkað magn af sýningar- og lagertækjum ásamt lítið útlitsgölluðum tækjum.

**Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur heimilistæki á tækifærisverði.**

General Electric elica Collection LIEBHERR smeg Miele

EIRVÍK -*hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


# American Express með dýrustu kreditkortin

**Árgjöld hjá American Express eru þau hæstu hjá innlendum kreditkortafyrirtækjum. Einnig er dýrast að taka út í hraðbanka hjá American Express.**

Árgjald á ódýrasta kreditkorti American Express á Íslandi, Classic Icelandair American Express, er 5.200 krónur. Á ári kostar 32.500 krónur að vera með Business Icelandair American Express kort. Þetta er töluvert dýrara en hjá öðrum fyrirtækjum. Framkvæmdastjóri Kreditkorts hf. segir ástæðuna vera að kortin séu hlaðin fríðindum og þau séu í „raun ódýrari“. Sjá nánar í hliðarefni.

Til samanburðar er árgjald Svarta kortsins hjá Landsbankanum 2.900 krónur og árgjald á almennu Visa korti í Kaupþingi 2.000 krónur. Platinum kort Landsbankans og Kaupþings kosta hins vegar 19.500 krónur á ári. Árgjald almenns Visa korts hjá Íslandsbanka er 2.600 krónur. Visa Platinum kort kostar það sama á ári og hjá hinum bönkunum, 19.500 krónur. Stofngjald hjá fyrirtækjunum er 1.000 krónur hjá flestum.

Fyrir úttekt í hraðbanka rukkar Íslandsbanki 110 kr. í úttektargjald og tekur 1,45 prósent af þeirri upphæð sem út er tekin í þóknun. Úttektargjald hjá Landsbankanum er 115 kr. og þóknun 2,15 prósent af úttektarupphæð. Fyrir hraðbankaúttekt hjá American Express er tekið lágmark 650 kr. í úttektargjald og 3 prósent af úttektarupphæð. Kaupþing tekur 110 kr. í gjald og 2,2 prósent þóknun.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir að American Express hafi auglýst grimmt að viðskiptavinir þeirra safni miklu fleiri punktum.

„Samkvæmt þessu fer glansinn hins vegar svolítið af hjá þeim,“ segir Jóhannes. Neytendasamtökin hafa ekki skoðað þetta að ráði, að sögn Jóhannesar, en hann útilokar ekki að það verði gert.

„Ég hvet neytendur til að gera samanburð og ég ítreka það sem ég hef oft sagt áður: Látið ekki punktana blinda ykkur, skoðið dæmið til enda,“ segir Jóhannes.

American Express er á vegum fyrirtækisins Kreditkort hf. Fyrirtækið er í meirihlutaeigu Íslandsbanka. Aðrir hluthafar eru Landsbankinn og ellefu sparisjóðir. Í stjórn sitja þrír fulltrúar Íslandsbanka, einn fulltrúi frá Landsbankanum og einn frá Sparisjóðunum. vidirp@frettabladid.is




**ALLT TEKIÐ** Hér getur að líta öll þau kort sem hægt er að fá á Íslandi. Myndin er tekin á Times Square. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## ÁRGJÖLD OG HRAÐBANKAÚTTEKTIR

| Kreditkort | Árgjald í kr. |
|---|---|
| Classic American Express | 5.200 |
| Business American Express | 32.500 |
| Premium American Express | 32.500 |
| Svarta kortið Landsbanki | 2.900 |
| Farkort Landsbanki | 5.300 |
| Gullkort Landsbanki | 8.900 |
| Platinum Landsbanki | 19.500 |
| Alm. Visa Kaupþing | 2.000 |
| Kortið Kaupþing | 4.400 |
| Platinum Kaupþing | 19.500 |
| Plat. e-kort Kaupþing | 22.500 |
| Alm. Visa Íslandsbanki | 2.600 |
| Atlaskort Íslandsbanki | 5.500 |
| Svarta kortið Íslandsbanki | 4.200 |
| Platinum Íslandsbanki | 19.500 |

**Hraðbankaúttektir**

| Fyrirtæki | Gjald | Þóknun |
|---|---|---|
| American Express | 650 kr. | 3% |
| Íslandsbanki | 110 kr. | 1,45% |
| Landsbanki | 115 kr. | 2,15% |
| Kaupþing | 110 kr. | 2,2% |

## HÁTT KORTAGJALD VEGNA FRÍÐINDA

„Ástæðan fyrir því að árgjaldið er svona hátt á kreditkortinu er sú að það er hlaðið fríðindum,“ segir Viktor Ólason, framkvæmdastjóri Kreditkorts hf. Hann segir kortin aðallega hugsuð fyrir fólk sem ferðast mjög mikið. „Ef þú reiknar út hvað þú færð á móti eru þetta í raun ódýrari kort. Fólk er miklu fljótara að safna punktum.“

Ástæðan fyrir háum hraðbankagjöldum er sú að Kreditkort hf. hefur ekki eigin aðgang að hraðbanka, að sögn Viktors. „Við verðum að kaupa okkur aðgang að hraðbönkunum og þeir eru með sínar eigin gjaldskrár fyrir það,“ segir Viktor.

Aðspurður segir Viktor að enginn afsláttur sé gefinn hjá hraðbönkum Íslandsbanka, þrátt fyrir að Kreditkort hf. sé í meirihlutaeigu bankans. „Við erum í raun í samkeppni við alla bankana þó það séu sömu eigendur,“ segir Viktor.


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





Baldvin Már Frederiksen málarameistari

# Sérfræðingar í útimálningu fyrir íslenskar aðstæður

*„Ég hef ekki notað annað í mörg ár en Þol þakmálningu og Akrýlþol á bárujárnsþök og bárujárnsveggi. Ég hika ekki við að segja að þú færð ekki betri útimálningu fyrir íslenskar aðstæður."*
*Baldvin Már Frederiksen, málarameistari*




**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptúni • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Snæþvottur, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur, byggingavöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði BYKO Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • Öxull, Grindavík

málning
-það segir sig sjálft-

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 17 **Velta:** 56,5 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 264 **+0,90X%**

**OMX ÍSLAND 6** 748 **+0,5%**

MESTA HÆKKUN: **MAREL** **+3,03%**

MESTA LÆKKUN: **ENGIN**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 159,00 -1,85% ... Atlantic Petroleum 475,00 +0,00% ... Bakkavör 1,17 -1,68% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,50 +0,00% ... Føroya Banki 122,00 +0,00% ... Icelandair Group 4,75 +0,00% ... Marel Food Systems 54,40 +3,03% ... Össur 115,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Eimskip af markaði*

Eimskipafélag Íslands lagði fram beiðni um heimild til nauðasamningsumleitana hjá Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Félagið óskaði jafnframt eftir því í gær við Nasdaq OMX Ísland að hlutabréf og aðrir fjármálagerningar félagsins yrðu teknir úr viðskiptum í kauphöll Nasdaq OMX á Íslandi. Hluthafar Eimskips eru í dag 20.000 talsins.

Félagið tapaði 214,5 milljónum evra, jafnvirði 38,5 milljarða króna, á öðrum ársfjórðungi. Þetta er rúmlega tvöfalt meira tap en á sama tíma í fyrra.

Á aðalfundi félagsins var tilkynnt að nýtt félag yrði stofnað, Eimskip Ísland, sem yfirtæki kjarnarekstrur gamla félagsins. Bandaríska fjárfestingarfélagið The Yucaipa Companies eignast um 32 prósenta hlut í nýja fyrirtækinu gegn yfirtöku skulda dótturfélags Eimskipafélagsins. Skilanefnd gamla Landsbankans mun eignast fjörutíu prósenta hlut í félaginu og nýi bankinn fimm prósent. Fimmtíu aðrir lánardrottnar, þar á meðal íslenskir lífeyrissjóðir, eignast 23 prósent í nýja félaginu.

**- bþa**

## Arnór tekinn við embætti

Arnór Sighvatsson er formlega tekinn við embætti aðstoðarseðlabankastjóra. Arnór var skipaður í embættið af Jóhönnu Sigurðardóttur frá og með 1. júlí. Arnór er þó ekki í raun að taka við nýju starfi þar sem hann hefur gegnt því embætti frá því í vetur er hann var skipaður til bráðabirgða. Arnór var áður aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands.

Már Guðmundsson sem nýlega var skipaður seðlabankastjóri mun hins vegar ekki taka við fyrr en þann 20. ágúst næstkomandi. Svein Harald Øygard, settur seðlabankastjóri, mun gegna embættinu fram að þeim tíma.

**-bþa**

# Eiga tvöfalt fleiri íbúðir og lóðir

Landsbanki Íslands á 138 fasteignir, 105 sumarhúsalóðir og 7 sumarhús. Áætlað markaðsverð eignanna er um 3,500 milljónir króna. Þetta kemur fram í svari Landsbankans við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Athyglisvert er að Landsbankinn á meira en tvöfalt fleiri íbúðir en hinir tveir ríkisbankarnir til samans. Á mánudaginn var greint frá því í Fréttablaðinu að Nýja Kaupþing og Íslandsbanki eigi til samans 109 íbúðir, 34 sumarhúsalóðir og 17 sumarhús. Landsbankinn á því 19 fleiri íbúðir og 61 fleiri sumarhúsalóðir en Nýja Kaupþing og Íslandsbanki samanlagt.

Heildareign ríkisbankanna þriggja, Nýja Kaupþings, Íslandsbanka og Landsbanka, er því 147 íbúðir, 139 sumarhúsalóðir og 24 sumarhús. Meðal annarra eigna bankanna eru 70 bílar, 3 hesthús, 3 íbúðahúsalóðir, 4 iðnaðarhúsnæði og 13 verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Íslandsbanki og Nýja Kaupþing gáfu ekki upp heildavirði eigna sinna.

„Bankinn hefur tekið yfir fleiri eignir síðustu mánuði í kjölfar versnandi efnahagsástands, einkum hefur aukist yfirtaka á sumarhúsalóðum. Allar eignir eru vegna lánveitinga þar sem eignirnar voru settar að veði fyrir lánum,“ segir í svari Landsbankans.

**- bþa**



# Norrænt lán með breytilegum vaxtakjörum

**Skrifað undir lánasamning að andvirði 2,5 milljarða dala. Lánið ber breytilega vexti auk 2,75 prósentustiga álags. Greiðum einungis vexti af láninu næstu 5 ár.**

Í gær var skrifað undir samning við Svía, Norðmenn, Dani og Finna um lán að andvirði 2,5 milljarðar dala eða um 320 milljarðar króna. Fjármálaráðherrar Norðurlandanna hétu stuðningi við Ísland í nóvember síðastliðnum en loks var skrifað undir samning þess efnis í Stokkhólmi í gær.

Lánið ber breytilega þriggja mánaða Euribor-vexti auk 2,75 prósentustiga álags. Euribor-vextir eru þeir vextir sem evrópskir bankar nota í lánum sín á milli. Vextirnir taka breytingum daglega og ráðast af framboði og eftirspurn á markaði. Euribor-vextir eru nú 1,0875 prósent og því eru heildarvextir nú af láninu, að meðtöldu álagi, 3,835 prósent.

Í tilkynningu forsætisráðuneytisins í gær er þess getið að eftir undirskrift þessa samnings verði þess freistað að ná samningum við Rússa og Pólverja um gjaldeyrislán. Rússar og Pólverjar gáfu fyrirheit



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Lánið frá Norðurlöndunum er til tólf ára einungis eru greiddir vextir af láninu fyrstu fimm árin. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

í nóvember í fyrra um lán að fjárhæð allt að 500 milljónum dala.

Lánasamningar allra ríkjanna nema Noregs eru milli viðkomandi ríkis og íslenska ríkisins, en samningurinn við Noreg er lánssamningur milli seðlabanka landanna. Skipting lánsupphæðarinnar á ríki er eftirfarandi: Svíþjóð 28 prósent, Noregur og Danmörk 27 prósent hvor þjóð og átján prósent lánsins er frá Finnum.

Lánið er til tólf ára. Fyrstu fimm árin eru afborganalaus og aðeins greiddir vextir af láninu um ársfjórðungslega. Að loknum fimm árum verður höfuðstóll endurgreiddur í jöfnum greiðslum.

Í tilkynningu forsætisráðuneytisins er sagt að lánssamningar við Norðurlöndin sé snar þáttur í eflingu gjaldeyrisvaraforða Íslands. „Gildi þessara samninga er ekki eingöngu fólgið í fjárhæðunum sem þeir fela í sér, og vissulega eru háar, heldur ekki síður í því að þessi samstaða Norðurlanda vekur traust og tiltrú á þeim efnahagsaðgerðum sem nú er gripið til,“ segir í tilkynningunni.

Þess ber að geta að lánsféð verður ekki greitt strax til Íslendinga. Lánið verður greitt út í fjórum jöfnum greiðslum sem eru tengdar endurmati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslensku efnahagsáætluninni.

**bta@frettabladid.is**




RAFVÖRU MARKAÐURINN
MIKIÐ ÚRVAL ÚTILJÓSA!
LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
HÆÐ: 35 CM
8995
GARÐSETT 3 STK. 12V M/SPENNI
HÆÐ: 30 CM
8995
GARÐSETT 3 STK. 12V M/SPENNI
HÆÐ: 40 CM
8995
GARÐSETT 3 STK. 12V M/SPENNI
3895
VEGGLJÓS
3895
VEGGLJÓS
STÆRÐ: 23X10 CM
1995
INNFELLD LJÓS
TILBOÐ!
6495
VEGGLJÓS
6495
VEGGLJÓS
ÚTISTAUR HÆÐ 100 CM
8995
4 STÆRÐIR
FRÁ 8995
LED GARÐSETT 3 STK. M/SPENNI
3 STÆRÐIR
FRÁ 4995
INNFELLD LED LJÓS
4695
ÚTIKASTARI
7795
NIÐURGRAFIÐ LED LJÓS
FRÁ 3995
VEGG OG LOFTLJÓS BREIDD 23,5 CM
HÆÐ: 80 CM
5495
HÆÐ: 80 CM
6495
HÆÐ: 45 CM
5495
HÆÐ: 80 CM
5495
HÆÐ: 80 CM
6495
HÆÐ: 110 CM
5495
ÚTISTAUR - STÓR
4495
ÚTISTAUR - LÍTILL
HÆÐ: 45 CM
LITIR: STÁL KOPAR
4995
VEGGLJÓS
4595
VEGGLJÓS
3895
VEGGLJÓS
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ:
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 16



AÐEINS ÞESSA HELGI

# 22"LCD

## FULL HD 1080p SKJÁR

22" skjár frá BenQ með ótrúlega 1080P FULL HD upplausn ásamt Senseye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt.

- 22" FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 40000:1 Dynamic Contrast skerpa
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- VGA D-SUB tengi og kapall
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

BenQ

**34.900**



HVERGI BETRA VERÐ

# ACER 5516

- AMD Athlon TF-20 1.6GHz örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,6" CrystalBrite 16:9 skjár
- 512MB ATI X1200 skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net
- Windows VISTA Home Basic

**79.900**

LACIE



20% AFSLÁTTUR AÐEINS ÞESSA HELGI

# 4GB LACIE IAMA

## USB 2.0 MINNISLYKILL

- 4GB Lacie iama USB2.0 minnislykill
- Traust hönnun úr stáli frá Lacie
- Smellur á lyklakippu við hlið húslykills
- Sérlega hraður 30MB/s leshraði
- Mjög léttur og nettur aðeins 3mm
- Gullhúðuð tengi, vatns og rispufrír

**5.590**

8GB ÚTGÁFA AÐEINS 7.990 KR



LENDIR Í DAG

# TJ65

CU-005

## FARTÖLVA A TILBOÐI

Ný og glæsileg fartölva frá Packard Bell með nýjasta Intel örgjörvanum öflugu leikja skjákorti, hlaðin tengjum og aðeins 2.7KG

- Intel Dual Core T4200 2.0GHz - 45nm
- 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB SATA hljóðlátur harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" Diamond View LED 16:9 skjár
- 512MB GeForce G105 öflugt skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Packard Bell

**149.900**

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

Birt með fyrirvar um breytingar, prentvillur og myndbrengl



20% AFSLÁTTUR AÐEINS ÞESSA HELGI

## FARTÖLVUTÖSKUR



20% AFSLÁTTUR AÐEINS ÞESSA HELGI

## MINNISLYKLAR




20% AFSLÁTTUR AÐEINS ÞESSA HELGI

## MINNISKORT

**OPNUNARTÍMAR**

VIRKA DAGA
10:00 - 18:30
LAUGARDAGA
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is


SUMAR
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
AÐEINS ÞESSA HELGI
22"
PACKARD BELL LCD SKJÁR
29.900
HVERGI BETRA VERÐ
500GB
VANDAÐUR LACIE HARÐISK FLAKKARI
14.900
FRÁBÆR
SUMARTILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM SJÓÐHEITUM SUMAR-TILBOÐUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
160GB
COOLMAX HARÐ-DISK FLAKKARI
9.990
GLÆSILEG VERSLUN
Í BORGARTÚNI 31

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Örvænting ríkisstjórnarinnar:

# Ábyrgðin á Icesave

JÓN KALDAL SKRIFAR

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, skynjar ákveðna örvæntingu í greinargerðinni sem fylgir Icesave-frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þetta kom fram í viðtali Bjarna við fréttastofu Ríkissjónvarpsins í fyrrakvöld.

Bjarni metur þarna stöðuna hárrétt. Örvænting er örugglega rétta orðið yfir þá tilfinningu sem meirihluti stjórnarþingmanna ber í brjósti andspænis því að þurfa að samþykkja ríkisábyrgð á þessum ógæfureikningum Landsbankans. Það hlýtur að vera hörmulegt hlutskipti að samþykkja byrðar á þjóðarbúið vegna máls sem aðrir stofnuðu til.

Þetta á umfram allt við um þingmenn Vinstri grænna. Þeir komu á engum stigum að því að skapa eða hafa eftirlit með því umhverfi sem leyfði Icesave-reikningnum að verða til í skjóli og á ábyrgð íslenskra skattborgara.

Það er fyrst og fremst verk Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, en líka Samfylkingarinnar, sem var á vaktinni í ríkisstjórn og viðskiptaráðuneytinu í sextán mánuði áður en Icesave sprakk upp í andlitið á þjóðinni.

Örvænting þingmanna og -kvenna Vinstri grænna er því skiljanleg. Það er skiljanlegt að þeim sé mikið í mun að hnykkt sé á því í greinargerð með frumvarpinu hvar ábyrgðin á reikningunum liggur; hverjir það voru sem bjuggu svo um hnútana að Íslendingar hafa nú ekki um annað að velja en að undirgangast þessa mörg hundruð milljarða króna ábyrgð.

Formanni Sjálfstæðisflokksins finnst greinargerðin hlutdræg og saknar þess að í henni sé ekki meira jafnvægi. Sá dómur er ekki ósanngjarn. Orðalag textans er á köflum ansi gildishlaðið. Þær umbúðir breyta þó engu um innihaldið.

Landsbankinn opnaði fyrstu Icesave-reikningana haustið 2006 í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Á öllum stigum vann Landsbankinn fullkomlega samkvæmt starfsleyfum og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Undir þeim vökulu augum þöndust upphæðirnar á Icesave-reikningunum í Bretlandi í stjarnfræðilegar tölur.

Aðeins fimm mánuðum áður en Landsbankinn hrundi opnaði hann reikninga í Hollandi og náði að safna þar inn hollensku sparifé að verðmæti um 1,7 milljarðar evra. Þetta fékk bankinn að gera þrátt fyrir að Davíð Oddsson, þáverandi seðlabankastjóri, hefði að eigin sögn allmörgum vikum áður verið búinn að tjá innlendum ráðamönnum að íslensku bankarnir væru á heljarþröm.

Hvernig fylgdi þáverandi seðlabankastjóri þeim spádómi eftir? Með því að aflétta bindisskyldu útibúa íslenskra fjármálastofnana erlendis nokkrum vikum síðar, í maí 2008, eins og finnski bankasérfræðingurinn Kaarlo Jannari hefur vakið athygli á í skýrslu sinni. Auðveldaði sú aðgerð Landsbankanum til muna stofnun reikninganna í Hollandi og meðferð þeirra fjármuna sem þar söfnuðust.

Allt lyktar þetta langar leiðir af því að greiða þurfti götu banka sem var í náðinni hjá ákveðinni klíku innan Sjálfstæðisflokksins. Framkvæmdastjóri flokksins var varaformaður bankaráðsins og eigandi bankans hafði verið handvalinn af þáverandi formanni flokksins, sem var orðinn formaður bankastjórnar Seðlabankans.

Sú örvænting sem Bjarni Benediktsson skynjar hjá ríkisstjórnarflokkunum yfir því að ljúka þessu máli er ekkert undarleg.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þrasgjarnir þingmenn

Áhugamenn um vitræna pólitíska umræðu tóku gleði sína í gær þegar greint var frá því að þingmenn Framsóknarflokksins hefðu boðað þátttöku sína í ræðukeppnina Þrasið, sem haldin verður í sumar. Fyrirmynd keppninnar er Morfís, ræðukeppni framhaldsskólanna. Höskuldur Þórhallsson og Birkir Jón Jónsson hafa staðfest þátttöku fyrir hönd Framsóknar. Báðir þykja þeir ræðuskörungar og hafa verið valdir ræðumenn kvöldsins í eldhúsdagsumræðum á Alþingi undanfarin tvö ár. Höskuldur var enda sigurviss í samtali við DV í gær. „Við erum miklir keppnismenn og sættum okkur ekki við neitt annað en sigur.“ Andstæðingar hans í Þrasinu mega því búast við því að vera teknir „almennilegum vettlingatökum“.



### Joly og Jónína

Vísir sagði frá því í gær að Eva Joly, sérlegur ráðgjafi sérstaks saksóknara, hefði verið sérlegur gestur Detox-drottningarinnar Jónínu Benediktsdóttur á Detox-setri hennar í Reykjanesbæ, miðstöð Detox á Íslandi. Ekki fylgdi sögunni hvað þeim fór á milli en forvitnilegt verður að vita hvað verður í pípunum hjá sérlegum ráðgjafa sérstaks saksóknara í framhaldi fundarins. Vonum að staðreyndir hafi ekki skolast til.



### Í kramið hjá krötum

Athygli vekur að gamlir kratar á borð við Jón Baldvin Hannibalsson, Eið Guðnason og fleiri lofa Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstri grænna, í hástert fyrir vaska framgöngu á borgarafundi um Icesave-samningana í vikunni. Það hefði eitt sinn þótt saga til næsta bæjar. Ekki er laust við að úr orðum þeirra megi lesa þá frómu ósk að Steingrímur væri formaður Samfylkingarinnar frekar en VG. Verst að pólitíkin er ekki eins og fótboltinn, þar sem lið geta haft leikmannaskipti ef það hentar. Ætli slík „leikmannaskipti“ myndu þó ekki stranda á því að þeir eru fáir innan Samfylkingarinnar sem VG þætti sérstakur fengur að.

bergsteinn@frettabladid.is

# Hvíta bókin



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Bók Einars Más Guðmundssonar

Fólkið í landinu þarf að velta því fyrir sér, hvers vegna ekki bólar enn á því, níu mánuðum eftir hrun, að ábyrgðarmenn hrunsins séu látnir svara til saka. Þeir hafa nú haft níu mánuði í boði yfirvalda til að koma gögnum og eignum undan. Fáeinir menn hafa verið kvaddir til skýrslutöku, það er allt og sumt. Bandaríkjamaðurinn Bernard Madoff, sem játaði sök fyrir sex mánuðum og reyndist hafa hlunnfarið viðskiptavini sína um sömu fjárhæð og íslenzku bankarnir, eða rösklega 60 milljarða Bandaríkjadala, hefur nú fengið 150 ára fangelsisdóm. Rannsóknin hér heima virðist vera í skötulíki og ýtir ásamt ýmsu öðru undir áleitnar grunsemdir um, að yfirvöldin standi í reyndinni að einhverju leyti með meintum sakamönnum gegn fólkinu í landinu. Tökum tvö dæmi.

Hvað væri einfaldara en að skoða farþegalistana úr einkaþotum útrásarvíkinganna til að kanna, hverjir þágu far með þeim? Þannig væri hægt að skerpa til muna myndina af óviðurkvæmilegu samneyti stjórnmálastéttarinnar, embættismanna og blaðamanna við víkingana. Rannsóknarnefnd Alþingis og sérstakur saksóknari hafa heimild til að leggja hald á listana. Það tæki röskan mann ekki nema dagpart að kemba þá. Hafi ákveðnir embættismenn þegið far með þotunum, hafa þeir líklega brotið gegn 109. grein almennra hegningarlaga. Sönnunargögnin liggja á arinhillunni líkt og í skáldsögu eftir Kafka, en rannsóknarnefnd Alþingis sýnir þeim engan áhuga, þótt starfstími hennar sé meira en hálfnaður. Rannsóknarnefndin og sérstakur saksóknari hafa ekki heldur hirt um að taka skýrslu af Sverri Hermannssyni fyrrum Landsbankastjóra, en hann hefur í fjölda greina í Morgunblaðinu borið lögbrot meðal annars á varaformann bankaráðsins fram að hruni. Þessi dæmi virðast ekki vitna um ríkan áhuga rannsóknarnefndar Alþingis og sérstaks saksóknara á framgangi réttvísinnar.

Áhugaleysið um réttlæti og réttvísi virðist ekki vera bundið við þá, sem yfirvöldin réðu til rannsóknarinnar. Enginn lögfræðingur sótti um embætti sérstaks saksóknara, þegar það var fyrst auglýst, enda gerði ríkisstjórnin lítið úr þörfinni fyrir rannsókn á meintum lögbrotum í kringum bankahrunið og þvertók fyrir að fela erlendum mönnum stjórn rannsóknarinnar. Ekki virtist auður umsækjendalistinn vitna um ríkan áhuga meðal lögfræðinga almennt á framgangi réttvísinnar. Lögmannafélagið sendi nýlega frá sér áþekk skilaboð í formi ályktunar um „hið svokallaða bankahrun“. Slíkar ályktanir sendi lögmannafélagið í Austur-Þýzkalandi frá sér með reglulegu millibili fyrir 1989. Lögmenn ganga hér fram hver af öðrum til að reyna að varpa rýrð á Evu Joly, ráðgjafa ríkisstjórnarinnar, en hún hefur lýst rannsókninni hlægilega vegna fjárskorts og vanhæfis. Ríkisstjórnin segist með semingi ætla að hlíta ráðum Evu, en hikið og seinagangurinn vekja ekki traust.

Þessi ummerki þarf að skoða í samhengi við liðna tíð. Tuttugasta öldin leið svo, að endurtekin hneyksli í gömlu ríkisbönkunum og víðar í atvinnulífinu voru samkvæmt ýmsum skriflegum heimildum yfirleitt þögguð niður. Halldór Kiljan Laxness skaffaði í einni bóka sinna einu handhægu heimildina um faktúrufölsunarfélagið, en það var þegar nokkrir máttarstólpar Sjálfstæðisflokksins meðal heildsala urðu uppvísir að umfangsmiklu skjalafalsi. Blöðin sögðu fátt, enda voru þau öll á bandi flokkanna. Þjóðviljinn andæfði, en hann var afgreiddur sem kommúnistamálgagn. Öldin okkar þegir um málið. Allir vissu, að stjórnvöld héldu verndarhendi yfir lögbrjótum. Var þá þess að vænta, að bankamenn og aðrir, sem náðarsól ríkisvaldsins skein svo skært á, færu í hvívetna að lögum? Come on.

Hvíta bókin eftir Einar Má Guðmundsson skáld er frábærlega vel skrifuð og haldgóð heimild um bankahrunið, aðdraganda þess og eftirköst. Einar Már lýsir hruninu sem skilgetnu afkvæmi kæfandi faðmlags milli forkólfa viðskiptalífsins, bankanna og stjórnmálastéttarinnar. Hann skilur, að stjórnmál og viðskipti eru vond blanda, og hann dregur upp skýra og stundum sprenghlægilega mynd af spillingunni, sem gleypti Ísland. Hann er fundvís á flugbeittar samlíkingar. Hann hikar ekki við að gegnumlýsa samneyti eiturlyfjakónga í Mexíkó og systurflokks Sjálfstæðisflokksins þar suður frá, sem heitir því góða nafni Kerfisbundni byltingarflokkurinn, og lætur lesandanum eftir að draga ályktanir. Hann hellir sér yfir Samfylkinguna fyrir að hafa svikið hugsjónir jafnaðarstefnunnar. Hann lýsir stjórnmálamönnum sem leiksoppum auðkýfinga líkt og unglingum, sem byrja að reykja hass og leiðast út í harðari efni. Framsóknarflokkurinn og forseti Íslands fá einnig sinn skammt. Hvíta bókin verður þýdd á erlend tungumál útlendingum til viðvörunar. Sjálfur er ég með bók um hrunið í smíðum handa bandarísku háskólaforlagi, sem vill hún heiti When Iceland Fell (Er Ísland sokkið?). Kannski ítalska þýðingin fái heitið La bancarotta.

# Þrúgur reiðinnar

**UMRÆÐAN**

Þorleifur Gunnlaugsson skrifar um uppbyggingu samfélagsins



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Það kraumar í samfélaginu því alvara kreppunnar blasir við. Reiðin brýst út og kristallast í því sem við viljum ekki. Við höfnum frjálshyggjunni og fjármálafáveldinu. Við afneitum spilltum stjórnmála- og embættismönnum. Við viljum ekki verða atvinnulaus, missa íbúðirnar okkar, borga skuldir sem aðrir hafa stofnað til, lifa í fátækt það sem eftir er og bjóða börnunum og barnabörnunum upp á það sama.

Reiðin kristallast líka í því sem við viljum: Láta menn bera ábyrgð, frysta eigur auðmanna og ná þýfinu til baka. Rannsaka sukkið ofan í kjölinn.

Reiðin er hinsvegar skammgóður vermir þó hún sé fullkomlega eðlileg. Reiðin ein og sér kemur okkur skammt og verður jafnvel til trafala. Það er ekki fyrr en reiðin breytist í yfirvegun, kalda rökhugsun, sem við getum látið verkin tala. Þá verðum við að taka til hendinni og gera það sem þarf sem þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi, borgarar sem heimta völd og virkni.

Vegurinn hefur verið varðaður. Við eigum að storma inn í verkalýðshreyfinguna og önnur almannafélög, skipta um stjórnir þar sem þarf og stofna ný félög þar sem það reynist nauðsynlegt. Við eigum að stofna kaupfélög, sparisjóði og húsnæðissamvinnufélög og við eigum að vanda svo til verka að almannafélög verði aldrei aftur græðginni að bráð. Þegar kapítalistar loka arðbærum fyrirtækjum á starfsfólkið að taka yfir reksturinn.

Við eigum sjálf að byggja upp nýtt samfélag. Í baráttu undanfarinna mánaða hefur magnaður félagsauður komið fram. Fólk sem á að taka að sér forystuna í uppbyggingu nýs lands þar sem almannahagsmunir ráða ferðinni.

*Höfundur er borgarfulltrúi VG Í Reykjavík.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**TWIGGY** hefur verið valin andlit snyrtivörukeðjunnar Olay. Ofurfyrirsætan er á sextugsaldri en þykir líta ótrúlega vel út. Gaman er að geta þess að Twiggy sat einnig fyrir í auglýsingum fyrir Olay fyrir 25 árum.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447















Signý Þórhallsdóttir eignaðist þennan mynstraða kjól á fatamarkaði í París í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fötin í eldhúspottunum

**Signýju Þórhallsdóttur finnst gaman að klæða sig og finnur oft gamlar gersemar á fatamörkuðum og í skúffunum hjá fjölskyldunni. Hún uppgötvaði nýlega að auðvelt er að lita flíkur í eldhúsinu heima.**

„Ég keypti þennan mynstraða kjól á markaði í París. Þetta var markaður með gamlan leikhúsfatnað," segir Signý Þórhallsdóttir, nemi í fatahönnun í Listaháskóla Íslands. „Hann er væntanlega úr einhverju leikriti en þarna var fullt af leikhúsbúningum, jökkum og einhverju gamaldags. Ég rakst á þennan kjól og fannst litirnir svo fallegir."

Signý segir sér almennt finnast gaman að fara á markaði og sæki þá oft í útlöndum. „Mér finnst líka gaman að finna gamlar gersemar ofan í kjallara. Ég á frekar mikið af notuðum fötum sem ég hef til dæmis fundið heima af fjölskyldunni. Ég á gamlar badmintonbuxur af pabba og föt frá ömmu og afa."

Þegar Signý er beðin um að lýsa stílnum sínum segir hún hann ganga í gegnum tímabil. „Ég veit ekki hvernig hægt er að lýsa stílnum sínum en íþróttaföt eru eitthvað sem ég hef verið að spá í undanfarna daga. Núna fæ ég innblástur frá íþróttafatnaði, þó ég hafi ekki sérstaklega gaman af íþróttum," segir Signý og bætir við að henni finnist gaman að kaupa flíkur sem ekki eru ætlaðar sem tískufatnaður til dæmis einkennisbúninga.

Signý segist hafa mikinn áhuga á tísku. „Mér finnst gaman að klæða mig. Áhugi minn á tísku spratt út frá saumaskap. Svo snerist þetta við og mér fór að þykja skemmtilegra að hanna en sauma. Þá fór ég að hafa meiri áhuga á tísku heldur en að sauma föt fyrir böll eða afmælisveislur," segir Signý brosandi.

Aðspurð segir Signý að sér finnist gaman að klæðast litríkum fötum og nýlega eignaðist hún nýtt áhugamál sem er að lita föt. „Ég var að uppgötva hvað það er auðvelt að lita föt. Það er hægt að kaupa svo góða liti í búsáhaldaversluninni á Skólavörðustíg og lita í potti. Það er oft dýrt að fara í efnabúðir en þá getur verið gott að finna gardínu í Góða hirðinum, lita hana og sauma úr."

*martaf@frettabladid.is*




**MERCEDES-BENZ** tískuvikan í Berlín hófst í gær. Það var þýski tískuhönnuðurinn Dorothee Schumacher sem reið á vaðið á hinni árlegu tískuviku. Fötin minntu á skrifstofuklæðnað í hlutlausum tónum sem hún poppaði upp með borðum.





FLOTT Í SUMAR...
með Slendertone
dömu/herra belti
NÝTT
Flex Max kr. 24.900,-
Flex kr. 19.950,-
System kr. 29.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar
SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

TRIND
Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir


www.gabor.is
Ný sending
Skór & töskur
Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - (við hliðina á ísbúðinni)
Sími: 553 7060

TAL
Getraunaleikur Tals og Vísis
Drögum vikulega út veglega vinninga
Taktu þátt á Vísir.is
PEPSI DEILDIN
vísir.is




Oxford-stræti í Lundúnum.

## Tískuvika á Oxford-stræti í Lundúnum

TÍSKUSÝNINGAR OG AÐRAR SKEMMTILEGAR UPPÁKOMUR Í SEPTEMBER.

Oxford-stræti í Lundúnum er án efa ein þekktasta verslunargata heims. Hróður götunnar verður enn meiri í september þegar þar verður í fyrsta sinn haldin tískuvika sem kölluð er „High street fashion week“. Verslanir á borð við Debenhams, John Lewis, Uniqlo og Topman hafa þegar skráð sig til leiks og vonir standa til að Selfridges, Topshop, Miss Selfridge og Marks & Spencer taki einnig þátt. Í ágúst verða yfir 100 þúsund vegfarendur götunnar beðnir um að kjósa sína uppáhalds verslunargötudrottningu, eða „High street queen“ og mun sigurvegarinn leika stórt hlutverk í tískuvikunni. Ætlunin er einnig að vera með tískusýningar, taka fólk í yfirhalningu og lengja opnunartíma. Tískutímaritið Vogue, í samstarfi við hönnuði og verslanir, skipuleggur hinn 10. september viðburð sem kallast „Fashion night out“ og verður haldinn í nokkrum borgum heimsins, meðal annars í London.

Báðir þessir viðburðir byggja svo upp spennuna fyrir tískuvikuna í London sem verður haldin frá 18. til 22. september en þetta er í 25. sinn sem hún fer fram.


Selena
er flutt í Hæðasmára 4
í sama hús og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.

30-50% afsláttur af PM kvenfatnaði
Undirföt, sundföt 25% afsláttur af völdum vörum
Selena
Hæðasmára 4 • Sími 555 7355/553 7355
Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15
www.selena.is




Hér má sjá tvo skartgripi úr fórum Jóhönnu. Annars vegar lærbein með demanti og hins vegar hryggjarlið á leðurbandi. Allir skartgripirnir eru í leðurpoka sem lítur út eins og kríuegg. MYND/© 2009 KRIA JEWELRY, INC.

# Býr til skartgripi úr kríubeinum

**Jóhanna Metúsalemsdóttir hefur vakið töluverða athygli fyrir sérstaka skartgripi sem hún hannar eftir kríubeinum og trjágreinum. Skartgripirnir hafa sést í tímaritinu InStyle og Gossip Girl-þáttunum.**

„Hugmyndin kom til fyrir þremur árum þegar ég var ólétt af Lólu dóttur minni. Ég var við ströndina við Reykjanesvita og fann þar leifar af kríubeinagrind. Svo sauð ég beinagrindina og tók hana með heim til New York. Ég sat svolítið lengi yfir þessu og vissi ekki alveg hvað ég átti að gera við hana. En svo fór ég að fikta með beinin, gerði mót af þeim og steypti þau í gulli og þá fór allt að gerast,“ segir Jóhanna Metúsalemsdóttir um nýju skartgripalínuna sína sem kallast Kría. Jóhanna hefur alltaf hrifist af kríunni sem hún segir að sé mjög fallegur og kraftmikill fugl.

Hún er ekki skartgripasmiður að mennt en hefur alltaf haft áhuga á skarti. „Ég var lærlingur fyrir löngu síðan hjá skartfyrirtæki. Svo fór ég að stílisera í mörg ár en skartið var alltaf bak við eyrað, ég bara vissi ekki hvernig ég átti að byrja á því,“ segir Jóhanna en hún lét loksins verða af draumnum fyrir einu og hálfu ári þegar Kría varð til.

Skartgripirnir hennar hafa vakið töluverða athygli nú þegar. „Stílistar hafa verið að koma til mín og velja skartgripi fyrir hin ýmsu verkefni og notað gripina sem er mjög jákvætt,“ segir Jóhanna, en meðal annars hefur bandaríska leikkonan Keri Russell borið Kríu armband í tímaritinu InStyle, ásamt því að persónan Jenny Humphrey hefur skartað Kríu hálsmeni í þáttunum Gossip Girl.

Skartgripalínan inniheldur um



Jóhanna Metúsalemsdóttir með hálsmen úr Kríu línunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

40 gripi sem eru innblásnir af kríubeinum og trjágreinum. „Vinsælustu skartgripirnir eru hryggjarliður á leðurbandi, og svo lærbein með demanti sem var fyrsti gripurinn sem ég gerði. Svo koma allir gripirnir í leðurpoka sem lítur út eins og kríuegg,“ segir Jóhanna og tekur skýrt fram að sumir skartgripirnir henti körlum jafnt sem konum.

Hægt er að fjárfesta í skartgripunum í Aftur á Laugavegi, en bráðum verður einnig opnuð vefverslun á heimasíðunni www.kriajewelry.com.

*heidur@frettabladid.is*

Helsta fjölmiðlatískufyrirmynd á níunda og tíunda áratugnum var eflaust Díana prinsessa af Wales, allt frá því hún giftist Karli Bretaprinsi árið 1981 og þar til hún lést í bílslysi 1997 með ástmanni sínum. Hún leyfði sér ýmsa tilraunastarfsemi í klæðaburði en var þó ávallt glæsileg og var fatnaður hennar aðallega hannaður af Catherine Walker.



**Heimild: Tíska aldanna eftir Ásdísi Jóelsdóttur**



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Hinn nýi herra eftir-kreppu

Meðan ein tíska syngur sitt síðasta er önnur að fæðast á sýningarpöllunum hér í París. Sumartískan hefur verið á útsölu í viku en herratíska næsta sumars var sýnd hér fram á sunnudag.

Ef marka má tískufræðinga og svipmyndir af sýningunum eru aðallega þrír straumar í gangi fyrir sumarið 2010. Fyrst má nefna nokkuð sem hefur sést síðustu tvö ár en eins og oft tekur tíma að skapa sér pláss í herratískunni. Hér er ég að tala um bermúdabuxurnar sem enn verða notaðar á vori komandi líkt og í sumar og fyrra sumar. Til dæmis sýndi Louis Vuitton jakkaföt með stuttum buxum og litirnir enn og aftur skærir, gult, blátt og gulrautt.

Svo eru það hinir sem eru á þeirri skoðun að eftir hrun fjármálamarkaðarins sem drap flottræfilshátt og sýndarmennsku sé það nú tíska eftir-kreppu áranna sem er að koma fram og einkennist af leit að hreinleika (sakleysi) til dæmis með hvítum lit eða fölum, fáguðum línum og látlausum stíl (andstæða blingblingsins). Fötin eiga að vera létt og afslöppuð en fáguð í stað skörpu línanna og þvinguðu. Litirnir eru jákvæðir í stað dökkra lita sem eru þyngri eins og fölblátt og fílabeinshvítt. Þetta sást vel á sýningu Raf Simons hjá tískuhúsi Jil Sander þar sem herrarnir eru í kvartbuxum sem sýna vel bandaskóna sem þeir nota við. Skyrturnar eru allar með Maó-kraga og sumar jafnvel gegnsæjar. Reyndar voru sömuleiðis sandalar með böndum í anda Rómverja eða forngrikkja líkt og í kventískunni í sumar hjá Hèrmes. Talað hefur verið um endurkomu Belganna á þessari tískuviku (Raf Simons, Dries Van Noten, Kris Van Assche, Ann Demeulemester) sem eru reyndar kallaðir „norrænir“ hér.

Í þriðja lagi eru þeir sem enn láta sköpunargleðina ráða því þrátt fyrir að tískuhúsin eigi í erfiðleikum vegna minni sölu, (Christian Lacroix er í greiðslustöðvun síðan fyrir nokkru meðan að Dolce & Gabbana lækkar verð um 10-20%), þá virðist hún eftir sem áður vera mikilvæg þó framleiðslan sé nokkuð varfærin og meira veðjað á örugg gildi hjá smásölum. Þetta mátti klárlega sjá hjá John Galliano þar sem að mikið var um dýrðir. En auðvitað er auðveldara að sleppa sér lausum þegar stærsta lúxussamsteypa í heimi (LVMH) borgar brúsann.

Hjá Givenchy ríkti ákveðin depurð þar sem að sama dag og sýningin fór fram fréttist af fráfalli Michaels Jackson en Riccardo Tisci hönnuður Givenchy hafði verið beðinn um að hanna búninga fyrir tónleikana. Þess vegna var stemningin nokkuð sorgleg en auðvelt að ímynda á sér fyrirsæturnar á sýningarpallinum í dansatriðum Michaels Jackson íklæddar klofsíðum munstruðum buxum eða gylltu áprenti. Áhrifin allt eins suðræn sem norður-afrísk. *bergb75@free.fr*



Fyrirsæta skartar flæðandi silki á tískusýningu Toufik Hatab á tískuvikunni í Beirút í Líbanon, þar sem sýnd var hátíska hausts og vetrus.

# Hátíska í Líbanon

**Tískuvikan í Líbanon var haldin nýlega. Þar sýndu hönnuðir hvað heitast yrði í haust og vetur.**





Tískuvikan í París stendur yfir. Það er þó víðar í heiminum sem tískunni er hampað þessa dagana. Þannig var haldin tískuvika í Beirút í Líbanon á dögunum þar sem innlendir og erlendir hönnuðir sýndu hátísku haustsins og vetrarins. Hér eru nokkrir kjólar úr smiðju líbanska tískuhönnuðarins Toufik Hatab, en hann lauk tískusýningu sinni á gullfallegum brúðarkjól.

# Riddari á stuttbuxum

**Sacha Baron Cohen er einna þekktastur fyrir að leika Borat. Nú er komin út kvikmyndin um tískufyrirbærið Bruno.**

Tískuhomminn Bruno sem er annað sjálf breska grínistans Sacha Baron Cohen, mætti uppstrílaður á frumsýningu kvikmyndarinnar Bruno í Sydney í Ástralíu. Bruno skrýddist skínandi brynju og svívirðilega stuttum stuttbuxum og var með hvítan hest í eftirdragi.

Uppátækið er hluti af mikilli auglýsingaherferð sem Sacha stendur nú í til að kynna kvikmynd sína sem frumsýnd verður í bíóhúsum á Íslandi í lok júlí.




Bruno, eða Sacha Baron Cohen við frumsýningu í Ástralíu.


ÚTSALA 30-70% AFSLÁTTUR

DIESEL - G-STAR - ENERGIE - GESTUZ - DR. DENIM - MATINIQUE - BILLI BI - MOSS - BRONX - o.fl.




gallerisautján gs skór FATÓ ÓDÝRARI MERKJAVARA gallerihúsið

Laugavegi 91 - www.ntc.is

ÚTSALAN hefst í dag

40% afsláttur af öllum vörum

DKNY

Gerard Darel

Kristiansen du Nord

Bruuns Bazaar

...og fleiri

eva

Laugavegi 89 s. 512 1715

# bæjarhátíðir

FIMMTUDAGUR 2. JÚLÍ 2009



Öllu tjaldað til

**Humarhátíð á Höfn í Hornafirði er hafin.**

SÍÐA 2




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


ALLT Í FERÐALAGIÐ OG BÚSTAÐINN

SJÓNVÖRP - FERÐATÆKI - MP3 SPILARAR
MYNDAVÉLAR - TÖKUVÉLAR - MINNISKORT




Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNVÖRPUM MEÐ **INNBYGGÐUM DVD**

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

**● HESTAÞING STORMS** Gæðingamót hestamannafélagsins Storms í Dýrafirði verður haldið dagana 10. og 11. júlí. „Þetta er gæðingamót með hinum vanalegu keppnisgreinum en Hestaþingið, eins og mótið kallast, verður þó með öðru sniði en venjulegt gæðingamót Hestaþing Storms," segir Nanna Björk Bárðardóttir formaður félagsins. „Þetta tókst vel hjá okkur í fyrra en þá prófuðum við að vera með nokkuð breytta dagskrá þar sem við buðum upp á meira fyrir þá sem ekki endilega hafa brennandi áhuga á keppninni sjálfri," segir hún. Kvöldvaka verður haldin á föstudeginum og grillpartý á laugardaginn. „Við erum komin með mjög góða aðstöðu á Söndum í Dýrafirði með nýju reiðhöllinni og svo er gott tjaldsvæði á staðnum líka," segir Nanna og vonast eftir fjölmenni. Sérstaklega segir hún marga hlakka til árlegs reiðtúrs sem farinn verður eftir mótsslit á laugardeginum. „Þá verður farið í reiðtúr í Meðaldal þar sem verður sungið og trallað."

Nánari upplýsingar má finna á http://stormur.123.is.



Aðstaðan á Söndum í Dýrafirði er orðin mjög góð. Hér eru nokkrir knáir hestamenn Storms með íslenska fánann og fána hestamannafélagsins. MYND/STORMUR



Humarhátíð er rómuð fyrir kræsingar og fjölbreytt skemmtiatriði.



Humarpítsa fyrir þá sem vilja slá tvær flugur í einu höggi.



Alls staðar verður gómsætur humar í boði í einhverri mynd, meðal annars á Hótel Höfn. MYND/HÓTEL HÖFN

# Stefnir allt í góða helgi

**Humarhátíð á Höfn í Hornafirði stendur nú yfir og hefur öllu því helsta í hornfirskri menningu verið tjaldað til.**

Þeir sem leggja leið sína austur á Höfn í Hornafirði næstu daga geta sannarlega átt von á góðu þar sem Humarhátíð stendur nú sem hæst. Valdemar Einarsson, framkvæmdastjóri Sindra og Humarhátíðar, segir að öllu verði tjaldað til í ár og góður humar og aðrar kræsingar í aðalhlutverki sem endranær.

„Segja má að alls staðar verði hægt að krækja sér í gómsætan humar í einhverri mynd meðan á hátíðinni stendur, hvort sem það er á helstu veitingastöðum bæjarins, á markaðssvæðinu, nú eða þá bara í heimahúsum," bendir hann á. „Þannig verður hægt að velja á milli humars í heilu lagi, humarsúpu, humarpítsu eða humarsamloku á veitingastaðnum Hleininum sem verður sérstaklega opnaður af þessu tilefni."

Humarhátíð fer nú fram í sautjánda sinn og hafa viðtökurnar verið góðar síðustu ár. Að meðaltali hafa á bilinu tvö til þrjú þúsund manns lagt leið sína á hátíðina ár hvert og hafa því allt að 5.000 manns, íbúar, brottfluttir og aðrir, tekið þátt í hátíðarhöldunum. Valdemar reiknar með öðrum eins fjölda í ár, ef ekki fleirum, í ljósi þess hversu margir ætla að ferðast innanlands í sumar. „Þó er aldrei hægt að segja með vissu hver fjöldinn verður, það fer auðvitað eftir veðráttu. En það stefnir í góða helgi," bendir hann á og bætir við að auk alls kyns kræsinga verði fjöldi skemmtiatriða í boði á Humarhátíð.



Humarhátíð á Höfn í Hornafirði er hafin en hún verður formlega sett á föstudag.

„Hátíðin verður formlega sett á föstudag klukkan 21, en fyrir og eftir það verða alls kyns uppákomur með áherslu á hornfirska menningu." Hann nefnir til sögunnar listsýningar, reikspólkeppni, humargolfmót, maraþonljósmyndakeppni, fjölskylduferð í Mikley, Heimsmeistaramót í Hornafjarðarmanna og kúadellulottó sem hann lýsir hlæjandi með eftirfarandi hætti: „Þá er naut leitt um númeramerkta grasflöt. Svo er beðið eftir að það létti á sér og vinnur sá fé sem fær delluna á sitt númer. Ætli það sé ekki í eina skiptið sem humar kemur ekki beinlínis við sögu."

Hápunktur Humarhátíðar hefst svo með skemmtidagskrá á hátíðarsviði sem lýkur með brennu og stórdansleik í íþróttahúsinu á laugardagskvöld. „Meðlimir úr karlakórnum Jökli syngja við brennuna og harmonikkuleikarar spila ljúfa tóna. Við tekur svo heljarinnar ball þar sem hljómsveit skipuð heimamönnum, Parket, leikur fyrir dansi fram undir morgun," segir hann og bendir áhugasömum á að kynna sér dagskrána nánar á www.humar.is. *-rve*






# Goslokunum fagnað í Eyjum

Goslokahátíðin í Vestmannaeyjum verður með stærra sniði í ár en vanalega. „Dagskráin hefur verið stór á fimm ára fresti og var það í fyrra. Vestmannaeyjabær ákvað í ár að halda veglega hátíð þó ekki væri stórhátíð og við fengum einkaaðila í Eyjum til að koma til móts við okkur," segir Helga Björk Ólafsdóttir, í undirbúningsnefnd Goslokahátíðarinnar sem haldin verður í Vestmannaeyjum um helgina.

Goslokahátíðin hefur verið haldin frá því árið 1998, eða frá því 25 ár voru frá lokum eldgossins árið 1973. Hún er því haldin í tólfta skipti. Ýmislegt verður á dagskránni meðal annars ganga á Heimaklett og uppgröftur tónminja þar sem tónlist örlagaársins 1973 verður spiluð. Þá verður svokallað Skvísusund sem fyrir löngu hefur fest sig í sessi á hátíðinni. „Goslokahátíðin er þekktust fyrir Skvísusundið í vinnukrónum hjá sjómönnunum þar sem til dæmis koma eldgleypar og spákona."



Búist er við nokkrum þúsundum á Goslokahátíðina um helgina. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Helga Björk segir að Goslokahátíðin sé vinsæl fjölskylduhátíð og býst við að nokkur þúsund manns verði í Vestmannaeyjum um helgina. *- mmf*

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



Sjón og kona hans, Ásgerður Júníusdóttir, við strompinn sem hrundi af sumarhúsi þeirra á Eyrarbakka í skjálftanum í fyrra. MYND/BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

# Sögur úr skjálftanum

Íslenski safnadagurinn verður haldinn hátíðlegur um allt land þann 12. júlí. Söfnin á Eyrarbakka eru þar engin undantekning.

„Hér á Eyrarbakka eru söfnin tvö. Byggðasafn Árnesinga sem er með sína grunnsýningu í 18. aldar húsi sem kallað er Húsið á Eyrarbakka, og hins vegar Sjóminjasafnið,“ segir Lýður Pálsson, forstöðumaður Byggðasafns Árnesinga.

„Venjan hefur verið að bjóða upp á ókeypis aðgang auk þess sem við höfum haft tónlistardagskrá um miðjan daginn,“ segir Lýður. Í ár verða tónleikarnir þó að kvöldi föstudags og laugardags þar sem meðal annars verður spilað á forntpíanó Hússins á Eyrarbakka.

Auk grunnsýninga beggja safna verða sumarsýningar í báðum húsum. „Í Húsinu er sýningin Hvar varst þú – Stóri skjálftinn. Þar verða reynslusögur þeirra sem lentu í skjálftanum fyrir ári síðan í öndvegi,“ segir Lýður og tekur fram að Byggðasafn Árnesinga hafi farið illa í skjálftanum og hafi þó nokkrir munir skemmst. Því sé skjálftinn Eyrarbakkabúum eftirminnilegur. „Næstu daga eftir skjálftann höfðu gestir mestan áhuga á skjálftanum og því fórum við í kjölfarið að safna sögum,“ segir hann en safnið á orðið um hundrað reynslusögur. Lýður rifjar upp eina söguna fyrir blaðamann. „Skáldið Sjón og kona hans Ásgerður Júníusdóttir eiga sumarhús á Eyrarbakka. Sjón var í baði þegar skjálftinn reið yfir. Hans fyrstu viðbrögð voru að sveipa um sig handklæði, hlaupa inn í stofu, sækja fartölvuna sína, stinga í tösku og út í garð þar sem hann lagði töskuna á vel valinn stað. Enda var aðalatriðið að tapa ekki skáldsögunni sem geymd var í tölvunni,“ segir hann glettinn. Strompurinn af húsi þeirra Sjóns og Ásgerðar hrundi í skjálftanum og er nú til sýnis í garði Hússins á Eyrarbakka ásamt reynslusögunni.

*-sg*



Tveir rokkarar á Eistnaflugi. MYND/HELDRIVE

# Árshátíð rokkarans

Eistnaflug, Rokkfestival í Egilsbúð í Neskaupstað verður haldið í fimmta sinn helgina 9. til 12. júlí. „Þetta er árshátíð rokkarans þar sem við bjóðum upp á allt það rokk sem til er á Íslandi og svolítið frá útlöndum líka,“ segir Stefán Magnússon sem er upphafsmaður hátíðarinnar og hefur séð um hana í fimm ár.

„Þessi hátíð hefur þróast alveg dásamlega. Í upphafi vorum við bara með partý heima í stofu eftir tónleikana í Egilsbúð en með árunum hefur þetta stækkað og dafnað og orðin nokkurs konar útihátíð,“ segir Magnús. Í fyrra mættu um 700 manns í Egilsbúð og gistu margir á tjaldsvæðinu þar sem iðulega myndast mikil stemning að loknum tónleikum. „Við vonumst eftir fullu húsi en Egilsbúð rúmar í kringum 700 manns,“ segir Magnús.

Á hátíðinni kemur fram 31 hljómsveit og má þar nefna hljómsveitir á borð við Ham, Mínus, Brain Police og Mammút. Tónleikar verða á fimmtudegi, föstudegi og laugardegi og spila um tíu hljómsveitir á hverju kvöldi. En hvað kostar? „Fyrir öll kvöldin auk tjaldstæðis kostar 4.900 krónur,“ svarar Magnús og lofar miklu stuði. „Það verður ekkert Stuðmannavesen inn á milli, aðeins rokk, allt frá rólegheitarokki upp í stanslaust brjálæði.“

Nánari upplýsingar má finna á www.eistnaflug.is.

*-sg*












**Mikið fjör var á hátíðinni í fyrra og eflaust verður það sama uppi á teningnum í ár.** MYND/ÚR EINKASAFNI

# Víkingaveisla í Dýrafirðinum

Dýrafjarðardagar, fjölskylduskemmtun með víkingaívafi, verður haldin dagana 2. til 5. júlí og er búist við metaðsókn í ár.

Þar hefur verið útbúið sérstakt víkingasvæði með markaði og víkingum, ásamt því sem víkingaskipið Vésteinn mun sigla með gesti. Þá verða þreyttar tvær greinar í aflraunakeppninni Vestfjarðavíkingurinn.

Erna Höskuldsdóttur hefur ásamt fleirum haft veg og vanda af skipulagningu hátíðarinnar, og segir hún dagskrána fulla af skemmtilegum atriðum og uppákomum. Meðan á hátíðinni stendur verður til dæmis margt í boði fyrir börnin, svo sem fríar hestaferðir, hoppukastalar og sundlaugardiskó. Meðal annarra viðburða má nefna lista- og handverkssýningar, grillveislu, súpu í garði að hætti Dalvíkinga og kvöldvöku sem lýkur með balli þar sem Ingó og Veðurguðirnir leika.

Þess má jafnframt geta að leikritið Dragedukken verður sýnt í Félagsheimilinu í uppsetningu íþróttafélagsins Höfrungs en það tengist sögu Þingeyringa seint á 19. öld.

*-hds*



**Kanaríhátíðin var stofnuð af Kanaríeyjaförum en allir eru velkomnir á hátíðina.**

# Haldið í síðasta skipti í Árnesi

Kanaríhátíð Kanaríeyjafara hefur verið haldin síðustu tíu ár í Árnesi en verður haldin þar í síðasta skipti um helgina. „Við erum að hætta í Árnesi vegna þess að Landsvirkjun er að taka húsin á leigu og þess vegna hentar þetta ekki fyrir svona stóran hóp. Jóhanna og Bergleif í Árnesi hafa í gegnum tíðina verið mjög hjálpleg,“ segir Sigurborg Jónasdóttir, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.

Kanaríhátíðin er haldin í sextánda skipti og segir Sigurborg alla velkomna þó þeir hafi ekki komið til Kanaríeyja. „Fólk kemur og nýtir það sem við höfum upp á að bjóða en hátíðin byrjar á föstudaginn. Það hittist og skemmtir sér á harmónikkuballi, í skoðunarferð um Þjórsárdalinn, á hátíðarhlaðborði og skemmtun með Geirmundi Valtýssyni.“

Sigurborg segir að undirstaðan sé sama fólkið þó fjöldinn aukist en hún býst við tvö til þrjú hundruð manns. „Þetta er fólk á öllum aldri. Við höfum stílað upp á það að ef við viljum hafa gaman þá verður gaman. Maður er manns gaman.“

*-mmf*

# Heimsins besta súkkulaðimús

Gleðin verður við völd þegar fjölskylduhátíðin Kátir dagar í Langanesbyggð og nágrenni verða haldnir 15. til 19. júlí.

„Meðal þess sem boðið verður upp á er heimsins besta súkkulaðimús, að mati tímaritsins Lonely Planet, á Gistiheimilinu Lindarbrekku á Bakkafirði,“ segir Halldóra Gunnarsdóttir, formaður undirbúningsnefndar, og bætir við að hátíðin hafi verið í sókn síðustu ár.

Hún lofar fjölbreyttri dagskrá að þessu sinni. „Við fáum leyfi til að ganga upp á Gunnólfsvíkurfjall. Þar er mælingarstöð og venjulega allt lokað af. En opnað verður á fjallið í fjóra tíma. Svo verður messa í Sauðaneskirkju. Búið er að leggja hana af sem sóknarkirkju en við ætlum að reyna að messa einu sinni á ári í þessari ævagömlu kirkju,“ segir hún.

„Þá finnst mörgum spaugilegt að sýningin Um ljósgleypa, ormagöng og týndan símaklefa L.O.T.S., eftir Þórarinn Blöndal og Gústav Geir Bollason, verði haldin í netafærageymslu og gömlum símaklefa í Þórshöfn.“

Hún bendir á að ýmislegt verði í boði fyrir yngstu kynslóðina, þar á meðal kassaklifur og kassabílarall. „Svo verður Kátudagamótið í Lasertag haldið en það hefur aldrei fyrr verið í boði á svæðinu. Einnig má nefna að haldnir verða dansleikir á kvöldin, með Ljótu hálfvitunum, Veðurguðunum og Dísel, útimarkaður, varðeldur og fleira.“

*-hds*



**Mikið verður um að vera á Kátum dögum í Langanesbyggð.**


Ánægjustundir í Ölveri

Tryggðu stúlkunni þinni pláss í skemmtilegum og uppbyggjandi sumarbúðum!















- Hollur matur og fyrsta flokks leiðbeinendur
- Leikir, útivist, sköpun og vinátta
- Fræðsla um kristna trú og góðu gildin
- Daglegar myndir og fréttir á www.kfum.is

| | |
|---|---|
| **5. fl. 30. júní - 6. júlí, 7 dagar** 10-12 ára (1997 - 1999) | Verð kr. 36.400 Fullbókað / biðlisti |
| **6. fl. 7. - 13. júlí, 7 dagar** 8-10 ára (1999 -2001) | Verð kr. 36.400 Örfá pláss laus |
| **7. fl. 14. - 20. júlí, 7 dagar** 9-11 ára (1998-2000) | Verð kr. 36.400 Nokkur pláss laus |
| **8. fl. 21. - 27. júlí, 7 dagar** 10 - 12 ára (1997 - 1999) | Verð kr. 36.400 Fullbókað / biðlisti |
| **9. fl* 28. - 31. júlí, 4 dagar** 6 - 8 ára (2001 - 2003) | Verð kr. 19.800 Nokkur pláss laus |
| **10. fl 4. - 10. ágúst, 7 dagar** 13 - 15 ára (1994 - 1996) | Verð kr. 36.400 Nokkur pláss laus |
| **11. fl** 11. - 14. ágúst, 4 dagar** 11 - 13 ára (1996 - 1998) | Verð kr. 22.800 Örfá pláss laus |
| **12. fl 4. - 6. sept., 2 dagar** Frá 6 ára Mæðginaflokkur | Verð kr. 5.900 Laus pláss |
| **13. fl 11. - 13. sept. 2 dagar** Frá 6 ára Mæðgnaflokkur | Verð kr. 5.900 Laus pláss |



**Rútugjald frá Reykjavík innifalið í verði.**
*9.fl er krílaflokkur fyrir yngri stúlkur, þar eru færri stúlkur og flokkurinn styttri en venjulega

**11. flokkur er listaflokkur með sérstakri áherslu á samvinnu í ólíkri listsköpun, undir stjórn Margrétar Rósar Harðardóttur myndlistarkonu frá listaháskólanum í Bremen.

Allar nánari upplýsingar á www.KFUM.is og í s. 588 8899

KFUM KFUK

## Atvinna

ÓSKUM EFTIR VÖNUM ÚTHRINGJARA.
VEL LAUNAÐ STARF.
Vinnutími 3-4 kvöld í viku frá kl 18-22 (samkomulag).
Miklir tekjumöguleikar. Þægileg vinnuaðstaða.
Æskilegur aldur 30 – 60 ára.
**Nánari upplýsingar gefa**
**Samúel s. 8970948, Eiríkur s. 8227303.**

RESTAURANT Jómfrúin
**Óskað eftir starfsfólki**
til framreiðslu (þjónn).
Hlutastarf, dagvinna, helgarvinna.
40 ára og eldri velkomnir.
**Upplýsingar gefur Jakob**
**í síma 898 4909 eða 551 0100**

**ÚRA- OG SKARTGRIPAVERSLUN**
óskar eftir starfskrafti í fullt starf.
Starfsmaður þarf að vera stundvís, röskur og snyrtilegur. Hafa góða þjónustulund og framtakssemi.
**Umsóknir með mynd berist til bjorn@meba.is**
**Upplýsingar í síma 848 1773**

## Tilkynningar




Bifhjóli af gerðinni American Ironhorse árgerð 2007 var stolið við Rósarima 2 í kringum 27. maí síðastliðinn. Skráningarnúmer hjólsins er VH 983 og er það rautt að lit og sambærilegt við hjólið á myndinni.
**Þeir sem mögulega geta veitt upplýsingar um málið er beðnir um að hafa samband við Svein Fjalar á netfangið sveinna@vis.is eða í síma 560-5322. Vegleg fundarlaun í boði.**

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum - Ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Rannsóknaborun á háhitasvæði neðan Hveradals í Krísuvík, Hafnarfirði.**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Breyting á veglínu Norðausturvegar (85), Hófaskarðsleið, við Klapparós og Katastaði, Norðurþingi, samkvæmt veglínu 162.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **4. ágúst 2009.**

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Líkamsrækt

ÁRANGUSRÍK HEILSUBÓT Heildrænt Æfingakerfi www.yourultimatefatlosssystem.com

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!**
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Unleash the Power Within**
**TONY ROBBINS LIVE**
**Róm 25-28.september**
**www.englar.is**
**567-6617 / 699-6617**

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Skemmtilegt námskeið fyrir börn og fullorðna. Nánari uppl. s: 895 1551 www.brokey.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



Til sölu hvolpur enskur Setter, aðeins einn eftir. Uppl. í s. 772 8910.



Svartur Labrador rakki til sölu, 3 mán, ættb.færður hjá H.R.F.Í. V. 130 þús. Uppl. í S. 822 0383 & 822 2118 einnig á www.labbapabbi.dyraland.is.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir ferðamenn



ERTU Á LEIÐ Á HNJÚKINN? Leigjum út brodda, belti, karabínur og axir. 5000 kr helgarleiga. Einnig hægt að leigja staka hluti. Bragi s 896 7979, Magnús s. 892 1679

## Ýmislegt

Óska eftir notuðu Íslensku góðu hústjaldi. T.d frá Tjaldborg eða Seglagerðinni. uppl. í s. 849 5087.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. bað. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Hafnarfj-Reykjavík-Keflavík**
**Einstaklings, 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir til leigu. Nánari upplýsingar á www.heimahagar.is**

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Til leigu glæný 4 herb. íbúð í Suðurhólum. Er laus strax. Verð 130 þús. á mánuði. Uppl. s. 699 3366, 896 1018.

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. S. 663 5791.

2 herb. 80fm íbúð í hólunum til leigu. Laus strax. Uppl. s. 849 8131.

Rúmlega 60fm 2 herb. íbúð til leigu í Kóp. 75þ. á mán. með hússj. Uppl. í s. 659 1739.

Rúmgóð, björt, reyklaus og mjög snyrtl. herbergi til leigu í 105, eldh./WC/þvottahús sameiginlegt, verð frá 25þús/mán,s. 863 5514.

68 fm. 2ja herb. íbúð í kjallara í einbýli við Hvannhólma,Kóp. Sérinng. laus, reglusemi áskilin. V.85þ. S. 660 3820.

Til leigu 35 fm stúdíóíbúð á góðum stað í Kópavogi. Verð 70 þús. p/mán. Uppl. í s. 860 1998.

## Húsnæði óskast

**101-105 langtímaleiga**
Fullorðinn maður með hund og kött óskar eftir 2-3 herb. íbúð til leigu í 101-105. Þarf að vera í snyrtilegu umhverfi, rúmgóð og björt, í góðu standi og með garð eða auðveldu aðgengi fyrir dýrin. Eingöngu langtímaleiga (mörg ár) eða kaupleiga kemur til greina. Hámarksgreiðsla 85.000,- pr mán. Frekari uppl. hjá Jens í s. 899-7987.

Hjón með 2 ung börn og gæfan hund sem geltir aldrei óska eftir 4-6 herb. húsnæði á höfuðborgarsvæðinu strax, í langtímaleigu. Blokk kemur ekki til greina. Uppl. í s. 866 0771.

Vantar stúdíó eða 2ja herbergja íbúð í borginni frá 15. ágúst. Rólegt reglufólk. s. 894-9804.

## Sumarbústaðir

58fm sumarhús við Álftavatn á eignarlandi. Með hitaveitu og heitum potti, mikill gróður. Svefnherb. & svefnloft. Stofa og eldh. í sama rými. Verðið 12,3 millj. Uppl. í s. 894 1606.

## Atvinnuhúsnæði

Þarftu að stækka, minnka eða færa þig um set? Við sérhæfðum okkur í að finna hentugt atvinnuhúsnæði fyrir fyrirtæki, rekstraraðila og stofnanir. Sjáum um alla samningagerð. Erum í beinum tengslum við leigusala atvinnuhúsnæðis víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnueignir - löggild leigumiðlun. Helgi Már 897 7086 og Ólafur 824 6703

Hlíðasmári Kópavogi Aðstaða fyrir nuddara, snyrtifræðinga o.þ.h., mism. stærðir. Mjög hagstætt leiguverð. Uppl. í 695 7045.

100m2 verslunarhúsnæði Staðsett í Hlíðasmára, Kópavogi. Mjög ódýrt fermetra verð. Uppl. í síma 695 7045.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Bílskúr

25 fm. bílskúr með hita, á Háaleitisbraut til leigu. 25þús. á mán. án hita. Uppl. í s. 849 8411, Silla.

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð 950 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

Íbúð á Akureyri Rúmgóð íbúð staðsett í hjarta Akureyrar. Leigist út viku í senn frá mán.-sun. á tímabilinu 6. júlí - 3. ágúst. Upplýsingar í síma 695-7045

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Óskum eftir vélvirkja, bifvélavirkja eða vönum manni á vélaverkstæði. Uppl. í s. 567 2050

Við erum að leita eftir bæði þjónum og kokkum í vinnu í Noregi! AL FORNO er ítalskur veitingastaður í Stavanger og Sandnes sem mun opna fleiri staði í framtíðinni. Við leitum eftir fólki sem hefur reynslu í þessum bransa og hæfniskröfur eru: - 18 ára aldurstakmark - góð mannleg samskipti - geta nokkurnvegin talað og skilið eitt skandinavískt tungumál (dönsku, norsku eða sænsku) - dugnaður og geta til þess að vinna undir álagi Ef þú hefur áhuga endilega sendu okkur e-mail á: post@alforno.no Góð laun og jafnvel húsnæði er í boði fyrir samviskusamt og duglegt starfsfólk.

Óskum eftir múrara eða mönnum vönum viðgerðarvinnu, Fagvirkni@Fagvirkni.is.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

**Ísbúð-atvinna !**
Við leitum að röskum og vönum aðilum til þess að taka að sér sjálfstæðan rekstur á nýrri ísbúð í fallegu umhverfi. Umsóknir sendist á hitti@simnet.is

**Verkstjóri**
Vantar verkstjór á saltfiskvinnslu og aðra fiskvinnslu. Uppl. í s. 892 0367.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Gott fólk, nú hefur hann Petrónius sem 17 ára svartur loðinn innikÖttur sem tekinn er að grána í vöngum tekið uppá því að leggjast í ferðalag,Hann lagði af stað þann 29.6.hvert vitum við ekki en hann er ólalaus og á heima á Bárugranda 7í 107 Rvk. og er ákaflega sárt saknað. Viljið þið vera svo væn að hafa augun hjá ykkur og hafa sambandi í síma 695 0045 eða 552 2797 ef hann verður á vegi ykkar.

Gullarmband tapaðist í Reykjavík fimmtudaginn 25. júní. Tapaðist fyrir utan einhvern af þessum stöðum. Álnabæ, Hótel Ísland, Flugfélagið Ernir. Upplýsingar í síma 869 9051.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Ertu einmana í nótt ?**
**Dreymir þig um hvað þú gerir við okkur ? Hringdu, engin bið. Næstum öll símafyrirtæki ná í gegn. S. 908 6666**

Jæja það er flott, koma svo þið hinir. Dreymdi Emil í nótt. Búið er að uppfæra vefsetrið (v1.08), nú með enn flottari grafík. Ýmsu ósvarað. Allir hressir. -ritari


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Sumarhátíð í
Bónus á Korputorgi
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
1198
GRÍSALUNDIR FROSNAR INNFLUTTAR
1198 kr./kg.
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR
598 kr./kg.
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR. 40% AFSLÁTTUR
1798 kr./kg
498
GÓU ÞRENNA: 3 KASSAR
200g 498 kr.
598
598 kr. 8 ltr.
598
598 kr. 8 ltr.
98
98 kr. 2 ltr.
298
BÓNUS RÚLLUTERTA 320G 298 kr.
298
BÓNUS FIMM-LAGA-TERTA (VÍNARTERTA) 600G 298 kr.
1898
KOOP
GÖNGUSTAFIR
2 STK. 1898 kr.
NÝTT!
emmessís
998
EMMESS SUMARKASSI 20 STK 998 kr.
BÓNUS
598
BÓNUS ÍSPINNAKASSI
24 STK 598 kr.
298
BÓNUS EINNOTA MYNDAVÉL
298 kr. 27 MYNDA !
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

# Ríkisstjórn vonbrigðanna

**UMRÆÐAN**
Jóhann Már Helgason skrifar um kjör háskólanema

Hinn 11. júní samþykkti meirihluti stjórnar LÍN nýja lánasjóðssamninga til handa námsmönnum. Þessir samningar eru eins slakir og þeir geta orðið. Námsmannahreyfingarnar sem eiga sæti í stjórn sjóðsins létu óánægju sína í ljós og neituðu að skrifa undir fyrrnefnda samninga, en þeir voru að endingu samþykktir í krafti meirihluta menntamálaráðherra.

Frá upphafi „samningaviðræðnanna“ var krafa stúdenta skýr: að mánaðarleg grunnframfærsla námslána myndi hækka til jafns við atvinnuleysisbætur. Var í fyrsta lagi gengið út frá þeirri forsendu að í dag telur hið opinbera atvinnuleysisbætur, um 150.000 þúsund krónur mánaðarlega, vera lágmarksupphæð fyrir einstakling til að framfleyta sér. Það er óeðlilegt að telja námsmenn geta framfleytt sér á þriðjungi lægri upphæð. Í annan stað var horft til þess að gera nám að fýsilegri kosti í kreppunni, í stað þess að hafa almenning aðgerðalausan á kostnað atvinnuleysistryggingasjóðs. Þessi sjónarmið stúdenta hunsaði menntamálaráðherra.


JÓHANN MÁR HELGASON

Hinir nýundirrituðu lánasjóðssamningar gera ráð fyrir því að stúdentar fái áfram einungis 100.600 kr. mánaðarlega til að framfleyta sér. Hér er því um verulega kjaraskerðingu að ræða fyrir námsmenn þar sem verðbólga og vísitala neysluverðs hafa rokið upp á milli ára. Undirritaður skorar hér á meirihluta stjórnar Lánasjóðsins sem og menntamálaráðherra að sýna fram á hvernig námsmenn eiga mögulega að geta lifað á 100.600 kr. á mánuði. Meirihluti stjórnar LÍN og menntamálaráðherra hafa ítrekað varið nýlega lánasjóðssamninga og sagt stúdenta geta verið fegna að lánin voru ekki skert frekar. Það verður að teljast barnsleg hagfræði af hendi menntamálaráðherra að telja samningana ekki fela í sér ríkulega skerðingu miðað við verðbólgu, á sama tíma og ríkisstjórnin boðar skjaldborg um íslenska velferðarkerfið.

Nýkjörin ríkisstjórn landsins setti sér þau háleitu markmið að styðja við menntun og nýsköpun í landinu. Þessum markmiðum virðist hún nú hafa gleymt. Með þessu áframhaldi mun landflótti stúdenta verða að veruleika, fólk festir rætur erlendis og snýr ekki aftur í bráð. Menntunarstig þjóðarinnar mun lækka og erfiðara verður fyrir íslenska lýðveldið að vinna sig úr yfirstandandi vanda. Menntun er grundvallarforsenda hagvaxtar - vegurinn úr erfiðleikunum - sem núverandi ríkisstjórn hefur ákveðið að gera að forréttindum hinna ríku og efnameiri. Það er svo sannarlega ekki tekið út með sældinni að vera námsmaður í dag.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Stúdentaráðs HÍ.*

# Fyrirtæki virði mannréttindi

**UMRÆÐAN**
Bryndís Bjarnadóttir skrifar um mannréttindi


BRYNDÍS BJARNADÓTTIR

Sú tíð er liðin að ríki séu allsráðandi á alþjóðavettvangi. Hnattvæðingin hefur að miklu leyti fært valdið frá ríkjum til alþjóðastofnana og stórfyrirtækja sem að stórum hluta stýra hagkerfi veraldar. Í dag eru fjármálaumsvif margra stórfyrirtækja jafnvel meiri en meðalstórra þjóðríkja og í skjóli áhrifa sinna njóta þau því miður oft refsileysis á alþjóðavettvangi. En öllum áhrifum fylgir ábyrgð og alþjóðafyrirtækjum er ekki síður skylt að virða mannréttindi í starfsemi sinni en ríkjum. Mannréttindasamtök beina því ekki lengur baráttu sinni einvörðungu að ríkisvaldinu heldur í síauknum mæli að alþjóðafyrirtækjum og stofnunum.

### Heilsusamlegt umhverfi og öruggt húsaskjól

Athafnir fyrirtækja geta vissulega haft jákvæð áhrif á líf einstaklinga, til dæmis með aukinni atvinnusköpun þar sem allir þættir starfsemi og rekstiurs taka mið af viðurkenndum mannréttindum. En sum fyrirtæki grafa undan samfélögum og réttindum einstaklinga, beint eða óbeint. Annað hvort vegna skammsýni eða vegna skeytingarleysis.

Þar sem hörð samkeppni alþjóðlegra fyrirtækja ríkir um auðlindir eru samfélög víða grátt leikin.

Olíustarfsemi Shell á óseyrum Nígerfljóts í Nígeríu er eitt versta dæmið um það hvernig stórfyrirtæki geta fótum troðið mannréttindi fólks, sérstaklega í þróunarríkjunum, og komist upp með það. Ný skýrsla Amnesty International, Nigeria: Petroleum, Pollution and Poverty in the Niger Delta, sýnir glögglega hvernig olíurisinn Shell hefur um áratugaskeið mengað umhverfið á óseyrum Nígerfljóts og alvarlega skert þau jarðargæði sem nauðsynleg eru íbúum svæðisins til mannsæmandi lífs.

Íbúar sem búa nálægt olíuvinnslustöðum Shell í Nígeríu verða að notast við mengað vatn til drykkjar, þvottar, og matseldar; þeir veiða sér fisk til matar sem er mengaður hráolíu og öðrum eiturefnum, það er ef fiskur veiðist á annað borð, því lífríkið á óseyrum Nígerfljóts hefur beðið mikinn skaða af olíumenguninni.

### Shell geri hreint fyrir sínum dyrum

Þrátt fyrir að olíuvinnsla Shell í Nígeríu hafi skilað ríkinu milljörðum Bandaríkjadala í tekjur lifa 70% almennra borgara undir fátæktarmörkum. Auðurinn safnast á hendur sárafárra. Olíuvinnsla á óseyrum Nígerfljóts hefur hneppt íbúa í fjötra fátæktar og leitt til alvarlegra mannréttindabrota, harðra átaka og örvæntingar.

Umhverfisspjöll sem hlotist hafa af starfsemi Shell hafa alvarleg heilsuspillandi áhrif á íbúana og ógna lífsviðurværi þeirra, þar á meðal fiskveiði og landbúnaði. Þá eru íbúar sjaldnast upplýstir um áhrifin sem olíuvinnsla Shell á svæðinu hefur á mannréttindi og umhverfi þeirra. Þrátt fyrir að Shell hafi árið 2008 lofað umbótum og ábyrgari starfsemi á óseyrum Nígerfljóts er enn hyldýpisgjá á milli loforða og efnda. Hvorki yfirvöld í Nígeríu né olíufyrirtækin sjálf hafa haft nægilegt eftirlit með áhrifum starfseminnar á umhverfið og látið undir höfuð leggjast að koma í veg fyrir alvarleg umhverfisspjöll og áhrif þeirra á lífsafkomu og mannréttindi íbúa svæðisins.

Amnesty International krefst þess að olíufyrirtækið Shell geri hreint fyrir sínum dyrum og viðurkenni áhrif olíumengunar á mannréttindi íbúa á óseyrum Nígerfljóts. Samtökin krefjast þess jafnframt að olíumenguð svæði verði hreinsuð að fullu, komið verði í veg fyrir frekari umhverfisspjöll og mengun, að lögboðið og reglubundið mat á áhrifum olíuvinnslu á mannréttindi íbúa verði tryggt og að þeir hafi fullan aðgang að upplýsingum um áhrifin á umhverfi sitt og mannréttindi.

Amnesty International bindur vonir við að Peter Voser, sem tók við embætti framkvæmdastjóra Shell í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Hollandi (Royal Dutch Shell) 1. júlí, muni hefja nýjan kafla í starfsemi Shell á óseyrum Nígerfljóts, þar sem ábyrgð og gagnsæi eru sett á oddinn og mannréttindi virt.

### Alþjóðleg viðmið um ábyrgð fyrirtækja

Öll fyrirtæki bera ábyrgð á áhrifum starfsemi sinnar. En þrátt fyrir fjölda dæma um skýlaus réttindabrot fyrirtækja er ekki fyrir hendi neitt alþjóðlegt eftirlitskerfi með framferði fyrirtækja þegar kemur að mannréttindum. Og það eru oftast hinir fátæku sem bera meginþungann af slæmu framferði stórfyrirtækja. Skortur á refsiheimildum ýtir undir fleiri mannréttindabrot, sem festir enn frekar í sessi fátækt og misrétti, og grefur undan möguleikum fátækra til að fá grundvallarmannréttindi sín uppfyllt. Lykillinn að breytingum felst í raunverulegri ábyrgð fyrirtækja og fjármálastofnana á mannréttindum, ekki bara í orði heldur á borði.

Amnesty International mun leggja kapp á að brúa það hyldýpi sem nú ríkir á milli loforða og efnda um ábyrgðarskyldu fyrirtækja og alþjóðlegra fjármálastofnana. Það verður gert með því að kalla eftir sterkara regluverki, bæði á alþjóðavettvangi og innan einstakra ríkja, til að sporna megi við mannréttindabrotum, knýja fram alþjóðleg meginviðmið um mannréttindi sem fyrirtæki taki tillit til í allri áætlanagerð og á öllum stigum ákvarðanatöku, og að síðustu tryggja einstaklingum sem þolað hafa mannréttindabrot af hálfu fyrirtækja aðgengi að réttarkerfinu.

*Höfundur starfar sem herferða- og aðgerðastjóri Íslandsdeildar Amnesty International.*

# Hvers vegna er Icesave-samningurinn góður?

**UMRÆÐAN**
Björn Valur Gíslason skrifar um Icesave


BJÖRN VALUR GÍSLASON

Í öllu því sem sagt hefur verið og skrifað um Icesave hef ég enn ekki fundið rök fyrir því að hinn íslenski tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta eigi ekki að greiða þær skuldir sem til var stofnað af Landsbankanum vegna Icesave. Þvert á móti er ég ekki í nokkrum vafa að okkur beri að standa við þær skuldbindingar sem á okkur voru lagðar með jafn ógeðfelldum hætti og raunin er.

Icesave-reikningarnir voru stofnaðir af Landsbankanum vegna þess að hann var kominn í vandræði með að endurfjármagna gríðarmiklar skuldir sínar. Með því að yfirbjóða í vaxtakjörum á innlánsreikningum náði bankinn að lokka til sín fleiri sparifjáreigendur en íbúafjöldi Íslands er. Liður í að markaðssetja þessa reikninga var að tiltaka sérstaklega á heimasíðu þeirra að allir sparifjáreigendur væru varðir af íslenska tryggingarsjóðnum og því þyrftu menn lítið að óttast ef allt færi á versta veg. Við þessar aðstæður hefði verið ástæða af íslenskum stjórnvöldum og eftirlitsaðilum að bregðast við en það var ekki gert, þrátt fyrir ábendingar frá hollenskum og breskum yfirvöldum þess efnis.

Einhverjir segja að það sé samt þannig að okkur beri ekki skylda til að greiða þá lágmarkstryggingu sem lofað var. Svoleiðis málflutning er hins vegar mjög erfitt að skilja vegna þess að það er ekki hægt að líta fram hjá sök íslenskra stjórnvalda og útrásarvíkinga í máli þessu. Það er allavega ekki Bretum eða Hollendingum að kenna að íslenskur banki hafði sparifé af fólk til að fjármagna skuldir sínar eða hvað?

Það er svo alveg rétt að mikil ósanngirni felst í því að íslenskur almenningur þurfi að greiða skuldir íslenskra óreiðumanna erlendis. Það er ósanngjarnt að íslenskir stjórnmálamenn hafi hagað regluverkinu hér heima með þeim hætti að íslenska þjóðin bar ábyrgð á íslenskum fjármálaóreiðumönnum hvert sem leið þeirra lá um heiminn. Engu að síður liggur ábyrgðin hjá þáverandi stjórnvöldum sem störfuðu í fullu umboði almennings.

### Samningurinn

Samningur sá sem gengur undir nafninu Icesave-samningurinn er lánasamningur um greiðslu þessara skulda sem féllu á Ísland vegna Icesave-útibúa Landsbankans erlendis. Samningurinn er til 15 ára og þarf hvorki að greiða afborganir né vexti fyrstu sjö ár samningstímans. Greitt verður inn á höfuðstól skuldarinnar með eignum Landsbankans erlendis sem taldar eru munu standa undir 75-95% skuldanna.

Vart þarf að hafa mörg orð um hversu mikilvægt það er að Íslendingar fái þetta mikla svigrúm til að safna vopnum okkar hér heima, í friði frá ágangi erlendra kröfuhafa. Þann tíma munum við nýta vel til að endurreisa íslenskt efnahagslíf, koma samfélaginu aftur á fæturna og sá tími mun nýtast okkur vel til að koma eignum Landsbankans í verð. Hvenær sem er á samningstímanum geta Íslendingar greitt inn á lánið eða greitt það upp ef betri kjör bjóðast en kveðið er á um í samningnum.

Reyndar verður að teljast frekar ólíklegt að betri kjör bjóðist á næstu árum en þau sem samningamönnum Íslands tókst að knýja fram í samningnum um Icesave. Þar náðist að semja um aðeins 1,25% álag ofan á 4,30% lágmarksvexti OECD, eða alls 5,55% vexti, sem er með því lægsta sem sést hefur í lánasamningum milli landa að undanförnu.

Skuldatryggingaálag Íslands er nú t.d. miklum mun hærra en 1,25% álagið í Icesave-samningnum, að ekki sé talað um þær vaxtatölur sem fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins hafði fallist á að Ísland tæki á sig í október síðastliðnum, áður en hann var svældur út úr stjórnarráðinu.

Ég geri t.d. tæplega ráð fyrir því að frændþjóðir okkar á Norðurlöndum muni bjóða okkur jafn góð kjör og samið var um við Breta og Hollendinga. Icesave-samkomulagið felur það sömuleiðis í sér að íslenska þjóðin mun greiða breskum og hollenskum sparifjáreigendum það sem þeim ber en aðrir, s.s. ýmiss félagasamtök, sveitarfélög og stofnanir, fá sínar kröfur ekki greiddar að fullu fari svo að eignir Landsbankans dugi ekki fyrir skuldinni.

Samningurinn hlífir með öðrum orðum íslenskum skattgreiðendum við því að þurfa að greiða allt tapið af Icesave-rekstri Landsbankans í Bretlandi og Hollandi.

Í rauninni felst gæfa okkar í þessu ömurlega máli í einmitt þessu; að fá tíma og frið til að glíma við erfið mál heima í héraði, að nýta eignir Landsbankans til greiðslu skuldarinnar, hagstæð lánakjör og að það náðist að semja okkur frá miklum hærri skuldum sem annars hefðu hæglega getað fallið á þjóðina.

Þess vegna er Icesave-samningurinn góður samningur sem við megum ekki hafna. Slíkt væri fullkomið ábyrgðarleysi, það er nóg komið af slíku á Íslandi og það myndi gera Ísland efnahagslegan útlaga.

*Höfundur er alþingismaður og varaformaður fjárlaganefndar.*

BROSANDI ALLAN HRINGINN
Veitingastaðir á öllum hótelum • Alltaf stutt í sund • Vingjarnleg þjónusta
Gistiverð frá 4.250 kr. á mann • Fimmta hver nótt frí






13 HÓTEL
ALLAN HRINGINN
1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar
4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjar • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

LAMBAKJOT.IS



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.



# GRILLAÐ LAMBAFILLE
## – FYLLT MEÐ FETAOSTI, FURUHNETUM, SPÍNATI OG APRÍKÓSUM

2 heil lambafille • 100 g fetaostur • 1 poki spínat • 100 g furuhnetur • 50 g apríkósur

Mótið holrými með því að troða trésleif í gegnum bita af lambafille, þannig að gat myndist endilangt. Skolið spínatið og þerrið. Steikið spínatið í ólífuolíu á pönnu, ásamt furuhnetum. Þerrið á pappír. Bætið fetaostinum saman við og blandið öllu vel saman í skál með höndunum. Skerið apríkósur smátt niður og blandið saman við. Kryddið með salti og pipar. Setjið maukið síðan í sprautupoka og sprautið því inn í gatið á lambakjötinu. Nú er það tilbúið beint á grillið í u.þ.b. 2 mín á hverri hlið (fjórar hliðar). Saltið og piprið kjötið eftir smekk. Gangi ykkur vel!

Berið fram með fersku gænu salati , tómötum, blaðlauk, papriku og lárperu.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Matreiðsluþættir líka á netinu - lambakjot.is

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... Á GRILLIÐ

# Hollusta á sem hagkvæmustu verði

**UMRÆÐAN**
Hólmfríður Þorgeirsdóttir skrifar um hollt mataræði

Hvað við borðum getur svo sannarlega haft áhrif á heilsuna. Það er vel þekkt staðreynd að tíðni ýmissa langvinnra sjúkdóma á borð við hjarta- og æðasjúkdóma, ýmsar tegundir krabbameina, sykursýki tegund 2, offitu og fleira tengist mataræði. Það er því mikilvægt, nú þegar matvælaverð hefur hækkað mikið og tekjur heimilanna í mörgum tilfellum dregist verulega saman, að staldra við og huga að því hvað við getum gert til að borða hollt á sem hagkvæmustu verði. Við megum ekki láta efnahagsástandið verða til þess að mataræðið breytist til hins verra. Hér eru nokkur ráð til að halda mataræðinu hollu og góðu á sem hagkvæmastan hátt.

### Hafragrauturinn

Morgunverðurinn er talinn mikilvægasta máltíð dagsins. Eitt er víst, að fæði þeirra sem borða morgunmat er almennt næringarríkara en þeirra sem sleppa þessari fyrstu máltíð dagsins. Hafragrautur með mjólk er sjálfsagt einhver hollasti en um leið ódýrasti morgunverður sem völ er á. Vinsældir hafragrautarins hafa aukist að undanförnu, ýmsir skólar hafa til dæmis boðið upp á hafragraut í morgunmat og er það vel. Fyrir þá sem vilja fá sér sýrðar mjólkurvörur má benda á að ódýrara er að fá sér hreinar mjólkurvörur í eins lítra pakkningum en sykraðar sýrðar mjólkurvörur í minni pakkningum. Rétt er að minna á að mælt er með því að borða fituminni mjólkurvörur. Enn fremur er ráðlagt að taka eina teskeið af þorskalýsi.


HÓLMFRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR

### Matreitt frá grunni

Sjálfsagt er að nýta sér hagstæð tilboð og kaupa þá jafnvel fisk og kjöt í frystinn.

Hakk – má drýgja með því að gera kjötbollur og bæta þá ríflegu magni af mjöli, hafragrjónum eða heilhveitibrauði saman við. Einnig má útbúa hakkrétti með alls konar baunum, sem eru ódýr og hollur matur.

Baunir – hægt er að útbúa ódýra baunarétti eina og sér, til dæmis baunabuff og pottrétti og einnig álegg úr baunum eins og hummus (baunamauk).

Matarmiklar súpur – eru gjarnan góður og ódýr kostur, t.d kartöflusúpur, alls konar baunasúpur, sem má bragðbæta með nokkrum kjötbitum ef vill.

Fiskur – drýgja má fisk með mjöli eða grófu brauði og gera fiskbollur.

Pítsa – mun ódýrara er yfirleitt að gera pítsu heima en að kaupa hana. Það fer auðvitað eftir vali á áleggi en þá er um að gera að huga vel að verði og tilboðum.

Heilsunnar vegna er æskilegt að takmarka neyslu á unnum kjötvörum, svo sem pylsum, bjúgum og farsi, vegna þess að þær eru oft bæði fitu- og saltríkar. Þegar slíkar vörur verða fyrir valinu má benda á næringargildismerkingar á umbúðum og reyna að velja vörur með minna en 1,25 g af salti í 100 grömmum (0,5 g af natríum) og minna en 10% fitu. Almennt er hollara og um leið ódýrara að stilla kjötskammtinum í hóf og borða ríflega af kolvetnaríku fæði með, til dæmis kartöflur, hrísgrjón, pasta, brauð eða baunir og grænmeti. Rétt er síðan að benda á að nota olíu við matseldina í stað smjörlíkis eða smjörs og nota salt í hófi en nota önnur saltlaus krydd í staðinn, t.d. jurtakrydd.

### Veljið grænmeti og ávexti eftir árstíðum og verði

Ráðlagt er að borða fimm skammta af grænmeti og ávöxtum daglega. Við innkaup er því mikilvægt að huga vel að verði og velja eftir árstíðum og tilboðum. Sjálfsagt er að velja oftar ódýrari ávexti eins og appelsínur, banana, epli og perur en minna af dýrari tegundum. Kjörið er að velja frosið grænmeti í rétti og með mat, sem og frosna ávexti. Margir hafa farið að rækta sitt eigið grænmeti og kartöflur, sem gefur ferskt og gott grænmeti, á betra verði. Einnig er tilvalið að rækta eigin kryddjurtir, til dæmis í potti á svölunum eða í eldhúsglugganum.

### Heimabakað brauð og bakkelsi

Ódýrast og oft hollara er að baka brauð og bakkelsi sjálfur og nota þá heilhveiti og hveitiklíð á móti hveiti og jafnvel fræ, olíu í stað smjörlíkis eða smjörs (0,8 dl af olíu samsvara 100 g af smjörlíki eða smjöri) og draga úr sykurmagni.

### Vatn er besti drykkurinn

Vatnið er tvímælalaust besti drykkurinn með mat og við þorsta, bæði fyrir pyngjuna og heilsuna. Aðgengi að góðu drykkjarvatni beint úr krananum er víðast hvar gott. Það er því skynsamlegt að spara bæði peninga og hitaeiningar með því að velja sem oftast vatn til drykkjar. Sykraðir gos- og svaladrykkir veita einungis tómar hitaeiningar, því í þeim eru margar hitaeiningar í formi viðbætts sykurs en nær engin næringarefni. Mikil neysla sykraðra gos- og svaladrykkja getur aukið líkur á ofþyngd og offitu auk þess sem sykurinn getur skemmt tennurnar. Að auki eru í gos- og svaladrykkjum ávaxtasýrur og rotvarnarsýrur sem geta leyst upp glerung tannanna. Veljið því vatnið sem oftast, það er besti kosturinn.

Að lokum má nefna að gott er að læra af reynslunni, kaupa rétt magn miðað við fjölda og vera dugleg að nýta afganga ef einhverjir eru.

*Höfundur er verkefnisstjóri næringar hjá Lýðheilsustöð.*




GRILLJÓN HUGMYNDIR

**Gott í matinn** vörurnar frá MS eru nákvæmlega það sem þarf til þess að gera grillmatinn girnilegri. Það er hægt að gera óteljandi margar útgáfur af ferskum grillsósum með sýrðum rjóma, matreiðslurjóma, grískri eða hreinni jógúrt. Rifni gráðaosturinn og piparosturinn eru líka góðir í sósur eða bara ofan á hamborgarann. Prófaðu svo sýrðan rjóma eða jógúrt með grilluðum ávöxtum. Láttu hugmyndaflugið ráða þegar þú grillar í sumar!

www.gottimatinn.is

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Trúboð Samfylkingarinnar

**UMRÆÐAN**
Rúna Hjaltested Guðmundsdóttir skrifar um Samfylkinguna

Okkur Íslendinga virðist skorta framsýni, þ.e. að geta séð afleiðingar ákvarðana sem teknar eru. Það eru gerð hver heimskupörin á fætur öðrum á öllum sviðum. Menn virðast ekkert vita hvað þeir eru að gera, hafa engar lausnir, engin svör – NEMA Samfylkingin.

Öll þeirra svör eru eins og forrituð, allt verður betra með inngöngu í ESB. Efnahagsmálin batna, fiskveiðimálin, orkumálin, pólitíkin batnar, spillingin batnar, menn verða gáfaðri, klárari, betri – bara ef við göngum í ESB. Skítt með fórnirnar, auðlindir og fullveldi. Það hlýtur að vera allt til vinnandi að fá að vera hluti af alþjóðasamfélaginu – eins og eitt lítið tannhjól í stóru verki sem við komum aldrei til með að hafa nein áhrif á.

Og af hverju ætti ESB að vilja okkur? Er það af því að við erum svo svakalega klár? Eða rosalegir fjármálasnillingar? Af því að svo lítil spilling ríkir hjá okkur?


**RÚNA HJALTESTED GUÐMUNDSDÓTTIR**

Eða af því að við erum svo rosalega langt á undan öðrum þjóðum á öllum sviðum? Hvað halda menn að það gæti verið? Líklegt þykir mér að ESB sjái sér hag í því að komast yfir auðlindir okkar. Einhvers staðar var ritað að næsta gullið í heiminum yrði vatnið – við eigum t.d. nóg af því.

Ýmsir froðusnakkar Samfylkingarinnar, hafa haldið á lofti mikilvægi þess að hefja aðildarumræður við ESB Það byggist á því að ríkisstjórnarflokkarnir hafa engar lausnir, hvað þá getu til að ráða við hið hrikalega ástand sem við glímum við. Í hvert sinn sem fjölmiðlar hafa spurt Samfylkingarmenn, t.d. félagsmálaráðherra Árna Pál Árnason, hvernig bregðast skuli við ýmsum vandamálum í kjölfar kreppunnar er eins og ýtt sé á takka: „Þegar við hefjum aðildarviðræður við Evrópusambandið…“! Sama hvert málefnið er, svörin hefjast og enda alltaf á sömu setningunni.

Svo eru sömu menn spurðir að því hvað Samfylkingin ætlar að taka til bragðs ef að þjóðin hafnaði aðild að ESB. Þá verða þeir alltaf jafnhvumsa – hafa engin svör. Í viðtali einu svaraði Árni Páll: „Við tökum bara á því þegar þar að kemur.“ Því getur maður ekki annað en velt því fyrir sér hvers konar fólk komist í ráðherrastöður? Hvaða hæfileika þurfa menn að hafa til að komast inn á þing eða í ráðherrastöðu? Ekki mjög mikla ef tekið er mið af því fólki sem núna er við völd.

Við Íslendingar erum miklir einfeldningar, sér í lagi þegar kemur að samskiptum við erlenda aðila. Þá er eins og einhver undirlægjuháttur taki yfirhöndina og við viljum gera allt til að forða því að styggja útlendingana, jafnvel á kostnað þjóðarinnar. Sérstaklega virðist þetta eiga við um Samfylkinguna og eru mörg dæmi sem nefna má því til stuðnings.

Nefna má dæmi um Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttir sem endasentist út um allt til að reyna að bjarga heiminum á meðan allt brann hér heima. Sú ætlaði nú aldeilis koma á friði, ekki bara á milli Ísraelsmanna og Palestínu, heldur í Afganistan líka. Í upphafi kreppunnar var hún að reyna að koma okkur inn í Öryggisráðið sem er hugsanlega toppurinn á sjálfsblekkingu stjórnvalda á „egoflippi“.

Þegar Ingibjörg var spurð af fréttamanni hvort henni fyndist ekki 300 milljónir króna sem eytt var í þessa kosningu of mikið, þá svaraði hún; „Við eignuðumst allavega fullt af vinum“! Er þetta ábyrgur ráðherra/stjórnmálamaður? Og hvar eru vinirnir núna, spyr ég?

*Höfundur er sagnfræðingur.*

# 100 daga áætlunin

**UMRÆÐAN**
Heiðar Már Árnason og Sindri Snær Einarsson skrifa um málefni framhaldsskólanema

Þegar þetta er skrifað eru 47 dagar liðnir frá því að 100 daga áætlun ríkisstjórnarinnar var kynnt og sumarið gengið í garð. Okkur hjá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema þykir því tímabært að líta um öxl og sjá hverju hefur verið áorkað með hagsmuni þeirra sem á framhaldsskólaaldri eru að leiðarljósi.


**HEIÐAR MÁR ÁRNASON**


**SINDRI SNÆR EINARSSON**

Fyrst ber að nefna að framhaldsskólanemendur eru aðeins nefndir einu sinni í 100 daga áætluninni og þar segir: „Sköpuð verði ný atvinnutækifæri fyrir ungt fólk t.d. með því að efla Nýsköpunarsjóð námsmanna og ýta úr vör sumarverkefnum fyrir framhaldsskólanema.“

Þessari klausu hefur verið framfylgt að hluta til þar sem nýsköpunarsjóður námsmanna hefur verið styrktur um 15 milljónir. En námskröfur þar eru þess valdandi að einungis háskólanemar geta sótt um. Hvað framhaldsskólanema varðar hefur einni milljón verið varið í úrræði og hafa þeir peningar verið nýttir í verkefnið Samfélagið Frumkvæði en upplýsingar um það má nálgast á vefsíðunni www.frumkvaedi.is. Það er fagnaðarefni að verkefni sem sprettur frá grasrótinni skuli fá stuðning en hver eru næstu skref?

Ætla ráðamenn þessa lands að vera ábyrgir fyrir því brottfalli sem verður úr framhaldsskólum sökum félagslegrar einangrunar og að fjárhagslegir örðugleikar geri ungu fólki ókleift að sækja það nám sem það óskar eftir? Hvað á að gera við þær þúsundir ungmenna sem nú ráfa stefnulaust um götur borgarinnar?

*Höfundar standa bak við Samfélagið Frumkvæði og eru í framkvæmdastjórn Sambands íslenskra framhaldsskólanema.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**IMELDA MARCOS ER 79 ÁRA Í DAG.**

*„Guð er ást. Ég hef elskað. Því mun ég fara til himna.“*

***Imelda Marcos var eiginkona Ferdinand Marcos forseta Filippseyja. Þau voru þekkt fyrir spillingu og er Imelda hvað þekktust fyrir víðtækt skósafn sitt sem taldi yfir þúsund pör.***



**ÞETTA GERÐIST:** 2. JÚLÍ 1964

## Mannréttindalöggjöfin undirrituð

Lyndon B. Johnson Bandaríkjaforseti undirritaði Mannréttindalöggjöf, sem á ensku kallast Civil Rights Act of 1964, á þessum degi það árið.

Lögunum var ætlað að koma í veg fyrir kynþáttamisrétti og tryggja svörtum aukin réttindi, meðal annars með banni við aðskilnaði kynþáttanna.

Skemmst er frá því að segja eftir að Mannréttindalöggjöfin var samþykkt hafði hún víðtæk og langvinn áhrif í Bandaríkjunum öllum, þar með talið í Suðurríkjunum þar sem blökkumenn höfðu búið við einna verst kjör. Var nú bannað að mismuna einstaklingum á grundvelli kynþáttar, hvort heldur í skólakerfinu, á atvinnu- eða húsnæðismarkaði.

Segja má að með undirritun löggjafarinnar hafi draumur blökkumannaleiðtogans Martins Luthers King um jafnrétti kynþáttanna jafnframt orðið að veruleika, en hann hafði þá um langt



skeið barist ötullega fyrir réttindum blökkumanna.

### MERKISATBURÐIR

1178 Þorlákur helgi Þórhallsson er vígður Skálholtsbiskup í Niðarósdómkirkju.
1874 Á Oddeyri og víðar á Norðurlandi er haldin þjóðhátíð í minningu þúsund ára byggðar í landinu.
1876 Alls 752 Norðlendingar flytjast búferlum til Ameríku. Þeir leggja af stað með skoska gufuskipinu Verona frá Akureyri.
1907 Tveir Þjóðverjar farast í Öskjuvatni þar sem þeir voru við rannsóknir.
1948 Þriðji landsleikur Íslendinga í knattspyrnu er gegn Finnum og unnu Íslendingar 2:0.
1974 Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra biðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt.



**VERÐUR PRESTUR Á ÞINGVÖLLUM** Séra Gunnþór Ingason verður sérþjónustuprestur á vegum Biskupsstofu á sviði helgihalds og þjóðmenningar. Auk þess verður hann annar tveggja presta á Þingvöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SÉRA GUNNÞÓR Þ. INGASON:** KVEÐUR HAFNARFJARÐARKIRKJU EFTIR 32 ÁRA ÞJÓNUSTU

## Skil við söfnuðinn sáttur og glaður

„Þetta er langur tími, 32 ár. Ég kom hingað sem ungur maður, 28 ára gamall, og kveð þegar ég er sextugur,“ segir séra Gunnþór Þ. Ingason, sem lætur af störfum sem sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju. Áður en Gunnþór kom til Hafnarfjarðar hafði hann verið vetrarlangt prestur á Suðureyri. „Ég hafði ekki ætlað að taka að mér kröfuhart prestsembætti svo snemma, hafði fremur hug á því að fara í frekara guðfræðinám en var eindregið hvattur til þess af vinum og kunningjum hér í Firði að sækja um sóknarprestsstöðu við Hafnarfjarðarkirkju og kunni síðan vel við mig í Hafnarfirðinum,“ segir hann.

Hann kveðst kveðja kirkjuna í miðbæ Hafnarfjarðar sáttur. „Já, ég geri það. Ég ákvað snemma að leggja minni áherslu á mína persónu og meiri áherslu á mínar hugsjónir,“ útskýrir Gunnþór og gleðst yfir því að hafa fengið að sjá þær margar verða að veruleika, þar á meðal að tengja saman trú og list á skapandi hátt. Og því var vel við hæfi að mesta breytingin á aðstöðu safnaðarins skyldi tengjast Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. „Áður en safnaðarheimilið var byggt var ég með skrifstofu í litlu timburhúsi bak við kirkjuna, Dvergasteini, og síðar í Dvergi. Uppi voru jafnvel hugmyndir um að fá einingahús frá Siglufirði fyrir safnaðarheimili,“ segir Gunnþór, sem þótti það ekki við hæfi enda er kirkjan eitt af fegurstu kennileitum Hafnarfjarðar og stendur undir Hamrinum við höfn og haf. Byggt var eftir glæstri verðlaunatillögu þar sem nýr tónlistarskóli tengdist safnaðarheimili kirkjunnar. Fyrri hluti þess var tekinn í notkun með blessun kapellunnar, Stafns, í febrúar 1995. „Heimilinu var gefið nafnið Strandberg og farið þar að tillögu fermingarbarns eftir nafnasamkeppni fermingarbarna vorsins. Síðari hlutinn var síðan blessaður hinn 27. september 1998 og fólst í safnaðar- og tónlistarsölunum sem fengu nafnið Hásalir.“ Byggingarframkvæmdin var Gunnþóri mikið hjartans mál sem hann viðurkennir fúslega. „Já, ég fylgdist með öllu sem þarna fór fram dag frá degi og var eiginlega auka eftirlitsmaður og í góðu samstarfi við arkitekta.“

Nýverið hefur Hafnarfjarðarkirkja verið fagurlega endurgerð að innanverðu og nýtt orgel hennar í rómantískum stíl var vígt í byrjun síðustu aðventu. Og þess er nú vænst að annað minna orgel í barokkstíl verði vígt í kirkjunni í byrjun komandi aðventu. Gunnþór segir að fagrir draumar sínir og annarra forystumanna Hafnarfjarðarkirkju verði þá enn að veruleika og kveðst hafa mörgum að þakka, bæði lífs og liðnum, fyrir framgang dýrmætra hugsjóna og verka á vettvangi kirkjunnar. Að því er stefnt að kveðjumessa séra Gunnþórs fari fram á vígsludegi Strandbergs, 27. september á komanda hausti. Gunnþór er þó hvergi nærri sestur í helgan stein. Hann verður sérþjónustuprestur á Biskupsstofu á sviði helgihalds og þjóðmenningar en hann er með meistaragráðu í keltneskri kristni. Hann mun auk þess þjóna á Þingvöllum. „Ég geng með gleði og tilhlökkun til nýrra starfa jafnframt því sem ég óska Hafnarfjarðarkirkju og söfnuði hennar blessunar Guðs í framtíð.“

**freyrgigja@frettabladid.is**




†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir, mágur, afi og langafi,*

**Halldór Guðmundsson**
Aðalstræti 28, Akureyri,

lést að heimili sínu hinn 23. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 3. júlí klukkan 13.30.

**Bragi Halldórsson** **María Pétursdóttir**
**Kristján Halldórsson**
**María Magnúsdóttir**
**Svala Guðmundsdóttir**
**Guðmundur M. Guðmundsson** **Jónína Guðríður Davíðsdóttir**
**Jósef Kristján Guðmundsson** **Kolbrún Þórunn Guðmundsdóttir**
**Hrafnkell Guðmundsson** **Steinunn Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Innilegt þakklæti til allra sem sýndu okkur ómetanlega vináttu og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Fanneyjar Magnúsdóttur.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks 4. hæðar Sólvangs í Hafnarfirði.

**Anna Magnea Ólafsdóttir** **Þórarinn Sigvaldi Magnússon**
**Tryggvi Ólafsson** **Theódóra Gunnlaugsdóttir**
**Lára Ólafsdóttir**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, amma og langamma,*

**Helga Kristinsdóttir**
Grenimel 43, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landakotsspítala þann 24. júní, verður jarðsungin í Dómkirkjunni 3. júlí kl. 15.00.

**Ólafur Ragnar Magnússon**
**Kristinn Axel Ólafsson**
**Vala Ólafsdóttir**
**Margrét Ólafsdóttir** **Már Viðar Másson**
**Pála Kristín Ólafsdóttir** **Kristján Björn Ólafsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



†

*Innilegt þakklæti til allra sem sýndu okkur ómetanlega vináttu, hlýhug og samúð við andlát og útför okkar kæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Birnu Salómonsdóttur.**

**Salómon Viðar Reynisson** **Þóra Lind Karlsdóttir**
**Ásgrímur Víðir Reynisson** **Helga Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elísabet Hannesdóttir**
íþróttakennari Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð að morgni miðvikudagsins 1. júlí.

**Anna Björg Sveinsdóttir** **Ingólfur Sigmundsson**
**Ingveldur Sveinsdóttir**
**Þóra Sveinsdóttir**
**Sveinn Ingimar Sveinsson** **Linda Margrét Arnardóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**

†

*Innilegar þakkir færum við þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu*



**Sólborgar Huldu Þórðardóttur**
Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, áður Stigahlíð 18,

**Þórður Adólfsson** **Elsa Jóhanna Gísladóttir**
**Adólf Adólfsson** **Monika Magnúsdóttir**
**og fjölskyldur.**

# Ármann hlýtur hvatningarverðlaun

Ármann Jakobsson bókmenntafræðingur hlaut í gær hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs. Verðlaunin eru stærstu vísindaverðlaunin sem veitt eru á Íslandi, tvær milljónir króna. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs afhenti verðlaunin á Rannsóknaþingi sem haldið var á Grand hótel.

Tilnefningar til hvatningarverðlaunanna koma frá öllum sviðum vísinda og bárust í ár alls 22 tilnefningar. Sérstök dómnefnd handhafa verðlaunanna velur úr tilnefningum. Dómnefndina í ár skipuðu Jakob K. Kristjánsson, framkvæmdastjóri Tækniseturs Arkea, Áslaug Helgadóttir aðstoðarrektor rannsóknamála Landbúnaðarháskóla Íslands, Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, og Hilmar Janusson, þróunarstjóri Össurar hf.

Í rökstuðningi dómnefndar segir meðal annars: „Ármann hefur verið einstaklega frjór og afkastamikill vísindamaður. Ritaskrá hans er bæði löng og fjölbreytt og kennir þar ýmissa grasa. Hann hefur gefið út þrjár frumsamdar fræðibækur, ritstýrt öðrum fjórum og tveggja binda útgáfa hans á Morkinskinnu í ritröðinni Íslenzk fornrit er væntanleg á árinu. Einnig hefur Ármann birt um 80 tímaritsgreinar og bókakafla, verulegan hluta af því í alþjóðlegum ritrýndum fræðiritum, auk fjölda fræðilegra ritdóma. Það vekur sérstaka athygli í hversu mörgum og ólíkum ritum Ármann hefur birt greinar, og sýnir það með öðru þá áherslu sem hann leggur á að kynna rannsóknir sínar á sem fjölbreyttustum vettvangi. Ekki síður endurspeglar það mikla fræðilega breidd því hann er jafnvígur á leyndardóma miðaldabókmennta og spennusögur nútímans.“



**VERÐLAUNAAFHENDING** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra afhendir Ármanni verðlaun Vísinda- og tækniráðs.

---

†



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Halldóru Guðrúnar Björnsdóttur**

Furugrund 60, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sunnuhlíðar fyrir einstaka umönnun og vináttu.

**Jóhanna Bogadóttir**
**Eiríkur Bogason** **Guðbjörg Ólafsdóttir**
**Kristján Bogason** **Jóhanna Emilía Andersen**
**Svava Bogadóttir** **Kristján Bjarnason**
**Gunnar Bogason** **Bergþóra Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar systur okkar, frænku og mágkonu,*

**Sigurveigar Valdimarsdóttur**

Kirkjusandi 1, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Unnur Ósk Valdimarsdóttir**
**Vilhelmína Valdimarsdóttir**
**og aðstandendur.**

---

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi*

**Árni Jóhannes Hallgrímsson**

Breiðuvík 6, 112 Reykjavík,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 28. júní. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju, mánudaginn 6.júlí. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið og Hjartaheill.

**Ásdís Ásgeirsdóttir**
**Ása Árnadóttir** **Sigurdór Friðjónsson**
**Kristjana Vilborg Árnadóttir** **Hannes Björn Friðsteinsson**
**Guðrún Árnadóttir** **Ásgeir Óskarsson**
**Ásgeir Þór Árnason** **Karlotta Jóna Finnsdóttir**
**Hallgrímur Árnason**
**Sigurður Árnason** **Kari Anne Østby**
**Dagný Árnadóttir** **Hafsteinn Hróbjartur Hafsteinsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

†



*Elskuleg móðir okkar, dóttir mín, systir, mágkona og frænka,*

**Elín Snorradóttir**

Maríubakka 20, Reykjavík,

lést á heimili sínu laugardaginn 27. júní.

**Snorri Sigurbjörnsson**
**Sigurður Sigurbjörnsson**
**Magnús Sigurbjörnsson**
**Soffía Júlíusdóttir**
**Sigríður Snorradóttir** **Þorsteinn Sigurðsson**
**Eygló Einarsdóttir**
**Einar, Soffía og Vigdís.**

---

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Friðgerður Guðný Guðmundsdóttir**

Engjavegi 34, Ísafirði,

verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 4. júlí kl.14.00.

**Steinunn S. L. Annasdóttir** **Halldór Benediktsson**
**Vilhelm S. Annasson** **Særún Axelsdóttir**
**Ásgerður H. Annasdóttir** **Ómar Ellertsson**
**Bergþóra Annasdóttir** **Kristján Eiríksson**
**Sigmundur J. Annasson** **Agnes Karlsdóttir**
**Guðný Anna Annasdóttir** **Sigurjón Haraldsson**
**Dagný Annasdóttir** **Húnbogi Valsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sonar, bróður, barnabarns, barnabarnabarns og frænda,*

**Arnórs Alex Ágústssonar**

Laufvangi 9, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Barnaspítala Hringsins og gjörgæsludeildar LSH við Hringbraut fyrir einstaka umönnun og hlýhug. Guð blessi ykkur öll.

**Hjördís Þórarinsdóttir** **Sigurbjörn Ágúst Ágústsson**
**Silja Rut Tómasdóttir**
**Þórarinn Böðvarsson** **Sigrún Ögmundsdóttir**
**Ágúst Guðjónsson** **Ragnheiður Ágústsdóttir**
**Sigurfljóð Jónsdóttir**
**og frændsystkini.**

---

†



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýleika vegna andláts og útfarar ástkærs sonar, bróðirs, mágs og frænda okkar,*

**Birkirs Rúnars Sigurhjartarsonar**

Skarðshlíð 32 B, Akureyri.

**Kristrún Bergsveinsdóttir** **Sigurhjörtur Stefán Kristinsson**
**Bergsveinn Gunnar Sigurhjartarson**
**Sigrún Helga Sigurhjartardóttir** **Bjarni Sveinsson**
**Heiðar Valur Sigurhjartarson** **Hrafnhildur Stefánsdóttir**
**og frændsystkini.**

---

†



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Þorvarður Guðmundsson**

Bifreiðastjóri,

lést á Landspítalanum Fossvogi, sunnudaginn 28. júní sl.

**Anna Sigurbjörg Þorvarðardóttir** **Valur Þórarinsson**
**Guðmundur Jens Þorvarðarson** **Svava Haraldsdóttir**
**Stefán Ragnar Þorvarðarson**
**Aðalbjörg Þorvarðardóttir** **Tryggvi Aðalsteinsson**
**Sigurbjörg Þorvarðardóttir** **Sólmundur Maríusson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Elskuleg móðir mín, dóttir, systir og mágkona,*

**Hlédís Gunnarsdóttir**

Snægili 9, Akureyri,

sem lést þriðjudaginn 23. júní, verður jarðsungin frá Garðskirkju í Kelduhverfi, fimmtudaginn 2. júlí klukkan 14.00.

**Elvar Pálsson**
**Kristveig Árnadóttir**
**Ómar Gunnarsson** **Hrafnhildur Stella Sigurðardóttir**
**Árni Grétar Gunnarsson** **Margrét Sigurðardóttir**

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sverrir Leósson**

útgerðarmaður
Aðalstræti 68, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 7. júlí kl. 13.30.

**Auður Magnúsdóttir**
**Magnús Sverrisson** **Unnur Dóra Norðfjörð**
**Ásthildur Sverrisdóttir** **Jóhann Björgvinsson**
**Ebba Sverrisdóttir** **Sveinbjörn Bjarnason**
**Ragnhildur Sverrisdóttir** **Steinar Sigurðsson**
**afabörnin þín og langafastrákarnir.**

---

†



*Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**G. Hólmfríður Jónsdóttir**

fóstra,

lést á Líknardeild Landspítala í Kópavogi miðvikudaginn 1. júlí.
F.h. aðstandenda

**Sigurður Jónsson, synir, tengdadætur, barnabörn og barnabarnabörn**





# Smápían úr borginni og bíllakkið



NOKKUR ORÐ
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

Það vilja allir ferðast um Ísland þessa dagana. Skiljanlega, ekki kemst fólk úr landi og náttúra Íslands er perla sem margur Íslendingurinn hefur ekki gefið sér færi á að skoða eins vel og hann vildi. Þannig að fólk leiðir það hjá sér að bensíntankurinn kostar það frumburðinn og heldur út á þjóðvegina.

Ég bý ekki úti á landi en ef ég gerði það væri ég líklega vön því að hossast um malarvegi, halda niðri í mér andanum á leiðinni yfir Öxi eða óttast um líf mitt á Vestfjörðum. Kannski væri ég alvön þeirri stefnu yfirvalda að það ætti ekkert að vera bundið slitlag allan þjóðveg eitt. Hann er nú einu sinni bara númer eitt. Þetta er ekkert mikilvægt. Kannski færi þetta ekkert í taugarnar á mér.




En þar sem ég er svo lánsöm að búa í öðru Íslandi en landsbyggðin, fordekraða smáríkinu Reykjavík og nágrenni, þá fer ástand þjóðvegarins, sérstaklega austfjarðamegin (leiðin norður er nokkuð slétt), í taugarnar á mér. Þá eru ónefndir svona litlir útidúrar eins og Vestfjarðakjálkinn. En blessað ástandið hefur gert það að verkum að líklegast verða vegirnir svona eða verri næstu árin. Ríkið og vegagerðin eiga ekki fyrir því að ráðast í nýjar framkvæmdir. Á meðan bíður þjóðvegurinn í henglum.

Ég hef aldrei skilið kröfuna um álver í minni bæjarfélögum úti á landi. Ef það yrði allsherjarverkfall vegna ástands vega myndi ég hins vegar skilja og styðja það fullkomlega. En hvað varðar mig um það. Ég fer bara út á land í frí. Vorkenni lakkinu á bílnum meðan yfir stendur en svo tekur Reykjavíkurmalbikið við. Og þá er það gleymt.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ÓDÝRT Í HAGKAUP

# Mesta úrvalið

OPIÐ til 20 alla daga



ÓDÝRT Í HAGKAUP

KJÚKLINGA BRINGUR

**1.799** kr/kg.

Merkt verð 2.998.-




**1.398** kr/kg.

**Svínalundir**
ferskar



**2.209** kr/kg.
Merkt verð 3.398.-

**Nautafile**
kryddlegið




**1.874** kr/kg.
Verð áður 2.498.-

**Grillsteik úr læri**
kryddlegin




**1.884** kr/kg.
Verð áður 2.899.-

**Kjúklingalundir**
ferskar

Jói FEL



Bestu salötin!




KELOGG'S VARIETY
**598** kr/pk.




KOKTEIL BLÖNDUR
**319** kr/stk.



ÓDÝRT Í HAGKAUP




COKE 2LTR. 4 Í PAKKA
**699** kr/pk.

ÓDÝRT Í HAGKAUP



EPLALENGJA NÝBÖKUÐ
**299** kr/stk.

NÝTT




24 OPIÐ ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 5. júlí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



<3 SVANHVÍT



JACK PENATE

## > Í SPILARANUM

Melchior - Melchior
**<3 Svanhvít** - Partí á Íslandi
Regina Spektor - Far
Wilco - Wilco
Tinariwen - Imidiwan Companions
**Jack Penate** - Everythig Is New

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Gefa út tónleikadisk

Hljómsveitin Blur er komin aftur á stjá og heldur tvenna tónleika í Hyde Park í London í kvöld og annað kvöld. Tónleikarnir verða gefnir út í takmörkuðu upplagi á geisladiskum og í stafrænu formi og verður hægt að kaupa þá í gegnum heimasíðuna Blur.co.uk. Hægt verður að kaupa tónleikadiskinn með hvoru kvöldi fyrir sig eða báða í einu ásamt ljósmyndum frá tónleikunum.

Blur er í fínu formi eftir að hafa lokið Glastonbury-hátíðinni á Englandi um síðustu helgi með glæsibrag. Sveitin spilaði lög frá öllum ferli sínum, þar á meðal There´s No Other Way, Parklife, Country House og Song 2, við góðar undirtektir.



**DAMON ALBARN** Damon Albarn og félagar í Blur spila í Hyde Park í kvöld og annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gítarleikarinn Graham Coxon segir að hljómsveitin hafi aldrei verið betri, þökk sé langri pásu. „Við erum að spila betur en nokkru sinni fyrr. Ég veit ekki hvort við ætlum aftur í hljóðverið og ég vil ekki byggja upp neinar væntingar. Við ætlum bara að sjá til þess að allir skemmti sér og svo spáum við í afganginn síðar,“ sagði hann við NME. Coxon hætti í Blur á meðan á upptökum síðustu plötu sveitarinnar, Think Tank, stóð, árið 2003 en virðist nú vera til í tuskið.




## > Plata vikunnar

Leaves - We Are Shadows

★★★★

„Gæðaplata sem gefur fyrri plötunum ekkert eftir.“

TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Ný stjarna úr stálborginni*

Margar enskar borgir státa af glæsilegri tónlistarhefð. Manchester, Bristol og Liverpool eru til dæmis margfrægar.

Stáliðnaðarborgin Sheffield á sér líka flotta sögu. Þaðan komu nokkrar af framsæknustu post-pönk sveitunum, eins og Cabaret Voltaire, Human League og Clock DVA. Þar var raftónlistarstórveldið Warp Records stofnað og þaðan koma tveir fínir enskir popptextahöfundar – Jarvis Cocker (Pulp) og Alex Turner (Arctic Monkeys). Nýlega bættist ný stjarna í hópinn. Hinn 23 ára gamli Tom Bell sem kallar sig Toddla T.



**TODDLA T.** Sjóðheitur frá stáliðnaðarborginni Sheffield.

Hann er bæði plötusnúður og takta- og rímnasmiður. Hann vakti mikla athygli fyrir Ghettoblaster mixið sem hann gerði í fyrra og fyrir nokkrum vikum kom fyrsta platan hans Skanky Skanky út.

Toddla T er undir miklum áhrifum frá þeirri tónlist sem mótaði hann á unglingsárunum, UK garage, drum and bass, hip hoppi og dancehall. Rétt eins og hjá The Streets þá eru viðfangsefni textanna fengin beint úr hversdagslífinu, en á plötunni eru Roots Manuva og Benjamin Zephaniah. Tíminn mun skera úr um það hvað Toddla endist.

Þessir ensku hip-hop gaurar hafa sumir horfið af sjónarsviðinu með undraverðum hraða. En er á meðan er. Skanky Skanky er frábær plata.

Ein af þeim skemmtilegustu á árinu.






**SPILA DANSVÆNT OG SKEMMTILEGT POPP** Franska hljómsveitin Phoenix gaf á dögunum út sína fjórðu plötu, Wolfgang Amadeus Phoenix. Hefur sveitin fengið mikið lof fyrir plötuna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dansvænt og dúnmjúkt

**Franska hljómsveitin Phoenix hefur fengið mikið lof fyrir sína fjórðu plötu sem kom út á dögunum. Dansvænt og dúnmjúkt poppið er þar allsráðandi.**

Phoenix var stofnuð um miðjan tíunda áratuginn af félögunum Thomas Mars, Deck D´Arcy, Christian Mazzalai og Laurent Brancowitz. Sá síðastnefndi var áður í hljómsveitin Darlin´ sem hann stofnaði með þeim Thomas Banglater og Guy-Manuel de Homem-Christo, sem síðar meir breyttust í dúettinn Daft Punk. Eftir að Darlin´ leystist upp gekk Brancowitz til liðs við þá Mars, D´Arcy og Mazzalai og árið 1996 byrjuðu þeir að koma fram undir nafninu Phoenix.

Fyrsta plata sveitarinnar, United, kom út 2000 og sú næsta, Alphabetical, kom fjórum árum síðar. Sú plata vakti töluverða athygli, aðallega vegna smáskífulaganna Everything is Everything og Run Run Run. Í framhaldinu fór Phoenix í stóra tónleikaferð um heiminn og fylgdi svo herlegheitunum eftir með tónleikaplötunni Live! Thirty Days Ago.

Þriðja hljóðversplata sveitarinnar, It´Never Been Like That, kom út 2006 og enn jukust vinsældirnar. Hljómnum var líkt við The Strokes og plötunni hrósað fyrir grípandi melódíur og hversu auðvelt var að hlusta á hana aftur og aftur án þess að fá leið á henni.

Í byrjun þessa árs var síðan tilkynnt um nýja plötu, Wolfgang Amadeus Phoenix, sem var gefin út 25. maí. Upptökustjóri var Philippe Zdar, annar meðlima frönsku sveitarinnar Cassius. Dansvænt og skemmtilegt poppið er þar allsráðandi og auðvelt að heyra að Phoenix er frönsk í húð og hár, þó svo að áhrif frá nýlegum indísveitum á borð við MGMT og Vampire Weekend, auk The Strokes, leynist einnig innan um.

Titill plötunnar er að sjálfsögðu tilvísun í klassíska meistarann Mozart en heitið á fyrsta smáskífulaginu, Lisztomania, var fundið upp af skáldinu Heinrich Heine þegar hann lýsti hrifningu almennings af píanóleik Ungverjans Franz Liszt sem var uppi á 19. öld. Samnefnd bíómynd um ævi Liszt var gefin út 1975 með Roger Daltrey úr The Who í aðalhlutverki, auk þess sem Bítillinn Ringo Starr var í leikaraliðinu. Til að kóróna sígildu tenginguna var myndbandið við Lisztomania tekið upp í Bayeruthóperuhúsinu í Þýskalandi þar sem hin árlega Wagner-hátíð er haldin til heiðurs tónskáldinu.

Phoenix hefur verið á tónleikaferð um heiminn síðan í maí og er bókuð þangað til í lok nóvember. Gaman verður að fylgjast með þessum arftökum Air og Daft Punk í framtíðinni, sem virðast til alls líklegir.

**freyr@frettabladid.is**

# Bræðingur úr öllum áttum

Platan Form Follows með Tonik kom út nýverið og er hún fáanleg á öllum helstu tónlistarveitum netsins, þar á meðal iTunes, Bandcamp og Gogoyoko.

Tonik er hugarfóstur raftónlistarmannsins Antons Kaldals Ágústssonar og við gerð plötunnar fékk hann til liðs við sig Friðrik Sigurbjörn Friðriksson og Steingrím Þórarinsson á bassa og Þórð Hermannsson á selló. Anton segir að gaman hafi verið að vinna með þeim félögum. „Ég er alls ekki að segja að það sé nauðsynlegt að það sé lifandi hljóðfæri í lögunum en á móti kemur að það kemur oft mjög skemmtilegur kontrast í lagið,“ segir hann.

Form Follows er fyrsta plata Tonik í fjögur ár, eða síðan And the Beat Goes On kom út. Henni hefur verið lýst sem bræðingi síðustu þriggja áratuga í tölvutónlist og er Anton sáttur við þá lýsingu. „Maður hefur verið að hlusta á þetta „seventís“ syntha-popp og „eitís“ músík. Síðan ólst maður upp við „næntís“ tölvumúsíkina, þannig að þetta er svolítið úr öllum áttum.“ Tonik hefur einnig endurhljóðblandað lögin Just Getting Started eftir Diktu og Can´t Walk Way eftir Herbert Guðmundsson á vegum Party Zone. Einnig átti hann lag á safndisknum Weirdcore sem kom út á síðasta ári, auk þess sem lag hans A Random Mouse Book var spilað í þættinum 120 Minutes á MTV2.

-fb



**TONIK** Nýjasta plata Tonik nefnist Form Follows og þar er raftónlist í fyrirrúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Framhaldslíf fyrir kiljur 400 kr.
Komdu með gömlu kiljurnar og fáðu nýjar í staðinn
Komdu með kiljur sem voru gefnar út 2007 eða síðar. Þú færð 200 kr. inneign fyrir hverja kilju og getur þannig safnað þér fyrir nýrri!
Taktu til í bókaskápnum og gefðu bókunum þínum framhaldslíf annars staðar.
Gildir út júlímánuð.
Ferðalagið byrjar í Eymundsson
eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

> ICE AGE FRUMSÝND

Þriðja myndin um Ísaldar-félagana hefur verið frumsýnd í kvikmyndahúsum borgarinnar. Að þessu lenda þeir félagar í klónum á risaeðlum og öðrum kjötætum. Meðal þeirra sem ljá persónum rödd sína má nefna **Queen Latifah**, Denis Leary og Ray Romano.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Transformers tylla sér á toppinn

Það kom fáum á óvart að framhaldsmyndin Transformers: Revenge of the Fallen skyldi ná toppsætinu í Ameríku. Hins vegar kom það markaðsmönnunum nokkuð í opna skjöldu að hún fékk mun betri aðsókn en gert hafði verið ráð fyrir. Hún var aðeins hársbreidd frá því að stela aðsóknarmeti sem Batman-myndin Dark Knight setti fyrir ári síðan og það kom flestum á óvart. Enda hefur myndin fengið vægast sagt misjafna dóma, sumir gagnrýnendur hafa jafnvel rifið hana í sig.

BBC greinir jafnframt frá því að markaðsherferðin virðist hafa heppnast vel. Því það eru ekki bara ungir drengir, sjúklega ástfangnir af Megan Fox og stóru bílunum, sem hafa keypt sér miða því næstum helmingur áhorfenda voru konur. Þetta er töluvert mikil aukning frá því að fyrri myndin var frumsýnd því þá voru konur í töluverðum minnihluta. Reyndar verður að taka fram að myndin kostaði 200 milljónir dollara í framleiðslu eða 25 milljarða.

Sú upphæð hefði nægt til að framleiða fimm útgáfur af kvikmyndinni The Proposal með Söndru Bullock en hún náði, nokkuð óvænt, öðru sætinu í Ameríku og Kanada. Kvikmyndin í þriðja sæti vinsældalistans er hins vegar án nokkurs vafa gullmoli ársins; The Hangover eftir Todd Phillips sem virðist hafa næmt auga fyrir því hvað er fyndið. Og hvað ekki.




**TREKKIR AÐ** Þótt Megan Fox trekki að í miðasölu þá er henni ekki þökkuð sú velgengni sem framhaldsmyndin nýtur. Heldur eru tæknibrellurnar einfaldlega sagðar vera stórkostlegar.




**EKKERT BULL** Sid Ganis ætlar sér að stytta Óskarsverðlaunahátíðina til muna. Lélegum lögum verður hent út og heiðursverðlaunum verður deilt út allt árið um kring.

# Lélegum lögum hent út

Aðstandendur Óskarsverðlaunanna hafa gripið til nokkurra róttækra aðgerða til að laða að fleiri sjónvarpsáhorfendur. Óskarsathöfnin hefur verið gagnrýnd fyrir að vera bæði leiðinleg og alltof löng og nú hefur formaður Óskarsnefndarinnar, Sid Ganis, tilkynnt um tvær veigamiklar breytingar sem eiga að verða að veruleika fyrir næstu hátíð.

Fyrst ber að telja að auknar kröfur verða gerðar um gæði laga sem flutt eru á hátíðinni. Hefð er fyrir því að lögin sem tilnefnd eru sem besta lagið séu sungin, en þau hafa mörg hver verið auðgleymanleg og hreinlega leiðinleg. Nú þurfa lögin hins vegar að standast ákveðna gæðastuðla, annars verður þeim bara hent út af dagskránni. „Við erum að reyna að auka gæðin,“ sagði Bruce Broughton, formaður tónlistarnefndar Óskarsverðlaunanna.

Önnur og ekkert minni breyting verður að heiðursverðlaunahafar fá ekki sína stund í Kodak-höllinni. Því þær athafnir verða haldnar allt árið um kring, sú fyrsta verður í nóvember á þessu ári. „Þetta tryggir að hver og einn heiðursverðlaunahafi fær viðeigandi meðferð,“ sagði Ganis við fjölmiðla.

# Spáð í spilin fyrir Óskarinn

**Þótt enn sé dágóður tími þar til Óskarsverðlaunatilnefningar verða kunngjörðar og enn lengra þangað til Óskarinn verður afhentur í Kodak-höllinni eru erlendir kvikmyndaspekúlantar farnir að velta vöngum yfir því hverjir verði í hópi hinna útvöldu.**

Kvikmyndatímaritið Empire birtir á vefsíðu sinni lista yfir 31 kvikmynd sem blaðamennirnir telja að muni berjast um hylli akademíunnar. Þar kennir margra grasa. Fyrir það fyrsta spá þeir tveimur myndum öruggu sæti á meðal þeirra bestu. Sú fyrri er nýjasta kvikmynd Martins Scorsese enda rauf hann Óskarsmúrinn, sællar minningar, þegar hann fór heim til New York með ferðatöskuna nánast fulla af styttum fyrir The Departed. Nýjasta mynd hans, Shutter Island, skartar auðvitað Leonardo DiCaprio í aðalhlutverkinu, en sá ágæti piltur hefur tekið við starfi Roberts DeNiro sem hirðleikari Scorsese. Myndin segir frá hermanni sem þarf að elta uppi geðsjúkan morðingja sem hefur sloppið af geðveikrahæli og sest að á hinni afskekktu eyju Shutter Island. Með önnur hlutverk fara þeir Mark Ruffalo og Ben Kingsley.

Hin myndin sem Empire spáir miklum Óskarsframa er The Lovely Bones eftir Peter Jackson. Í hugum Empire-manna er það nánast skothelt að Jackson fái eina eða fleiri tilnefningar. Og það er kannski ekki skrýtið því myndin lítur afskaplega vel út á pappírnum. The Lovely Bones segir frá ungri stelpu sem er myrt og fylgist með rannsókn málsins frá himninum. Hún neyðist síðan til að velja á milli hefndar og sáttargjörðar fyrir fjölskyldu sína. Sannkallaðir gæðaleikarar eru í hverju hlutverki; Mark Wahlberg og Rachel Weiz eru í hlutverkum foreldranna, Susan Sarandon leikur ömmuna og Stanley Tucci morðingja stúlkunnar.

Að mati Empire eru þetta þær tvær myndir sem hinar 29 þurfa að berjast við. Meðal þeirra eru The Hurt Locker sem Karl Júlíusson gerði leikmyndina við og er eftir Kathryn Bigelow, þá sömu og leikstýrði Ingvari E. Sigurðssyni í K-9: The Widowmaker. Einnig spennumyndin The Green Zone eftir Paul Greengrass með Matt Damon í aðalhlutverki en þessar tvær myndir gerast báðar í Írak. Þá má ekki gleyma Coen-bræðrunum sem mæta til leiks með kolsvarta kómedíu frá kreppunni miklu og svo eru tvær Meryl Streep-myndir í farvatninu en hún hefur hingað til þótt nokkuð örugg ávísun á verðlaun. Þá minnist Empire á það að söngleikjaleikstjórinn Rob Marshall mætir með nýjan söngleik og þar eru stórstjörnur í hverju hlutverki. Þetta gæti þýtt martraðarkenndar draumfarir hjá þeim sem grétu af sorg þegar söngleikurinn Chicago vann þessi eftirsóttu verðlaun. Marshall er hins vegar snjall því ítalska ofurskutlan Sophia Loren leikur hlutverk í myndinni og sú staðreynd gæti brætt hjörtu Akademíunnar. Því miður. Empire gleymir heldur ekki tæknibrelluundri James Cameron, Avatar, sem margir halda fram að muni breyta kvikmyndasögunni til frambúðar. Og slík ummæli hafa fleytt mönnum ansi langt.



**SIGURSTRANGLEG**
Kvikmyndatímaritið Empire spáir því að kvikmyndirnar The Lovely Bones eftir **Peter Jackson** og Shutter Island í leikstjórn **Martins Scorsese** verði áberandi við sögu þegar Óskarinn verður afhentur. Meðal þeirra sem gætu einnig komið við sögu er Rob Marshall sem mætir með söngleikjamyndina Nine. Þar leikur kvikmyndagyðjan **Sophia Loren** lítið hlutverk, eitthvað sem gæti brætt hjörtu hinnar tilfinninganæmu akademíu.


**Barcelona**

**í júlí**

**frá kr. 19.990**

Verð kr. **19.990**
Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum (KEF-BCN). Sértilboð 3., 10., 17. og 24. júlí. Ath. aðeins örfá sæti á þessu sértilboði.

**Allra síðustu sætin!**
Heimsferðir bjóða frábær sértilboð á flugi til Barcelona á völdum brottförum í júlí. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu þín í borginni sem býður frábært mannlíf og fjölbreytni í menningu, afþreyingu að ógleymdu fjörugu strandlífi og endalausu úrvali veitingastaða og verslana.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


# Horfir ekki á myndirnar sínar

Johnny Depp hefur löngum þótt furðulegur náungi í Hollywood og nýjustu fréttir af honum staðfesta þann orðróm kannski endanlega. Depp hefur nefnilega upplýst að hann horfi helst aldrei á þær kvikmyndir sem hann leikur í. Depp var í viðtali við Radio 4 í London og þar kom þetta fram. „Mér finnst best að kveðja mynd með reynsluna í farteskinu frekar en að hafa einhverja afurð í farangrinum,“ sagði Depp. Hann bætti því við að börnin hans hefðu sennilega séð fleiri myndir með honum í aðalhlutverki en hann sjálfur.

Depp er um þessar mundir staddur í London til að kynna sína nýjustu mynd, Public Enemies eftir Michael Mann. Myndinni hefur verið spáð mikilli velgengni en Depp sagði í útvarpsviðtalinu að hann hefði ekki hugmynd um hvernig hún væri. „Ég hef ekki séð hana, þannig að ég veit ekkert um það,“ sagði Depp og bætti því við að um leið og kvikmynd væri fullunnin snérust hlutirnir um peninga. Og á þeim hefði hann lítinn áhuga.

Það er löngu þekkt að stjörnurnar hafa miklar áhyggjur af því hvernig þær koma út á hvíta tjaldinu en Depp er ekki einn af þeim. Hann horfir nefnilega aldrei á upptökur heldur forðast þær eins og heitan eldinn.



**EKKI AÐDÁANDI** Johnny Depp horfir ekki á myndirnar sínar eða upptökur með leik sínum.



ÉG DÓ...
...Á OFSAHRAÐA
FÉLAG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA
SUÐURLANDI
112
EINN EINN TVEIR
FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA
SUÐURLANDSDEILD
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
VÍS
BRUNAVARNIR ÁRNESSÝSLU

> KRÖFUHÖRÐ MEGAN

Leikkonan Megan Fox er kröfuhörð þegar kemur að karlmönnum og hefur ákveðnar skoðanir. „Ég er með átta tattú. Allir kærastar mínir verða að vera með tattú. Ef ekki læt ég þá tattúvera nafn mitt eða andlit á sig," segir hún.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Þorvaldur Davíð semur smell

Leikaraneminn Þorvaldur Davíð Kristjánsson er ekki við eina fjölina felldur, en hann hefur nýlega sent frá sér lagið Sumarsaga. „Ég byrjaði að læra á gítar til að kúpla mig út úr leiklistinni eftir erfiðan skóladag. Það var það sem ég gerði í vetur, æfði mig á kassagítar, til að verða löggildur í útilegurnar í sumar."

Lagið fjallar um sumarkvöld í Reykjavík. Er það samið í heimþrá? „Eiginlega. Þetta var eftir að ég var búinn að melta efnahagshrunið og var að reyna að finna jákvæðu hliðarnar á Íslandi. Ég var búinn að sýna seinustu sýninguna mína í skólanum og var hugsað heim. Hvað gerir maður þegar maður kemur til Íslands? Jú maður fer niður í bæ, hittir fólk, fær sér kannski nokkra stóra og labbar um miðbæinn. Þaðan kom þessi litla sumarsaga. Svo fylgdu hljómarnir bara með."



**KOMINN Í TÓNLISTINA** Þorvaldur Davíð sendi frá sér sumarsmell á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þorvaldur fékk aðstoð vina við upptökur. Sólmundur Hólm og Hannes Þórður Þorvaldsson spiluðu með og Þorvaldur Bjarni sá um hljóðblöndun. Lagið kemur út á Pottþétt plötunni Sumar á Íslandi seinna í sumar. Hyggst hann spila opinberlega? „Ef einhver vill að ég komi og spili þá geri ég það. Maður tekur þetta í útilegunum. Svo er bara vonandi að fólk pikki upp gripinn og maður heyri þetta úti um allt um verslunarmannahelgina."

Hann segir lítið mál að læra á gítar. „Sérstaklega ef maður tengir þetta sagnahefðinni. Það var leiðin inn í þetta fyrir mig. Þú ert bara að segja sögu og svo lætur þú hljómana fylgja einhvern veginn með."

Ekki er loku fyrir það skotið að fleiri lög eftir Þorvald líti dagsins ljós. „Ef fólk fílar lagið og vill meira þá bý ég bara til fleiri lög. Ég á nokkur í skúffunni."

- kbs

## Courtney Love of grönn

Söngkonan Courtney Love sagði nýverið í viðtali að hún væri orðin of grönn. „Ég veit að ég er orðin of grönn. Ég veit að ég þarf að taka mig á. Ég ætla mér að bæta á mig nokkrum kílóum í þessum mánuði og mig dauðlangar að fitna aðeins. Mér finnst ég líta betur út þegar ég er með eitthvað utan á mér. Læknirinn minn er búinn að sjá til þess að ég fái vítamínsprautur og sagði mér að byrja að borða vel og stunda líkamsrækt," sagði söngkonan.

Hún kennir stressi um þyngdartapið og segir að síðustu mánuðir hafi verið henni mjög erfiðir.


Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010


# Bubbi bakkar út úr auglýsingu Símans

**Lag Bubba Morthens, Rómeó og Júlía, hefur verið tekið út úr nýrri auglýsingaherferð Símans og Tónlist.ar.is að beiðni Bubba.**

Í auglýsingunum syngja íslensk ungmenni hin ýmsu lög, þar á meðal Rómeó og Júlía. Engilbert Hafsteinsson, framkvæmdastjóri D3 sem rekur Tónlist.is, segist hafa fengið skriflegt leyfi frá öllum lagahöfundunum um að fá að nota lögin án endurgjalds og allir hafi gefið samþykki sitt, þar á meðal Bubbi. Honum hafi síðan snúist hugur og gefið upp þá ástæðu að lagabúturinn hafi verið tveimur sekúndum of langur í auglýsingunni, eða sjö sekúndur í stað fimm.



**BUBBI MORTHENS OG PÁLL EYJÓLFSSON** Auglýsing Símans og Tónlistar.is með lagi Bubba, Rómeó og Júlía, hefur verið tekið úr umferð.

Páll Eyjólfsson, umboðsmaður Bubba, segir að málið snúist um það hvort það sé Tónlist.is eða Síminn sem sé að auglýsa íslenska tónlist í þessari nýju herferð. „Það er allur munur á því hvort plötuverslun er að auglýsa vöruna í búðinni sinni eða hvort fyrirtæki er að nýta sér íslenska tónlist í ímyndarherferð," segir hann. „Bubbi hefur alla tíð passað upp á réttinn sinn og við viljum kanna hvort þetta er ekki allt samkvæmt bókinni."

Engilbert segir að fyrst og fremst sé verið að auglýsa vörur Tónlistar.is í auglýsingunum. „Eins og við lýstum fyrir útgefendum er þetta eins og Síminn hafi keypt gjafabréf af okkur og fari út í búð og gefi þau. Gjafabréfin eru auðvitað frá okkur og það er verið að auglýsa okkar vöru. Ég veit ekki hvernig tónlistarveita á að auglýsa þjónustuna sína ef hún má ekki auglýsa lögin." Hann segir að Bubba-auglýsingin verði ekki sett aftur í umferð. Úr nægum efniviði sé að moða enda hafi nýjar auglýsingar með fjölda laga verið teknar upp um síðustu helgi.

Samkvæmt samningi Símans og Tónlistar.is fá lagahöfundarnir ekkert borgað aukalega fyrir notkun laganna. Í staðinn var ákveðið að hafa samband við hvern og einn þeirra og biðja um leyfi. „Við fórum fram á að haft yrði samband við alla höfundana því við erum að gæta hagsmuna lagatextahöfunda," segir Jenný Davíðsdóttir, skrifstofustjóri Stefs, og segir ekkert óeðlilegt við vinnubrögð Símans og Tónlistar.is. „Þetta er ekki eins og hvert annað fyrirtæki því þetta er fyrirtæki sem er að selja tónlist, sem er höfundunum í hag," segir hún um Tónlist.is. „Ef höfundurinn vill ekki að lagið sé notað í þessum tilgangi er honum heimilt að stöðva það."

freyr@frettabladid.is


Símtöl Jóns Gnarr eru vandræðaleg – Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson í viðtali við Föstudag.



föstudagur
fylgir Fréttablaðinu á morgun
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft


# Kjarni Íslands féll í kramið

Salka hélt í gær útgáfuteiti við Þvottalaugarnar í Laugardalnum. Þar var fagnað útgáfu bókarinnar Kjarni Íslands, ljósmyndabókar með myndum Kristjáns Inga Einarssonar við texta Ara Trausta Guðmundssonar rithöfundar og jarðvísindamanns. Bókin fæst á frönsku, ensku og þýsku, með íslenskum hliðartexta. Kristján rekur fyrirtækið Leturprent en Ara Trausta þekkja landsmenn bæði úr sjónvarpi og af öðrum bókmenntaverkum hans. Dóttir Kristján, Rósa Hrund, hannaði bókina.

Hist var undir berum himni um hádegisbilið, boðið upp á þjóðlegar veitingar og tónlistaratriði. Vel var mætt í Þvottalaugarnar og komu þar saman áhugamenn um ljósmyndun og landslag. Áberandi var hversu uppteknir gestir voru af hinni miklu smíð sem bókin er og virtist hún falla vel í kramið hjá fólki.



**LJÓSMYNDARINN** Kristján Ingi stendur stoltur hjá verkinu, enda birtist þar hans sýn á landið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**SÆL Í LAUGARDALNUM** Arnbjörg Örnólfsdóttir og Þórhallur Helgasson settust niður og skoðuðu bókina. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**UNDIR BERUM HIMNI** Lilju Kristjánsdóttur og Haraldi Ingvasyni leið vel í Þvottalaugunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# MERKJA OUTLET

# KORPUTORGI

## | Dömufatnaður | Herrafatnaður |
## | Íþróttafatnaður | Barnafatnaður |
## | Sundfatnaður | Skór | Töskur |

| | |
|---|---|
| Dömubolir | 695 |
| Dömubuxur | 995 |
| Dömutöskur | 995 |
| Dömuskór, með hæl | 1.295 |
| Dömublússur | 1.595 |
| Kjólar | 1.995 |
| Hummel sokkar, 3 pör í pk. | 895 |
| Hummel stuttermabolir | 3.995 |
| Hummel háskólabolir | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] | 495 |
| Barnanáttföt | 995 |
| Barnaskór | 995 |
| Barnabuxur | 1.495 |

| | |
|---|---|
| Bikinítoppar og buxur | [illegible] |
| Arena sund[illegible] | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] karla | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] dömuskór | [illegible] |
| Sandalar [illegible] | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] bláir og bleikir | 2.495 |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] sandalar | 2.495 |
| Æfingabuxur, stelpu | 2.995 |

| | |
|---|---|
| Gallabuxur, karla | 3.995 |
| Didriksons útivistarbuxur | 2.495 |
| Didriksons útivistargalli, barna og unglinga | 4.995 |
| Regngallar (86-134) | [illegible] |
| Englagúmmískór (21-35) | 995 |
| Englagúmmístígvél (29-42) | 1.495 |
| Viking barnastígvél | 1.895 |
| Gúmmístígvél, svört (35-40) | 3.995 |
| Íþróttaskór, karla og kvenna | 5.495 |

# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!*

Reebok VIKING FRØKEN PIL Tamaris ICHI hummel RUGBY JEANS CO. arena true DIDRIKSONS 1913

## Þúsund fermetrar af vönduðum vörum!

## Stærsta Outlet landsins!

**Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400**

* Afslátturinn gildir af verðum MerkjaOutlet. Gildir ekki um hlaupahjól, tölvuleiki og DVD-diska.

# Þarf að rífa sólstofuna



CLIFF RICHARD Sár og svekktur eftir að honum var skipað að rífa sólstofuna sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Popparinn og Íslandsvinurinn Cliff Richard er með böggum hildar eftir að honum var skipað að rífa sólstofu sem hann hafði reist við hús sitt í Surrey. Byggingaryfirvöld þar um slóðir könnuðust ekki við að hafa veitt leyfi fyrir sólstofunni og hafa skipað hinum aldna söngvara að rífa hana.

Cliff hafði verið sagt að hann þyrfti ekki leyfi fyrir byggingunni en annað kom á daginn. Þegar hann svo sótti um fékk hann þennan úrskurð í andlitið. Cliff var svo ánægður þegar sólstofan var byggð fyrir þremur árum að hann sendi þakkarbréf til byggingarfyrirtækisins sem sá um verkið. Sólstofan kostaði um sex milljónir króna. Cliff hyggst andmæla þessum úrskurði.

# Segir Cowell undir miklu álagi



SIMON COWELL Dómarinn hreinskilni er undir alltof miklu álagi að mati fyrrverandi kærustu hans.

Terri Seymour, fyrrverandi kærasta Idol-dómarans Simons Cowell, vill að hann dragi úr vinnuálaginu og segir að hann sé orðinn of gamall til að standa undir allri pressunni.

Cowell, sem verður fimmtugur á þessu ári, hafa verið boðnir um 1,8 milljarðar króna á ári fyrir að halda áfram dómarastörfum sínum í hinum geysivinsælu American Idol þáttum. Samningur hans rennur út í maí á næsta ári og vilja framleiðendur þáttarins engan veginn missa hann í burtu, enda telja margir áhorfendur hinn ofurhreinskilna Cowell vera skemmtilegasta dómarann af öllum. Auk veru sinnar í Idol er Cowell í sviðsljósinu í raunveruleikaþáttunum X Factor og Britain´s Got Talent.

Seymour, sem er einnig sjónvarpskona, óttast að sá fyrrverandi nái ekki að njóta auðæfa sinna því hann sé of upptekinn við að græða meiri peninga. „Ég held að öll þessi vinna sé farin að þreyta Simon og hann á erfitt með að sætta sig við það. Hann verður örugglega fúll þegar ég segi þetta en hann verður ekkert yngri með árunum. Hann hefur alltof mikið að gera og einhvern tímann þarf hann að hætta í einum af þessum þáttum. Við verðum bara að bíða og sjá hver verður fyrir valinu."






JUDE LAW Breski leikarinn er á leiðinni til New York þar sem Hamlet verður sett á fjalirnar.

# Jude Law á Broadway

Leiksýningin Hamlet með Jude Law í aðalhlutverki verður flutt á Broadway í New York frá West End í London þar sem hún hefur verið sýnd við mjög góðar undirtektir. Fyrsta sýningin verður 6. október og verður sýningatímabilið tólf vikur. Þetta verður í fyrsta sinn sem Law leikur á Broadway síðan 1995. Þá var hann tilnefndur til Tony-verðlaunanna fyrir hlutverk sitt í Indiscretions. Hamlet lýkur göngu sinni í London 22. ágúst og eftir það verða nokkrar sýningar í Danmörku, heimalandi Hamlets.

# Usher í skilnaðardrama

**Söngvarinn Usher stendur nú í skilnaði við eiginkonu sína, Tameku Foster. Í skjölum sem lögð voru fram við meðferð skilnaðarins heldur Tameka því fram að hún hafi talið samband þeirra standa traustum fótum, öfugt því sem Usher hefur haldið fram. Tameka, sem á tvö börn með Usher, segir ákvörðun hans um að fara fram á skilnað hafa komið sér í opna skjöldu. Reyndar segir hún að þau hafi „átt innilega stund saman" aðeins nokkrum dögum áður en Usher krafðist skilnaðar.**

**Usher heldur því fram að þau hafi búið sitt í hvoru lagi í næstum því ár og hjónabandið hafi verið komið í hundana. Hann fer fram á sameiginlegt forræði yfir börnum þeirra. Tameka krefst þess að hann greiði allan kostnað hennar vegna skilnaðarins og sjái fyrir henni og börnum þeirra í framtíðinni.**



USHER Hefur sótt um skilnað frá eiginkonu sinni.

# Enduruppgötvaði Michael Jackson



GUÐJÓN RÚNAR Erlendir ferðamenn fréttu af andláti goðsins hjá honum.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í lok síðustu viku þá hefur verslunin Fígúra við Skólavörðustíg verið að selja sérstaka stuttermaboli til heiðurs poppgoðinu Michael Jackson. Guðjón Rúnar Emilsson, eigandi verslunarinnar, segir bolina hafa vakið nokkra athygli, sérstaklega meðal ferðamanna. „Hingað komu tveir Spánverjar sem höfðu þá ekki frétt af andláti Jacksons og þeir urðu því mjög hissa og nokkuð miður sín þegar þeir sáu bolina og fengu að vita að goðið væri látið,“ segir Guðjón sem hefur að eigin sögn enduruppgötvað tónlist Michaels Jackson. „Daginn eftir andlátið ákvað ég að leika aðeins Michael Jackson lög hér í versluninni og uppgötvaði fullt af lögum sem ég hafði ekki heyrt áður.“ - sm

# Klippimyndir Sigríðar til sölu

Sigríður Níelsdóttir opnar sína fjórðu einkasýningu í 12 Tónum við Skólavörðustíg í dag. Sýndar verða 24 klippimyndir sem hún hefur unnið undanfarið ár. „Þetta eru klippimyndir úr blöðum og öllu sem ég kemst yfir og geri úr því myndir,“ segir Sigríður, sem er 79 ára og býr á Reyðarfirði. „Það getur verið landslag, bátur, rúta, dýr eða ýmislegt annað og þetta er allt innrammað,“ segir hún og bætir við að engar tvær myndir séu eins.

Verk Sigríðar hafa fengið góðar viðtökur í gegnum árin og selst afar vel. Hún segist ekki vita hvort einhverjir safni myndunum en tekur fram að stundum hafi þær verið keyptar sem gjafir, enda séu þær ekki mjög dýrar.



SIGRÍÐUR NÍELSDÓTTIR Fjórða einkasýning Sigríðar Níelsdóttur hefst í 12 Tónum í dag.

Sigríður er einnig þekkt fyrir tónlistarsköpun sína og mikil afköst á því sviði. Alls hefur hún sent frá sér rúmlega sextíu geisladiska á undanförnum níu árum og vakið athygli bæði hér heima og erlendis fyrir einlæga tónlist sína. Lög eftir hana hafa hljómað í tveimur myndum Dags Kára Péturssonar, Nóa albínóa og Voksne Mennesker og einnig verður lag eftir hana í nýjustu mynd hans, The Good Heart.

Að auki hafa þau Kristín Björk Kristjánsdóttir (Kira Kira) og Orri Jónsson, sem hefur unnið með Degi Kára, verið að vinna heimildarmynd um Sigríði. „Þau voru að vonast til að klára hana einhvern tímann í sumar. Þetta er skemmtilegt fólk að umgangast,“ segir Sigríður.

Sýningin í 12 Tónum stendur yfir til 1. september. Opnunin í dag verður haldin á milli 17 og 18. - fb



BEASTIE BOYS Rapparnir í Beastie Boys fá aðstoð frá Bob Dylan á næstu plötu sinni.

# Bob Dylan á Beastie-plötu

Goðsögnin Bob Dylan verður í gestahlutverki á næstu plötu Beastie Boys, Hot Sauce Committee, sem kemur út 15. september. Ekki er um hefðbundið samstarf að ræða heldur hefur bútur úr Dylan-lagi verið sniðinn inn í eitt lag á plötunni. Dylan mun vera mikill aðdáandi Beastie Boys og hrósaði piltunum nýverið í útvarpsþætti sínum fyrir húmor þeirra og skemmtilega texta. „Hann spilaði eitt af lögunum okkar og talaði um okkur,“ sagði Ad-Rock úr Beastie Boys. „Hann er mikill aðdáandi.“ Á meðal annarra gesta á plötunni verða Nas og Santigold.



R.E.M. Michael Stipe og félagar í R.E.M. hafa í nógu að snúast um þessar mundir.

# EP-plata og tónleikaplata

**Hljómsveitin R.E.M. gefur hinn 7. júlí út fjögurra laga EP-plötu sem nefnist Reckoning Songs from the Olympia. Á henni eru lög af plötunni Reckoning frá árinu 1984 sem voru tekin upp á tónleikum í Dublin fyrir tveimur árum. Þessi EP-plata tengist tveimur öðrum útgáfum frá R.E.M., annars vegar tveggja diska endurútgáfu af Reckoning sem kom út fyrir skömmu og tvöfaldri tónleikaplötu, Live at the Olympia, sem er væntanleg í haust. Á henni verða lög sem voru einnig tekin upp í Dublin fyrir tveimur árum. R.E.M. er þessa dagana að undirbúa nýja hljóðversplötu sem mun fylgja eftir Accelerate.**


HEILDSÖLU LAGERSALA

VIÐ ERUM AÐ RÝMA TIL Á LAGERNUM FYRIR NÝJUM VÖRUM OG SELJUM ÞVÍ ELDRI LAGER OG SÝNISHORN Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

40-70% afsláttur

- aðeins í 2 daga!

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR



Mikið úrval af golffatnaði, útivistarfatnaði, softshell og super stretch peysum, barna fatnaði og mörgu fl.

| Verðdæmi: | verð áður | verð nú |
|---|---|---|
| 3. laga jakkar | 37.990,- | **12.990,-** |
| 3. laga buxur | 37.990,- | **18.990,-** |
| Golfjakkar | 19.990,- | **9.990,-** |
| Golfbuxur | 10.990,- | **5.990,-** |
| Útivistarjakkar | 21.990,- | **7.990,-** |
| Super Stretch peysur | 11.990,- | **5.990,-** |
| Soft Shell peysur | 16.990,- | **4.990,-** |
| Extreme göngubuxur | 17.990,- | **9.990,-** |
| Barnaregnjakkar | 9.990,- | **4.990,-** |
| Barnaúlpur | 17.990,- | **6.990,-** |

| Opnunartími: | | |
|---|---|---|
| Miðvikudagur | 1. júlí | kl. 12-20 |
| Fimmtudagur | 2. júlí | kl. 12-20 |
| Föstudagur | 3. júlí | kl. 10-18 |

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is

ZO•ON ICELAND



**LADY GAGA** Segist hafa unnið sjálfboðavinnu frá því hún var tveggja ára.

# HJálpar fólki í neyð

**Söngkonan skrautlega Lady Gaga heimsótti á dögunum höfuðstöðvar HIV-samtakanna í Manchester í Englandi. Söngkonan sagði við það tilefni að hún hefði stundað góðgerðastarfsemi alveg frá því hún var barn. „Ég hef unnið sjálfboðavinnu frá því ég var aðeins tveggja ára gömul. Ef ég get, þá geri ég hvað sem er fyrir þá sem eru í neyð,“ sagði söngkonan góðhjartaða.**

# Hótaði lækni lífláti

Hollenska fyrirsætan Karen Mulder var handtekin í París fyrir stuttu fyrir að hóta lækni lífláti. Fyrirsætan vildi að lýtalæknir hennar lagfærði aðgerð sem hann hafði gert á henni en læknirinn, sem er kona, neitaði að verða við ósk hennar. Mulder hringdi þá ítrekað í lækninn og hótaði henni lífláti. „Hún öskraði og æpti í símann og var mjög æst. Hún hringdi ítrekað í lækninn, sem var orðin mjög skelkuð,“ var haft eftir einum lögreglumanni sem vann að málinu. Mulder hætti fyrirsætustörfum árið 1998, þá á hátindi ferils síns, og sagði að henni hefði ávallt þótt óþægilegt að láta mynda sig. Árið 2001 brotnaði hún niður í sjónvarpsviðtali þar sem hún sakaði föður sinn um að hafa dáleitt sig sem barn. Hún sagði jafnframt að nafntogað fólk innan tískubransans hefði hana sem kynlífsþræl.



**KAREN MULDER**

# Snæddu kvöldverð

**Nýlega sást til leikaranna Renée Zellweger og Bradley Cooper, sem fer með hlutverk í kvikmyndinni The Hangover, þar sem þau snæddu kvöldverð saman og létu vel hvort að öðru. „Hann kyssti hana á handarbakið þegar hann vísaði henni til sætis. Þau voru of náin til að geta talist aðeins vinir. Þau hvísluðu og hlógu allt kvöldið,“ sagði sjónarvottur. Fyrir ekki svo löngu héldu fjölmiðlar að Bradley þessi og leikkonan Jennifer Aniston væru að stinga saman nefjum. Bradley gaf svo frá sér yfirlýsingu í síðustu viku þar sem hann sagði að Aniston og hann væru aðeins góðir vinir.**



**RENEE ZELLWEGER** Sást nýverið með nýjan karlmann upp á arminn. Sá er einnig leikari.

# Indíánamunstur á plexígleri

Inga Björk Andrésdóttir fatahönnuður hannaði nýlega eigin skartgripalínu. „Ég hef alltaf verið voðalega hrifin af skartgripum og lengi langað að gera þetta,“ segir Inga Björk. Skartgripirnir eru unnir upp úr indíánamunstri.

„Ég er mjög heilluð af indíána- og steinaspeki. Ég vildi færa þetta í nútímalegri búning með því að nota nútímalegri efni og íslenska liti,“ segir Inga. Hún selur skartið sjálf eftir pöntunum á inga@fa.is.

Inga Björk útskrifaðist úr fatahönnun í Listaháskólanum vorið 2008. Hvers vegna sneri hún sér að skarti? „Mér finnst gaman að vera með minni vöru sem getur nýst sem tækifærisgjöf. Skartgripir höfða til breiðari hóps og maður getur leikið sér meira með formið. Það er eins og fólk sé tilraunakenndara þegar kemur að aukahlutum, flíkur eru oft stærra skref.“

Skartgripirnir eru úr plexígleri með keðju eða silkiborða. „Svo er ég að vinna í að setja alls konar steina með. Þannig að það gætu verið týpur sem koma seinna.“

Inga sér marga möguleika í hönnun íslenskra skartgripa. „Mér finnst hún mjög skemmtileg, en fólk mætti alveg taka örlítið meiri áhættu. Ég hef svo gaman af aukahlutum, því það er hægt að leika sér svo mikið með þá og það er alltaf svolítið persónulegt. Það væri gaman að sjá skart úr fleiri efnum, tré eða jafnvel plasti.“



**PERSÓNULEGT** Falleg og sérstök hönnun poppar upp útlitið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HEILLUÐ AF INDÍÁNAMUNSTRI** Inga Björk hannar eigin skartgripi og selur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leikandi létt tíska í Berlín

**Tískuvikan í Berlín er í fullum gangi þessa dagana þar sem hönnuðir sýna vor- og sumarlínur sínar fyrir árið 2010. Léttar og skemmtilegar harem buxur virðast ætla að tolla áfram í tískunni ásamt þröngum bolum og sportlegum jökkum og sömuleiðis virðist sjötti áratugurinn eiga afturkvæmt næsta sumar.** sara@frettabladid.is



**KLASSÍSKT OG KVENLEGT** Víðar og þægilegar buxur verða áfram í tísku næsta vor ef marka má hönnuðinn Marcel Ostertag.

**LÉTTUR OG SKEMMTILEGUR SAMFESTINGUR FRÁ SCHUMACHER** Beltið gerir mikið til að lífga upp á dressið.



**AFTURHVARF TIL STRÍÐSÁRANNA** Þessi fyrirsæta klæðist fallegum sinnepsgulum kjól frá hönnuðinum Lenu Hoschek.



**SUMAR** Fallegar, mislitar harem buxur og þröngur bolur við frá hönnuðinum Marcel Ostertag

**DÖKKT** Hönnuðurinn Marcel Ostertag sér fyrir sér dökka liti fyrir vor- sumartískuna að ári liðnu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hjólakeppni á hundrað ára afmæli

Fyrsta alvöru hjólakeppnin á Íslandi verður haldin í tengslum við 26. landsmót UMFÍ sem fer fram helgina 9. til 12. júlí.

„Hjólreiðakeppnin hefst klukkan sjö á miðvikudagsmorgun í Reykjavík,“ segir Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri Landsmóts UMFÍ. „Frá Reykjavík fara ellefu þriggja manna lið og koma í mark klukkan átta um kvöldið á Akureyri. Landsmótið hefst svo daginn eftir og verður sett á föstudagskvöld.“

Landsmót UMFÍ stendur um þessar mundir á tímamótum því hundrað ár eru liðin frá því að fyrsta landsmótið var haldið í júní árið 1909 á Akureyri. „Upphafið að landsmótunum var að úr ungmennahreyfingunni kom áskorun um að halda íþróttamót fyrir Ísland allt strax árið 1907,“ segir Ómar og bætir við að nú hafi í tilefni af fyrsta landsmóti UMFÍ verið ákveðið að halda mótið á nýjum leikvangi á Hamarssvæði á Akureyri. „Mótið hefur farið á milli staða á landinu og hefur til dæmis verið haldið á Laugum, Hveragerði og Þingvöllum.“



**PÖNNSUR** Pönnukökubakstur er ein af starfsíþróttunum sem keppt verður í á landsmóti UMFÍ.

Ómar segir að fjöldi keppnisgreina á mótinu hafi aukist til muna frá því fyrir hundrað árum.



**FRJÁLSAR** Keppt verður í frjálsum íþróttum á mótinu og margir af þekktustu íþróttamönnum þeirrar greinar munu mæta til leiks. MYND/PEDROMYNDIR, ÞÓRHALLUR

„Mér sýnist keppnisgreinarnar hafa verið fjórar 1909 en núna eru þær tæplega þrjátíu,“ upplýsir Ómar og telur upp nokkrar þeirra mótsgreina sem nú verður keppt í. „Það eru allar þessar hefðbundnu greinar; sund, blak og golf. Síðan eru það starfsíþróttir sem hafa fylgt okkur á landsmótunum. Þar er keppt í greinum eins og pönnukökubakstri, dráttarvélarakstri og stafsetningu.“

Aðspurður segir Ómar að nýjungar séu á dagskránni. „Nú munum við í fyrsta skipti keppa í maraþoni. Við erum með sjósund, keilu og strandblak sem eru kynningargreinar sem fólk getur tekið þátt í. Við verðum með kirkjutröppuhlaup þar sem tveir keppa og tekinn tími á því hversu fljótir þeir eru að hlaupa upp tröppurnar á Akureyrarkirkju sem eru frægar.“

Ómar segir að á fyrsta landsmóti UMFÍ hafi verið 55 keppendur og 1.500 mótsgestir en nú, hundrað árum síðar, munu þátttakendur verða um tvö þúsund. „Okkur sýnist að Íslendingar ætli að ferðast innanlands í sumar þannig að við vonumst eftir tíu til fimmtán þúsund áhorfendum.“ *- mmf*

© Inter IKEA Systems B.V. 2009

# VELDU VERÐIÐ






**115.600,-**
**APPLÅD** Lakkáferð, hvítt



**115.600,-**
**APPLÅD** Lakkáferð, svart



**142.000,-**
**STÅT** Lakkáferð, hvítt



**143.900,-**
**NEXUS** Bæsaður og glærlakkaður eikarspónn, gulbrúnt



**143.900,-**
**NEXUS** Bæsaður og glærlakkaður eikarspónn, svarbrúnt



**157.900,-**
**FAGERLAND** Bæsuð og glærlökkuð gegnheil fura, antíkbæsað



**166.800,-**
**ABSTRAKT** Háglans, hvítt



**166.800,-**
**ABSTRAKT** Háglans, rautt



**193.000,-**
**TIDAHOLM** Lökkuð og gegnheil eik/eikarspónn.



**200.300,-**
**SOLÄR** Hvítt



**200.300,-**
**SOLÄR** Glærlakkað gegnheilt beyki/beykispónn.



**215.600,-**
**ULRIKSDAL** Glærlökkuð gegnheil eik.

Við höfum auðveldað þér reiknisdæmið með því að gefa upp verðið á stöðluðu eldhúsi eins og sýnt er hér á myndinni að ofan. Hversu mikið mun þín sérhannaða útgáfa kosta?

Í verðinu er innifalið FAKTUM skápar, framhliðar, lamir, skúffur, hliðarklæðningar, sökklar og fætur.
Heimilistæki, hnúðar/höldur, aukahlutir, borðplötur, blöndunartæki og vaskur eru seld sér.

ÁBYRGÐ Á DAGLEGRI NOTKUN 25 ÁR IKEA

**IKEA FAKTUM** eldhúsin eru með 25 ára ábyrgð á daglegri notkun.

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
**www.IKEA.is**

ATH: FYRSTA SÝNING ER 13:30 Í ÁLFABAKKA










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 - 5:30 - 8D - 11D POWER | 10 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 11 | VIP |
| ÍSÖLD 3 m/ísl.tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| ÍSÖLD 3 m/ísl.tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| HANGOVER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 8 - 8:10 - 8:30 - 10:20 - 10:30 - 11 | 12 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 - 5:50 | VIP |
| STAR TREK XI | kl. 10:20 | 10 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 4D - 7D - 10D POWER | 10 |
| THE HANGOVER | kl. 4 - 6D - 7 - 8D - 9:10 - 10:20D | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 4(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 11 POWER | 12 |
| HANGOVER | kl. 8 - 10 | 12 |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!
HEIMSFRUMSÝNING!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 D | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ICE AGE 3 3D ENSKT TAL ÁN TEXTA | kl. 8 - 10.10 D | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| ICE AGE 3 LÚXUS ENS. TAL /ÍSL. TEX | kl. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 - 8 - 10.10 - 11 | 10 |
| TRANSFORMERS 2 LÚXUS | kl. 10.10 | 10 |
| YEAR ONE | kl. 8 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 3.30 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| TYSON | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| YEAR ONE | kl. 9 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 6 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 - 8 | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 8 - 10 | L |
| YEAR ONE | kl. 10 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| LESBIAN VAMPIRE KILLERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| YEAR ONE | kl. 5.45 | 7 |
| TERMINATOR | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.30 | L |

NÝTT Í BÍÓ! LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| ICE AGE 3 - 3D - Enskt tal | kl. 8 - ÓTEXTUÐ | L |
| TRANSFORMERS 2 - POWER | kl. 4, 8 og 10 | 10 |
| YEAR ONE | kl. 8 og 11 | 7 |
| TERMINATOR SALVATION | kl. 10 | 14 |


# Spánn breytti lífi Paltrow

Leikkonan Gwyneth Paltrow segir að Spánn hafi breytt lífi hennar og landið hafi orðið hennar annað heimili eftir að hún bjó þar á unglingsárum sínum. Núna heimsækir hún landið að minnsta kosti einu sinni á ári og leggur áherslu á að börnin hennar Apple og Moses, sem hún á með popparanum Chris Martin, læri tungumálið í leiðinni.

„Þegar ég var fimmtán ára heimsótti ég lítinn bæ rétt fyrir utan Talavera de la Reina og það var yndisleg upplifun. Það breytti lífi mínu,“ segir Paltrow. „Þetta land er allt öðruvísi en Bandaríkin. Það býr yfir langri sögu. Byggingarnar eru aldagamlar en hérna í Bandaríkjunum er gömul bygging kannski sautján ára. Fólkið sem býr þarna virðist líka njóta lífsins betur. Það er ekki á fullri ferð eins og í New York. Það nýtur tímans með fjölskyldu sinni og er ekki sífellt að nota Blackberries-síma.“ Paltrow segist tala við börnin sín á spænsku. „Moses talar dálítið en skilur allt. Apple talar heilmikla spænsku,“ segir hún.

Á meðal nýjustu verkefna leikkonunnar er gerð sjónvarpsþáttar um Spán og matargerð landsins auk þess sem matreiðslubók er í smíðum um bandaríska matargerð með spænskum áhrifum.



**GWYNETH PALTROW** Leikkonan segir að Spánn hafi breytt lífi sínu. Hún fer þangað á hverju ári með fjölskyldunnni.



**ÓLAFUR INGI ÁSAMT MARÍU ÞÓRÐAR SEM LEIKUR NATÖSJU** María leikhússtjóri lýsir Ólafi sem ótrúlegu talenti sem fór meðal annars á kostum í Óvitum. En eitt er að leika í Óvitum og annað að leika Volodja í Lilju.

# Þrettán ára í dramatískri rullu

**LA hélt nýverið prufur til að velja pilt til að fara með stórt og erfitt hlutverki í Lilju sem byggir á hinni skelfilegu kvikmynd Lilya 4 ever. Ólafur Ingi Sigurðsson varð fyrir valinu.**

„Ólafur sá auglýstar prufur í Dagskránni og við vissum ekki meira. Hann fór í þær og kom alsæll heim. Það var svo í framhaldsprufum sem honum og okkur var sagt hvaða leikrit þetta væri,“ segir Hafdísi Hrönn Pétursdóttir iðjuþjálfi. Hún er móðir Ólafs Inga Sigurðssonar, þrettán ára drengs, sem nýverið var valinn úr hópi 40 umsækjenda til að fara með hádramatískt og erfitt hlutverk í Lilju sem Leikfélag Akureyrar hyggst setja upp á næsta leikári.

Leikritið byggir lauslega á kvikmynd Lukasar Moodysson, Lilya 4 ever, sem vakti mikla athygli þegar hún kom út árið 2002. Lilja er 16 ára og býr í gömlu Sovétríkjunum. Móðir hennar yfirgefur hana og flytur til Bandaríkjanna. Lilja býr til sitt eigið heimili með vinkonu sinni Natösju og 14 ára gömlum dreng, Volodja. Lilja sér fyrir heimilinu með vændi en öll dreymir þau um betra líf vestan járntjalds. Umfjöllunarefnið er hrollvekjandi, fjallar um mansal og vægast sagt bágbornar aðstæður barna í nútíma samfélagi. Það er Jón Gunnar Þórðarson sem skrifar verkið og leikstýrir sýningunni. Jana María leikur Lilju og María Þórðar leikur Natösju.

María Sigurðardóttir leikhússtjóri segir að þeim hjá LA hafi verið vandi á höndum, en 40 drengir mættu í hinar auglýstu prufur – margir hæfileikaríkir. Ólafur varð fyrir valinu og María sparar hvergi stóru orðin: „Alveg ótrúlegt talent drengurinn! Hann er reyndar enginn byrjandi í leiklistinni, lék stórt hlutverk í Óvitum leikárið 2007-2008, dansaði og söng í Skoppu og Skrítlu hjá LA um páska. Ólafur spilar á harmonikku, syngur og semur lög, æfir fótbolta og frjálsar íþróttir og ýmislegt fleira er stráknum til lista lagt,“ segir María.

Þetta leggst vel í móður Ólafs sem segir fyrir öllu að sonur hennar fái að nýta þá hæfileika sem hann virðist búa yfir. „Ólafur hefur alltaf verið að fara í einhver hlutverk og blómstrar í þessu starfi.“ En eitt er að leika í Óvitum – annað að takast á við dramatískt hlutverk sem þetta. Hafdís Hrönn segir það hafa komið upp í huga foreldranna „hvort við ættum að setja barnið í þetta? En við lítum svo á að hann sé þarna að fá tækifæri til að nýta sína hæfileika. Og ef rétt er að farið geti þetta verið þroskandi. Það verður góð samvinna milli okkar og leikhússins.“

Hafdís segir Ólaf þroskaðan og hún treysti honum vel til að skilja á milli. „Hann hefur alltaf átt auðvelt með að fara í hlutverk og út úr þeim aftur. Málefnið sem um er fjallað er staðreynd. Því miður er raunveruleikinn þannig. Hann þurfti í prufunum að fara með setningar sem hann er ekki vanur að gera dags daglega. En svo gerði hann bara grín að því hér heima.“

jakob@frettabladid.is

# Flóran ein flottasta bók Evrópu

Bók Eggert Péturssonar, Flóra Íslands, fékk silfurverðlaun í keppni evrópskra hönnuða og auglýsingastofa sem fram fór í Barcelona í júní síðastliðnum. Það voru þær Snæfríður Þorsteins og Hildigunnur Gunnarsdóttir sem hlutu þessi verðlaun en þær höfðu áður hlotið verðlaun FÍT í flokki grafískrar hönnunar fyrir prentmiðla fyrir þessa bók. „Þetta er alveg glæsilegt og árangurinn þýðir að við getum sent bókina í enn stærri keppni,“ segir Hörður Lárusson, formaður FÍT.

Bókin hlaut verðlaun í flokki bóka, bókverka og ársskýrslna en að sögn Harðar munaði aðeins einu atkvæði að hún hefði komið heim með gull. „Það virðast bara vera örlög okkar að fá silfur,“ segir Hörður en eins og flestir ættu að vita varð Jóhanna Guðrún í öðru sæti í Eurovision og silfrið í Peking mun seint gleymast. „Bókin er náttúrulega alveg ótrúlega flott, hún er miklu meira en bara bók, hún er listaverk,“ útskýrir Hörður og bætir því við að keppinautar hennar hafi flestir komið af auglýsingasviðinu. „Sem gerir árangur hennar bara enn betri.“

Hörður bætir því þó við að margir hafi komið að máli við sig eftir að dómnefnd hafði kveðið upp sinn dóm og sagt að bókin hefði átt skilið að vinna. „Það var hins vegar þýsk bók, Hide & Seek Booklet, sem vann. Hún er líka nokkuð flott.“ Flóra Íslands er án nokkurs vafa ein stærsta og veglegasta bókin sem gefin hefur verið út. Hún er 560 síður, með teikningum eftir Eggert Pétursson, einn fremsta samtímalistamann þjóðarinnar. Bókin er aðeins gefin út í fimm hundruð eintökum sem hvert og eitt er tölusett og áritað af Eggerti. Hún kostar 75 þúsund krónur. - fgg



**FÉKK SILFRIÐ** Snæfríður Þorsteins með Flóru Íslands sem þótti ein af flottustu bókum Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 02. júlí 2009**

### Leiklist



**20.00** Söngleikurinn **Grease** sýndur í Loftkastalanum.

**20.00** Gamanleikurinn **Við borgum ekki** sýndur í Borgarleikhúsinu.

### Göngur

**20.00** **Ásdís Egilsdóttir** prófessor í íslenskum miðaldabókmenntum við Íslensku- og menningardeild í Háskóla Íslands fjalla um dýrlinginn Þorlák á kvöldgöngu um Þingvelli. Lagt er af stað frá Fræðslumiðstöðinni.

### Fyrirlestrar

**20.00** **Guja Dögg Hauksdóttir**, arkitekt og deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur, kynnir **japanska og íslenska nútímabyggingarlist** í Norræna húsinu.

### Tónlistarhátíð

**20.00** **Þjóðlagahátíð á Siglufirði** heldur áfram. Atburðir kvöldsins innihalda flutning á lögum Inga T. Lárussonar, hljómleika Rósarinnar okkar og söngva frá Napolí.

### Hönnun og tíska



**Linda Björg Árnadóttir** fata- og textílhönnuður opnar sýningu í Gallerí Turpentine þar sem hún kynnir nýja línu af heimilistextíl undir vörumerkinu SCINTILLA.

### Uppákomur

**08.00** Framkvæmdir við grænna ráðhústorg á Akureyri hefjast en klæða á torgið mýkt og blómum.

### Tónlist

**12.15** **Tómas Guðni Eggertsson** organisti og **Sif Tulinius** fiðluleikari spila Bach, Buxtehude, Gluck, Mascagni og fleira á hádegistónleikum Dómkirkjunnar í Reykjavík.

**20.00** **MIRI**, **Me**, **The Slumbering Napoleon**, **BoB**, **DJ Flugvél** og **Geimskip** og **Arnljótur** koma fram á fimmta kvöldi Kimi Records á Sódómu. **Swords of Chaos** þeyta skífum. Miðaverð 500 krónur.



**21.00** **Ljótu hálfvitarnir** kynna nýja plötu sína í Félagsheimilinu á Blönduósi

**21.00** Bandaríski tónlistarmaðurinn **Joe Pug** spilar þjóðlagatónlist sína í fyrsta sinn á Íslandi á Café Rósenberg í kvöld. **Bob Justman** og **Snorri** hita upp. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

**21.00** **KK** og **Maggi Eiríks** spila á Græna Hattinum, Akureyri.

**21.00** Blús og soul-dívan **Mighty Marith and the Mean men** koma fram á Írskum dögum, Akranesi.

**22.00** **Sey Sey Já**, **Sebastian**, **Egill Halldórsson**, **Myrra** og **Elín Ey** spila í Nýlenduverslun Hemma og Valda.

### Myndlist

**17.00** **Sigríður Níelsdóttir** tónlistar- og myndlistarkona opnar nýja sýningu í 12 Tónum með 24 klippimyndum.

**Stefán Steinn** snýr aftur til Íslands frá Danmörku með ljósmyndasýninguna **Náttúruleg fegurð í Skotinu**, Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# Trymbill sest í leikstjórastól

Kreppan hefur ekki einungis neikvæð áhrif á land og þjóð og virðist sem margir hafi ákveðið að setjast á skólabekk á ný í kjölfar hennar. Frosti Jón Runólfsson, trymbill hljómsveitarinnar Esju, er á meðal þeirra og stundar hann nú nám við Kvikmyndaskóla Íslands og ber því vel söguna.

Frosti lauk nýverið við tökur á lokaverkefni annarinnar sem er stuttmynd með þeim Walter Grímssyni og Lilju Nótt Þórarinsdóttur í aðalhlutverkum. Stuttmyndin fjallar um ungan, fráskilinn mann sem strýkur úr fangelsi til þess að geta eytt tíma með dóttur sinni á afmælisdegi hennar.

Myndin var frumsýnd við góðar undirtektir á skemmtistaðnum Boston fyrir nokkru síðan og nú vonast Frosti til þess að koma henni til sýningar á RIFF-kvikmyndahátíðinni. Frosti Jón sá ekki einungis um að leikstýra myndinni heldur skrifaði einnig handritið að henni og sá um alla eftirvinnslu. „Það er gott að hafa grunnþekkingu á þessu öllu en næst fæ ég fagfólk í þessi störf. Það er nær djöfullegt að klippa í sundur eitthvað sem þú hefur skrifað og skotið sjálfur. Ég átti allavegana erfitt með það, ég á það líka til að klippa efnið mitt eins og tónlistarmyndband sem er ekki töff, segja þeir sem þekkja til.“

Hugmyndina að handritinu segist Frosti hafa fengið þegar hann sat og horfði á ljósmynd af fjöldamorðingjanum John Wayne Gacy, en sá var þekktur fyrir að klæða sig upp sem trúð og skemmta vinum sínum. Í kvikmyndinni klæðist aðalhetjan sem trúður til að komast undan lögreglunni. Frosti Jón segir tímann verða að leiða það í ljós hvað hann geri í framtíðinni, „Vonandi mun bransinn taka mér opnum örmum þegar ég útskrifast, þangað til er ég stoltur nemi Ferris Bueller style.“

- sm



**FROSTI JÓN** Segir það erfitt verk að þurfa að klippa til sína eigin mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




## > Leikið í Pepsi-deild karla

Þrír leikir fara fram í Pepsi-deild karla í kvöld. Íslandsmeistarar FH heimsækja Val á Vodafone-völlinn að Hlíðarenda og hefst leikurinn kl. 20. FH-ingar hafa verið óstöðvandi undanfarið og eru búnir að vinna níu leiki í röð í deildinni. Þá mætast Stjarnan og KR á Stjörnuvelli en bæði liðin vonast til þess að geta sett pressu á FH í toppbaráttunni. Loks mætast Breiðablik og Fjölnir á Kópavogsvelli en leikirnir tveir síðarnefndu hefjast kl. 19.15.



# sport

sport@frettabladid.is

KRISTJÁN GUÐMUNDSSON: KEFLAVÍK MÆTIR VALLETTA Á MÖLTU Í NÝRRI EVRÓPUDEILD

## *Tel okkur eiga ágætismöguleika gegn þessu liði*



Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, viðurkennir að hann renni að nokkru leyti blint í sjóinn þegar hans menn mæta Valletta frá Möltu í fyrstu umferð forkeppni hinnar nýju Evrópudeildar sem áður hét UEFA-bikarkeppnin. Þrjú íslensk lið eru í keppninni og í dag mætir Fram liði TNS frá Wales á heimavelli. KR hoppar beint inn í aðra umferð keppninnar sem ríkjandi bikarmeistari og mætir Larissa frá Grikklandi síðar í mánuðinum.

„Ég hef ekki fengið tækifæri til að kynna mér þetta lið nægilega vel," sagði Kristján í samtali við Fréttablaðið í gær. en liðið kom til Möltu í fyrrakvöld. „Þeir eru búnir að koma til Íslands og sjá okkur spila og fengu líka upptöku af leik með okkur. Þar að auki er liðið með nýjan þjálfara og því er erfitt fyrir okkur að vita hvernig þeir munu koma til með að fara inn í þennan leik."

Hann segir liðið vera skipað sterkum leikmönnum. „Þarna eru bæði landsliðsmenn Möltu og nokkrir sterkir útlendingar. Ég býst því við erfiðum leik."

Kristján segir að þó svo að ferðalagið hafi verið nokkuð langt hafi það gengið afar vel. Þá býst hann við miklum hita, en í gær var 30 stiga hiti og glampandi sól.

„Ég held að við þurfum að spila þennan leik nokkuð rólega, bæði vegna aðstæðna og þar sem við viljum fara okkur hægt. Engu að síður tel ég að við eigum ágætis möguleika gegn þessu liði og ef við sjáum möguleikann á því að vinna leikinn þá munum við setja í annan gír. En fyrst og fremst viljum við fá þannig úrslit að við getum klárað einvígið á heimavelli."

Sem fyrr eru þeir Hólmar Örn Rúnarsson þá f og Jóhann B. Guðmundsson frá vegna meiðsla og Haukur Ingi Guðnason fór heldur ekki með í ferðalagið þar sem hann meiddist í leiknum gegn Grindavík á sunnudagskvöldið. Kristján segir þó meiðsli hans ekki alvarleg.

En þrátt fyrir allt segir Kristján markmið þeirra Keflvíkinga einfalt. „Yfirleitt borgar það sig ekki að hugsa um meira en bara næsta leik en auðvitað höfum við sett okkur það markmið að komast í gegnum þessa umferð. En það mun fara mikið eftir því hvernig fyrri leikurinn fer."

**Fylkir 3-0 ÍBV**

Fylkisvöllur, áhorf.: 936 — Jóhannes Valgeirsson (6)

*1-0 Halldór Arnar Hilmisson (3.)*
*2-0 Kjartan Ágúst Breiðdal (21.)*
*3-0 Albert Brynjar Ingason (33.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 24-13 (9-2) |
| Varin skot | Fjalar 1 – Albert 5 |
| Horn | 10-4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9-13 |
| Rangstöður | 10-1 |

| FYLKIR 4–3–3 | | ÍBV 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 5 | Albert Sævarsson | 4 |
| Andrés Már Jóh. | 7 | Pétur Runólfsson | 2 |
| Ólafur Ingi Stígsson | 6 | (68., Elías Árnason | 4) |
| Kristján Valdimars. | 6 | Yngvi Borgþórsson | 2 |
| Tómas Joð Þorsteins. | 6 | (44., Arnór Ólafsson | 4) |
| Valur Fannar Gíslas. | 7 | Matt Garner | 3 |
| Ásgeir Börkur Ásg. | 6 | Þórarinn Valdimars. | 4 |
| Halldór Hilmisson | 7 | Bjarni Einarsson | 4 |
| (59., Theódór Ósk. | 4) | (72., Ingi Ingibergs. | -) |
| Ingimundur Óskars. | 7 | Chris Clements | 2 |
| (74., Kjartan Baldv. | -) | Andri Ólafsson | 4 |
| ***Kjartan Breiðd.** | **8** | Tony Mawejje | 2 |
| Albert Ingason | 7 | Viðar Örn Kjartans. | 3 |
| (64., Jóhann Þórh. | 5) | Ajay Leitch-Smith | 6 |

**Maður leiksins*

# Leikur kattarins að músinni

**Yfirburðir Fylkis gegn ÍBV á Fylkisvelli í gær voru algjörir. Meðvitundarlausir Eyjamenn voru aldrei með í leiknum og máttu þakka fyrir að tapa ekki stærra en raun bar vitni gegn flottum Fylkismönnum.**

**FÓTBOLTI** Fylkir smellti sér í annað sætið í Pepsi-deildinni í gær með þægilegum og öruggum 3-0 sigri á arfaslökum Eyjamönnum sem áttu ekkert skilið enda virtust þeir ekki nenna að spila leikinn.

Yfirburðir Fylkismanna í fyrri hálfleik voru ótrúlegir. Eyjamenn mættu hreinlega ekki til leiks og tóku vart þátt í hálfleiknum. Vörnin var algjörlega í molum, sendingar skelfilegar og leikmenn misstu ítrekað boltann á hættulegum stöðum.

Það tók heimamenn rétt um þrjár mínútur að komast yfir. Þá var svakalegur vandræðagangur á vörn sem og markverði ÍBV. Boltinn endaði hjá Halldóri sem lyfti boltanum í tómt markið. Næsta mark kom eftir glæsilega skyndisókn. Ingimundur komst einn gegn Albert sem varði vel. Kjartan hirti frákastið og skoraði í tómt markið.

Þriðja markið kom skömmu síðar. Þá fékk Andrés frábæra sendingu í hornið, hann gaf boltann á nærstöng þar sem Albert var á undan varnarmanni og skoraði auðveldlega. Fylkismenn fengu fleiri færi í hálfleiknum og Eyjamenn heppnir að vera ekki fleiri mörkum undir. Frammistaða ÍBV í fyrri hálfleik er sú langlélegasta sem undirritaður hefur séð í sumar.



**FÖGNUÐUR** Fylkismenn höfðu ærna ástæðu til þess að fagna í gær þegar þeir skutust upp í annað sæti Pepsi-deildarinnar með 3-0 sigri gegn ÍBV. Hér sjást þeir fagna opnunarmarki Halldórs Arnars Hilmissonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Tíðindalítið í síðari hálfleik**

Í síðari hálfleik slökuðu Fylkismenn á klónni, buðu Eyjamönnum inn í leikinn en þeir afþökkuðu pent og héldu áfram að vera slakir. Fylkismenn fengu skárri færi en síðari hálfleikurinn var tíðindalítill að mestu enda leikurinn lokið.

„Þetta var ótrúlega létt í fyrri hálfleik og við í raun og veru klaufar að setja ekki fleiri mörk," sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis. Hann mátti vera stoltur af strákunum sínum sem spiluðu hreint út sagt frábæran fótbolta í fyrri hálfleik. Voru grimmir, létu boltann ganga hratt á milli sín í fáum snertingum, voru hreyfanlegir og síógnandi.

„Við keyrðum yfir þá og í seinni hálfleik slökum við bara á en ég hefði viljað keyra yfir þá alveg. 3-0 er samt flottur sigur en ég hefði viljað fleiri mörk því það hefði bara hjálpað upp á sjálfstraustið hjá strákunum. Þessi fyrri hálfleikur var samt frábær. Eyjamenn voru samt mjög slakir. Það er ekki hægt að líta fram hjá því," sagði Ólafur.

Það sem Eyjamenn buðu upp á að þessu sinni var ekki boðlegt fyrir deildina og undirritaður man bara ekki eftir eins lélegri frammistöðu í efstu deild í mörg ár. Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, dró ekkert fjöður yfir það.

„Ég er mjög stoltur af því að vera þjálfari ÍBV en ég skammaðist mín fyrir að vera þjálfari þessa liðs í kvöld. Við mætum ekki til leiks og Fylkir hefði auðveldlega getað skorað mun fleiri mörk í fyrri hálfleik. Við vorum ekki til staðar og það var allt gert með hálfum hug," sagði Heimir og mælti manna heilastur. Andleysið var algjört. Það var í raun meðvitundarleysi en ekki andleysi í gangi. Liðið spilaði 4-4-2 sem það réð ekkert við. Tapaði miðjunni strax og bilið milli varnar og miðju var mikið.

„Við erum ekki það gott lið að við getum leyft okkur að mæta án þess að vera með hausinn í lagi. Ég er mát og skil þetta bara ekki. Ég er bara orðlaus," sagði Heimir.

henry@frettabladid.is

**STAÐAN**

*Pepsi-deild karla*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **10** | **9** | **0** | **1** | **27-6** | **27** |
| 2. Fylkir | 10 | 6 | 2 | 2 | 19-10 | 20 |
| **3. KR** | **10** | **6** | **2** | **2** | **19-11** | **20** |
| 4. Stjarnan | 9 | 6 | 1 | 2 | 24-11 | 19 |
| **5. Keflavík** | **10** | **5** | **3** | **2** | **18-15** | **18** |
| 6. Valur | 9 | 5 | 1 | 3 | 11-11 | 16 |
| **7. Breiðablik** | **9** | **3** | **2** | **4** | **15-17** | **11** |
| 8. Fram | 10 | 3 | 2 | 5 | 11-13 | 11 |
| **9. Grindavík** | **10** | **2** | **2** | **6** | **11-23** | **8** |
| 10. ÍBV | 10 | 2 | 0 | 8 | 7-19 | 6 |
| **11. Þróttur** | **10** | **1** | **2** | **7** | **9-23** | **5** |
| 12. Fjölnir | 9 | 1 | 1 | 7 | 10-22 | 4 |



**DE LA RED** Óvíst er hvort hann snýr aftur í boltann. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rubén de la Red:

## Má enn ekki spila með Real

**FÓTBOLTI** Allt útlit er fyrir að spænski miðjumaðurinn Rubén de la Red hjá Real Madrid muni missa af næsta keppnistímabili með liði sínu þar sem læknar hafa enn ekki fundið ástæðu þess að hann hneig niður í leik gegn Real Unión í spænska konungsbikarnum í október á síðasta ári.

Atvikið vakti eðlilega mikla athygli á Spáni í ljósi þess að Antonio Puerta, leikmaður Sevilla, hafði dáið þremur dögum eftir að hann hneig niður í leik í spænsku úrvalsdeildinni í byrjun keppnistímabilsins 2007-2008.

„Vandamálið hefur enn ekki verið greint og við því eru engin svör að svo stöddu en ég held í vonina um að geta snúið aftur," segir de la Red við Marca. - óþ

Real Madrid endanlega búið að ganga frá kaupum á Portúgalanum Cristiano Ronaldo frá Man. United:

# Man. Utd fékk 16,7 milljarða í einni greiðslu

**FÓTBOLTI** Manchester United tilkynnti á heimasíðu sinni í gær að félagið hefði móttekið greiðslu upp á áttatíu milljónir punda, 16,7 milljarða íslenskra króna, fyrir Cristiano Ronaldo frá Real Madrid. Þar með er ljóst að umtöluðustu félagaskipti síðari ára eru gengin í gegn en Ronaldo hefur samþykkt sex ára samning við Madrídinga.

Kauptilboð Real Madrid var samþykkt hinn 11. júní síðastliðinn og verður Ronaldo kynntur fyrir stuðningsmönnum félagsins á mánudaginn næstkomandi.

„Allir hér óska honum alls hins besta í framtíðinni," sagði Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, á heimasíðu félagsins.

„Cristiano hefur verið frábær leikmaður á sínum sex árum hjá félaginu. Á þeim tíma hefur hann orðið að besta knattspyrnumanni heims. Framlag hans hefur haft mikið að segja í árangri félagsins undanfarin ár og hann hefur skemmt áhorfendum um allan heim."

Real Madrid hefur nú keypt þrjá dýra leikmenn til félagsins á undanförnum vikum, þá Kaka, Raul Albiol og Ronaldo. Kostuðu þeir samtals 148 milljónir punda eða tæpan 31 milljarð króna.

Fjölmiðlar á Spáni fullyrða að Ronaldo fái um ellefu milljónir punda í árslaun frá Real Madrid og verði þar með tekjuhæsti knattspyrnumaður heims. Hann var með um 6,38 milljónir punda í árslaun hjá United og hefur því nærri tvöfaldað sig í launum.

United hefur þegar keypt hægri kantmann sem margir segja að eigi möguleika á að fylla skarð Ronaldo hjá United. Það er Antonio Valencia frá Ekvador sem kom fyrir um sextán milljónir punda frá Wigan.

„Við höfum dáðst að Antonio í þó nokkurn tíma og ég er viss um að hraði hans og hæfileikar munu leggja mikið af mörkum til liðsins," sagði Ferguson. - esá



**SÁ DÝRASTI** Cristiano Ronaldo er dýrasti og tekjuhæsti knattspyrnumaður heims. NORDIC PHOTOS/GETTY



THE NORTH FACE
// Stærsta útivistarmerki í heimi
// Sniðið að íslenskum aðstæðum
// Fæst í miklu úrvali í Útilíf
Þú getur treyst North Face útivistarvörum.
Veðrið er aukaatriði, rétti búnaðurinn er aðalatriði og hann færðu hjá okkur.
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 466553 06/09
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500
ÚTILÍF



**EDDA OG ÓLÍNA** Með samningstilboð frá Örebro. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Íslendingarnir hjá Örebro:

## Með tilboð um nýjan samning

**FÓTBOLTI** Edda Garðarsdóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir, leikmenn Örebro í Svíþjóð, fengu í gær nýtt samningstilboð frá félaginu sem þær eru nú að skoða.

Í gær var greint frá því í sænskum fjölmiðlum að félagið hefði ekki efni á að endurnýja núverandi samning við þær sem rennur út um næstu mánaðamót. Þær fréttir voru svo bornar til baka.

„Okkur stendur til boða að klára tímabilið og spila jafnvel lengur með félaginu. Við stöndum frammi fyrir stórri ákvörðun um hvort við eigum að vera áfram eða fara heim til Íslands en vonandi getur þetta allt gengið eftir,“ sagði Ólína í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Okkur líst vel á tilboðið og munum taka næstu daga til að ræða ýmsa hluti. En við erum ánægðar og gengi liðsins hefur verið vonum framar. Það er draumur að fá að spila í sænsku úrvalsdeildinni og þetta er flott lið með góðan þjálfara. Það eru spennandi hlutir að gerast og það væri gaman að fá að taka þátt í því.“ - esá



**NÝR SAMNINGUR** Brynjar Björn verður áfram í herbúðum Reading. NORDIC PHOTOS/GETTY

Brynjar Björn Gunnarsson:

## Mjög auðveld ákvörðun

**FÓTBOLTI Landsliðsmaðurinn Brynjar Björn Gunnarsson hefur framlengt samning sinn við enska b-deildarfélagið Reading um eitt ár en félagið setur stefnu á að komast aftur í deild þeirra bestu á næsta keppnistímabili.**

**„Það var aldrei neinn vafi í mínum huga um að vera áfram og þetta var mjög auðveld ákvörðun. Ég vildi vera áfram og félagið vildi halda mér þannig að þetta mál var fljótafgreitt,“ segir Brynjar Björn í samtali við Sky Sports-fréttastofuna.**

**Brynjar Björn kom til Reading árið 2005 eftir að hafa leikið með Watford, Nottingham Forest og Stoke á Englandi.**

**„Hann er frábær leikmaður og á eftir að spila stórt hlutverk hjá okkur á næsta tímabili. Hann er mjög fjölhæfur og er jafnframt góð fyrirmynd fyrir yngri leikmenn félagsins,“ segir Nicky Hammond, yfirmaður knattspyrnumála hjá Reading.** - óþ

Glæsilegur ferill Willums Þórs Þórssonar sem hætti sem þjálfari Vals í gær:

# Hefur unnið fjóra stóra titla á tólf árum

**FÓTBOLTI** Willum Þór Þórsson hætti í gær sem þjálfari Vals en hann hefur verið í hópi þeirra þjálfara hér á landi sem náð hafa hvað bestum árangri. Í þrjú skipti hefur hann stýrt liði til sigurs í neðri deildunum og hefur hann þrívegis orðið Íslandsmeistari með sínum liðum og einu sinni bikarmeistari.

Willum Þór á langan þjálfaraferil að baki og hefur þjálfað í öllum fjórum efstu deildum Íslandsmótsins. Þjálfaraferillinn hófst árið 1997 er hann stýrði Þrótti til sigurs í 1. deildinni. Hann lék einnig með liðinu í tveimur leikjum það árið og skoraði eitt mark.

Einn leik lék hann líka í efstu deild með Þrótti árið 1998. Liðið þurfti þá að bíta í það súra epli að falla á markatölu en Þróttarar fengu jafn mörg stig og Valur.

Eftir slæmt gengi í 1. deildinni árið 1999 flutti hann sig til Hauka, sem hann stýrði upp úr 3. deildinni í þá fyrstu á aðeins tveimur árum. Sá árangur vakti athygli KR, sem Willum lék lengi með sem leikmaður.

Willum gerði KR að Íslandsmeistara sín fyrstu tvö ár hjá félaginu en síðara árinu lauk á heldur neikvæðan hátt er nýkrýndu meistararnir töpuðu 7-0 fyrir FH, sem einokuðu síðan titilinn á næstu árum.

Eftir það fór að halla undan fæti. KR varð í sjötta sæti deildarinnar árið 2004 og Willum hætti hjá liðinu. Þá tók hann við Val sem þá var nýkominn upp úr 1. deildinni og undir stjórn Willums fór liðið á flug. Valur varð í öðru sæti deildarinnar árið 2005 auk þess sem liðið varð bikarmeistari, sem var fyrsti stóri titill Vals í þrettán ár.



**ÞRIÐJI TITILLINN** Valur varð Íslandsmeistari árið 2007 undir stjórn Willums. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þriðja sætið varð niðurstaðan árið 2006 en Valur hirti Íslandsmeistaratitilinn af FH ári síðar. Þar með var tuttugu ára bið Valsara eftir hinum langþráða meistaratitli lokið.

Valur náði þó ekki að fylgja eftir titlinum í fyrra og varð að sætta sig við fimmta sætið. Valur er sem stendur í sjötta sæti deildarinnar nú þegar Willum kveður. Hann stýrði reyndar ekki liðinu í síðustu tveimur leikjum þess þar sem hann var þá staddur í Englandi þar sem hann er að læra til hinnar svokölluðu UEFA Pro License-þjálfaragráðu.

Valur tapaði nú síðast fyrir Stjörnunni á útivelli, 3-0. - esá

# Fullt af góðum minningum

**Valur sendi frá sér yfirlýsingu í gær um að Willum Þór Þórsson væri hættur. Willum kveðst taka góðar minningar með sér frá veru sinni á Hlíðarenda.**

**FÓTBOLTI** Willum Þór Þórsson hætti í gær sem þjálfari Vals í Pepsideild karla en hann hafði stýrt liðinu við góðan orðstír frá haustinu 2004.

„Ég sé ekki eftir neinu og fer héðan af Hlíðarenda með fullt, fullt af góðum minningum. Ég sagði það líka við strákana áðan inni í klefa, að maður lærir af fortíðinni, maður lifir ekki í henni,“ segir Willum Þór, sem kvaddi samstarfsmenn sína og leikmenn Vals á Vodafonevellinum í gærdag.

Willum Þór ætlar að flýta sér hægt við að taka ákvörðun um næsta skref sitt í þjálfuninni.

„Ég set fjölskylduna á toppinn. Það er alveg á hreinu. Ég er með stóra fjölskyldu og einn nýfæddan og þau verða í forgangi hjá mér,“ segir Willum Þór.

Hann er aftur á móti nýkominn af þjálfaranámskeiði á Englandi sem er liður í UEFA Pro Licence-þjálfaragráðunni og kveðst afar sáttur með veru sína þar.

„Þetta var alveg frábært námskeið en námið í heild sinni tekur eitt ár. Við förum þrisvar sinnum út aftur og síðan eru verkefnaskil, símtalsfundir og annað sem fylgir þessu. Þetta er í raun bara doktorsgráða í fótboltaþjálfun og það komast færri að en vilja. Það voru bara fimmtán manns teknir inn á Englandi af sjötíu umsóknum og það er því mjög skemmtilegt að fá tækifæri til þess að taka þátt í þessu.





**SÍÐASTA STOPPIÐ Á HLÍÐARENDA** Willum Þór Þórsson er hættur sem þjálfari Vals en hann kvaddi samstarfsmenn sína og leikmenn á æfingu á Vodafone-vellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**GÓÐAR MINNINGAR** Willum Þór sér ekki eftir neinu á þjálfaraferli sínum með Val. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ég og Toddi [Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram] vorum þarna með mönnum á borð við Gus Poyet, Roberto Di Matteo, Eddie Newton, Steve Staunton, Paul Hart og fleiri þjálfurum sem eru að vinna í hinum harða heimi fótboltans á Englandi. Ég vissi ekki alveg við hverju ég átti að búast en ég sá það strax að þetta er mjög spennandi. Maður á án nokkurs vafa eftir að læra mikið af þessu.“

**omar@frettabladid.is**



**ATLI EÐVALDSSON** Útilokar alls ekki að taka við Val. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Atli Eðvaldsson:

## Væri til í að þjálfa Val

**FÓTBOLTI** Þrír þjálfarar hafa helst verið nefndir sem arftakar Willums Þórs hjá Val – Atli Eðvaldsson, Sigurður Jónsson og Eyjólfur Sverrisson.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Atli efstur á óskalistanum en hann er stadddur úti í Þýskalandi þar sem hann var að klára æðstu þjálfaragráðu sem hægt er að fá.

„Þetta er möguleiki í stöðunni. Ég væri alveg til í að þjálfa Val. Ég útiloka ekkert. Þetta gæti líka hentað mér vel þar sem félögin hér í Þýskalandi eru flest búin að ráða þjálfara og það losna væntanlega engin störf á ný fyrr en í september,“ sagði Atli við Fréttablaðið en hann er staddur í Dusseldorf þar sem hann hefur verið að kynna sig og koma sér á framfæri á þýska þjálfaramarkaðnum.

„Ég er búinn að gera allt hjá Val nema þjálfa liðið. Það gæti verið gaman,“ sagði Atli, sem sagðist þó ekkert hafa heyrt frá forráðamönnum Vals þegar Fréttablaðið náði tali af honum. - hbg

Fram mætir velska liðinu TNS í Evrópudeild UEFA á Laugardalsvellinum klukkan 19.00 í kvöld:

# Gaman að sjá hvað við getum gert gegn þeim

**FÓTBOLTI** Reykjavíkurliðið Fram tekur á móti velska liðinu TNS í Evrópudeild UEFA í kvöld. Þetta er fyrri leikur liðanna en seinni leikurinn fer fram á gervigrasi í Wales.

„Þetta verkefni leggst vel í okkur og það verður mjög skemmtilegt. Þetta er fínasta lið sem við erum að fara að mæta. Því hefur gengið vel í sinni deild undanfarin ár og verið í Evrópukeppninni. Félagið á sterkan bakhjarl og ég geri ekki ráð fyrir öðru en að þetta verði hörkuleikur. Það verður gaman að sjá hvað við getum gert á móti þeim,“ sagði Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, sem hefur fengið upptökur af leik velska liðsins og veit því nokkurn veginn við hverju er að búast.

„Við höfum aðeins skoðað þá en eðlilega er þetta ekki alveg sama lið núna og þá. Einhverjar mannabreytingar hafa orðið og svo er tímabilið þeirra náttúrlega ekki byrjað. Það skiptir líka ekki öllu máli hvað þeir gera heldur hvað við ætlum að gera,“ sagði Þorvaldur, sem er nokkuð bjartsýnn fyrirfram.



**KOMINN AFTUR** Þorvaldur stýrir liði Fram á nýjan leik í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við rennum nokkuð blint í sjóinn. Við erum þess utan án Auðuns Helgasonar, sem er slæmt að missa. Það vantar kannski fleiri með reynslu.

Við stefnum á að komast áfram en það verður erfitt, sérstaklega þar sem við eigum seinni leikinn úti á gervigrasi.“

Þorvaldur er mættur aftur á hliðarlínuna en hann hefur misst af síðustu þrem leikjum Fram-liðsins þar sem hann var staddur erlendis á þjálfaranámskeiði. Liðinu gekk vel í fjarveru hans og nældi í fleiri stig en þegar hann var á landinu.

„Það var ánægjulegt að sjá að liðinu gekk vel. Hvort sem ég stend á línunni eða ekki er það bara gott ef liðinu gengur vel. Þó svo að ég sé í burtu er ekki þar með sagt að ég sé ekki að stjórna,“ sagði Þorvaldur. - hbg


Veljum íslenskt í sumar
– okkar hagur!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is



> **Sarah Chalke**

„Ég reyki ekki, ég reyni að borða hollan mat og ég elska að stunda jóga og fara í göngutúra með hundinn minn.“ Sarah Chalke fer með hlutverk Elliot Reid í þáttunum Nýgræðingar í Sjónvarpinu kl. 22.25

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ FÆRUM SÁLFRÆÐINGI AÐ STÖRFUM

## *Persónuleiki glæpamanna krufinn til mergjar*

Robson Green fer á kostum í bresku sakamálaþáttunum Wire in the Blood sem hafa hafið göngu sína á ný í Ríkissjónvarpinu. Green leikur sálfræðinginn Tony Hill sem reynir að ráða í persónuleika glæpamanna og leysa dularfull sakamál og tekst undartekningalítið alveg prýðilega upp.

Gaman var að fylgjast með Hill í síðasta þætti þar sem hann reyndi að upplýsa óhugnanlegt barnsrán. Nýtti hann sér alla sína reynslu úr sálfræðinni til að komast inn í hugarheim ræningjans og allra þeirra sem komu við sögu í málinu. Í raun stjórnaði sálfræðingurinn rannsókninni með harðri hendi á meðan vitgrannar löggurnar voru sem strengjabrúður hans.

Vilji menn vera góðir í því að ráða í persónuleika fólks má margt læra af Tony Hill og í þessum síðasta þætti mataði hann mann á upplýsingum um hegðun fólks undir hinum ýmsu kringumstæðum á faglegan og áhugaverðan hátt, þó svo að tímapressan á honum hafi verið gífurleg. Hill er góð tilbreyting frá hinum hefðbundna, formúlukennda lögreglufulltrúa sem fer í gegnum hvert málið á fætur öðru af gömlum vana, á sama tíma og einkalífið er í tómu tjóni og Bakkus frændi sjaldan langt undan.

Vonandi nær Hill allavega að halda einkalífinu sínu í skefjum í næstu þáttum því hann mun án efa þurfa á allri sinni náðargáfu að halda.



**ROBSON GREEN** Robson Green fer með hlutverk sálfræðingsins Tony Hill í bresku sakamálaþáttunum Wire in the Blood. NORDICPHOTOS/GETTY

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.40 Grey's Anatomy** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10 Hell's Kitchen** STÖÐ 2



▶ **20.10 Bræður og systur** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Family Guy** SKJÁREINN



▶ **20.00 As You Like It** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Við rokkum** (e)
**17.45 Tómas og Tim** (8:16)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Úr vöndu að ráða** (7:7)(Miss Guided) (e) Bandarísk gamanþáttaröð um konu sem var skotspónn skólafélaga sinna vegna útlits og óframfærni en snýr aftur seinna í skólann sem námsráðgjafi.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Bræður og systur** (43:63) (Brothers and Sisters III)
**20.55 Fréttir aldarinnar** 1968 - Hægri umferð tekur gildi.
**21.01 Fréttir aldarinnar** 1970 - Kristján Eldjárn kjörinn forseti Íslands.
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Nýgræðingar** (Scrubs VII) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**22.50 Trúður** (Klovn) (e)
**23.15 Anna Pihl** 10:10) (Anna Pihl) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Reign Over Me**
**10.00 License to Wed**
**12.00 As You Like It**
**14.05 Diary of a Mad Black Woman**
**16.00 Reign Over Me**
**18.00 License to Wed**
▶**20.00 As You Like It** Hertogaynja neyðist til að yfirgefa hirðina og flýr inn í skóg dulbúin sem karlmaður til að tryggja eigið öryggi.
**22.05 Tough Luck**
**00.00 Uninvited (4 Inyong shiktak)**
**02.10 Palindromes**
**04.00 Tough Luck**
**06.00 Daltry Calhoun**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnaefni:** Svampur Sveinsson, Lalli, Litla risaeðlan, Elías, Íkornastrákurinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (9:26)
**09.55 Doctors** (10:26)
**10.25 Sjálfstætt fólk**
**11.05 Gossip Girl** (14:18)
**11.50 Grey's Anatomy** (21:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (224:260)
**13.25 Wings of Love** (92:120)
**14.10 Wings of Love** (93:120)
**14.55 Ally McBeal** (8:21)
**15.40 Barnaefni:** Nonni nifteind, Bratz, A. T.O.M., Elías
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (19:23)
**18.20 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (18:25)
**19.45 Two and a Half Men** (21:24)
▶**20.10 Hell's Kitchen** Gordon Ramsey er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í einstaklega harðri keppni um starf á alvöru veitingahúsi. Ramseys notar auðvitað hvert tækifæri til að niðurlægja og húðskamma keppendur.
**20.55 The Mentalist** (20:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni.
**21.40 Twenty Four** (23:24)
**22.25 Live and Let Die** Hér er Roger Moore í fyrsta sinn sem James Bond.
**00.25 Prison Break** (22:24)
**01.10 The 24th Day**
**02.45 Prozac Nation**
**04.20 The Mentalist** (20:23)
**05.05 Friends** (19:23)
**05.30 The Simpsons** (18:25)
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.45 PGA Tour 2009 - Hápunktar**
**18.40 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**19.05 Shellmótið** Sýnt frá Shellmótinu í Vestmannaeyjum en þangað voru mættir til leiks drengir í 6. flokki. Á mótinu mátti sjá frábær tilþrif og framtíðarstjörnur íslenskrar knattspyrnu léku listir sínar.
**19.45 Pepsí deildin 2009** Bein útsending frá stórleik Vals og FH í Pepsí-deild karla í knattspyrnu. FH-ingar hafa verið óstöðvandi og unnið sjö leiki í röð en Valsmenn hyggjast stöðva sigurgöngu Íslandsmeistaranna.
**22.00 Pepsímörkin 2009** Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
**23.00 Sterkasti maður Íslands** Sýnt frá mótinu um Sterkasta mann Íslands en þangað voru mættir til leiks flestir af sterkustu mönnum landsins.
**23.30 Poker After Dark**
**00.15 Pepsí deildin 2009**
**02.05 Pepsímörkin 2009**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Enska úrvalsdeildin: Man. City - Man. Utd.** Útsending frá leik Man. City og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**21.10 Season Highlights 2000/2001** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**22.05 Tottenham - Southampton, 1999** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.35 Leeds - Newcastle, 1999** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**23.05 Enska úrvalsdeildin: West Ham - Hull**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.30 Monitor** (2:8) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Monitor** (2:8) (e)
**12.30 Óstöðvandi tónlist**
**17.05 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**17.50 The Game** (20:22)
**18.15 America's Funniest Home Videos** (42:48) (e)
**18.40 Greatest American Dog** (3:10) (e)
**19.30 Matarklúbburinn** (2:8) (e)
**20.00 All of Us** (12:22) Bandarísk gamansería um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd.
**20.30 Everybody Hates Chris** (6:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. Doc er kominn með nýja kærustu en hún hefur gert Chris lífið leitt.
▶**21.00 Family Guy** (5:18)
**21.25 Keeping The Faith** Jake Schram og Brian Finn hafa verið bestu vinir frá blautu barnsbeini, en nú gæti reynt á vinskapinn. Þegar þeir voru litlir var Anna besta vinkona þeirra og heillaði þá upp úr skónum. Nú er hún komin aftur inn í líf þeirra. Vandamálið er að Jake er gyðingaprestur og Brian er kaþólskur prestur. Aðalhlutverk: Ben Stiller, Edward Norton og Jenna Elfman
**23.35 Penn & Teller: Bullshit (**16:59)
**00.05 Britain's Next Top Model** (1:10) (e)
**00.55 Painkiller Jane** (19:22) (e)
**01.45 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Útvegurinn** Umsjón: Sigurður Sveinn Sverrisson. Nýr alhliða þáttur um sjávarútvegsmál á Íslandi styrktur af LÍÚ.
**21.30 Maturinn og lífið** Fritz Jörgenssen ræðir um matarmenningu við gest sinn en matreiðslumeistari er Ragnar Ómarsson.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### KL. 19.45

### Valur - FH Pepsí-deildin



Það er boðið upp á stórleik á Vodafone-vellinum þegar Íslandsmeistarar FH heimsækja Valsmenn. FH-ingar hafa verið óstöðvandi það sem af er tímabilinu en liðið hefur unnið níu leiki í röð eftir tapið gegn Keflavík í 1. umferð. Þessi lið hafa háð margar rimmur á undanförnum árum og vilja Valsmenn eflaust leggja allt í sölurnar til að leggja stein í götu Íslandsmeistaranna. Það mætast stálin stinn innan vallar sem utan í þessari mögnuðu viðureign.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Trúður

### Sjónvarpið kl. 22.50

Trúður (Klovn) er dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper og líf þeirra. Í þáttunum er blandað saman fantasíu og veruleika og flestar persónurnar bera nöfn leikaranna sem leika þær. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár. Meðal annarra leikara sem koma við sögu er Iben Hjelje.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin - heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á sumarvegi
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Sumar í Sóltúni
**15.25** Gullmolar úr safninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**22.00** Fréttir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**23.00** Útvarpsperlur: Í höfuðborg heimsins
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (223:260)
**17.15 Hollyoaks** (224:260)
**17.40 The O.C. 2** (1:24)
**18.25 Seinfeld** (6:24)
**18.45 Hollyoaks** (224:260)
**19.15 Hollyoaks** (223:260)
▶**19.40 Grey's Anatomy** (24:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.
**20.25 Seinfeld** (6:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
**21.40 Aliens in America** (9:18) Stórskemmtilegir gamanþættir um Raja, ungan skiptinema frá Pakistan sem býr hjá Tolchuck-fjölskyldunni í Wisconsin.
**22.05 Gossip Girl** (21:25) Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**22.50 The Closer** (10:15) Fjórða sería þessara hörkuspennandi lögregluþátta um Brendu Leigh Johnson sem leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.
**23.35 Monarch Cove** (3:14)
**01.05 In Treatment** (7:43)
**01.35 Sjáðu**
**02.05 The O.C. 2** (1:24)
**02.50 Grey's Anatomy** (24:24)
**03.35 Aliens in America** (9:18)
**04.00 Fréttir Stöðvar 2**
**04.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.10** Jonathan Creek **11.00** Jonathan Creek **11.50** Blackadder II **12.20** The Weakest Link **13.05** EastEnders **13.35** My Hero **14.05** My Hero **14.35** Blackadder II **15.05** Jonathan Creek **15.55** Jonathan Creek **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** Blackadder II **19.00** Coupling **19.30** Coupling **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** My Hero **21.20** Blackadder II **21.50** Jonathan Creek **22.40** Jonathan Creek **23.30** Coupling

## DR 1

**11.30** Diagnose soges **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Fandango med Rebecca **16.00** Koste hvad det vil **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** En Kongelig Familie **18.00** Landsstævne 2009 **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** SommerVejret **19.40** Landsbyhospitalet **20.40** Secret Lives **22.05** Så er der pakket **22.35** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** Wimbledon direkte og VM sandvolleyball **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Månebjorn **16.15** Bernt og Erling på nye eventyr **16.20** Rorri Racerbil **16.30** Froken Fridas helsproe eventyr **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ei kaldblodig verd **18.20** Der fartoy flyte kan **18.50** Smilehullet **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Partydronninger **21.00** Kveldsnytt **21.15** VM sandvolleyball. Hoydepunker fra dagen **21.30** Uti vår hage 2 **22.00** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **22.30** Livets porto **23.20** Ekstremvær jukeboks

## SVT 1

**10.05** Guld och gröna skogar **10.35** Vårt hus - en mögelfälla **12.05** Berättelsen om Moulin Rouge **13.00** Sommarkväll med Anne Lundberg **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Författarporträtt **15.20** Min egen väg **15.50** Så såg vi sommaren då **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Vildmark fiske **16.45** Hemliga svenska rum **17.00** Berulfsens pengabinge **17.30** Rapport med A-ekonomi **17.50** Regionala nyheter **18.00** Plus sommar **18.30** Mitt i naturen **19.00** Spioner på riktigt **20.15** Uppdrag granskning - sommarspecial **21.15** Kriminaljouren **22.45** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér yfirleitt latte eða berjahristing með banönum og blönduðum frosnum berjum.“*

María Guðrún Rúnarsdóttir, nemi í grafískri hönnun.

# Unnur Birna og Herdís leika á móti Ladda

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær eru tökur hafnar á kvikmyndinni Jóhannes sem skartar þeim Stefáni Karli Stefánssyni og Ladda í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Þorsteinn Gunnar Bjarnason og var tökuliðið statt í Breiðholtinu í gær. Um fjölskyldumynd er að ræða en hún segir frá degi í lífi manns þar sem allt fer öðruvísi en ætlað var. Þetta er fyrsta kvikmynd Þorsteins í fullri lengd og því kom mörgum á óvart að honum skyldi takast að fá bæði Ladda og Stefán Karl í mynd til sín.

Grínfélagarnir úr Hafnarfirðinum eru þó ekki einu stóru nöfnin sem koma við sögu í myndinni því meðal leikenda eru Guðrún Ásmundsdóttir, Stefán Hallur og Halldór Gylfason. Þá mun fyrrverandi Ungfrú heimur, Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, einnig leika í myndinni en hún þótti standa sig nokkuð vel í kvikmyndinni Stóra planið sem Ólafur Jóhannesson leikstýrði. Unnur hefur látið fara frekar lítið fyrir sér eftir að hafa verið kynnir í Bandinu hans Bubba og verður forvitnilegt að sjá hvernig henni tekst til í þessari mynd. Þá má geta þess að Herdís Þorvaldsdóttir leikur einnig í myndinni. - fgg



**SAMAN Á MÓTI LADDA** Þær Herdís Þorvaldsdóttir og Unnur Birna Vilhjálmsdóttir leika á móti Ladda í nýrri kvikmynd eftir Þorstein Gunnar Bjarnason.



**LÁRÉTT 2.** ofsi, **6.** strit, **8.** beita, **9.** ískur, **11.** í röð, **12.** mistakast, **14.** jurtaríki, **16.** ekki, **17.** þróttur, **18.** angan, **20.** þófi, **21.** flink.
**LÓÐRÉTT 1.** rifa, **3.** slá, **4.** stífkrampi, **5.** draup, **7.** hálsklútur, **10.** fjallaskarð, **13.** kvk. nafn, **15.** óskerta, **16.** trjátegund, **19.** hef leyfi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** at, **8.** áta, **9.** urg, **11.** ík, **12.** feila, **14.** flóra, **16.** ei, **17.** afl, **18.** ilm, **20.** il, **21.** klár. **LÓÐRÉTT: 1.** rauf, **3.** rá, **4.** stjarfi, **5.** lak, **7.** trefill, **10.** gil, **13.** lóa, **15.** alla, **16.** eik, **19.** má.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1. Um 800 tonn.
2. Helgi Sigurðsson.
3. Jörundur Ragnarsson.


MÚRBÚÐARVERÐ



Mikið úrval af skrúfum.

Ryðfríar Torx tréskrúfur.

Verðdæmi: 4x50mm, 200 stk.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

1.559 kr.

MÚRBÚÐIN – Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - www.murbudin.is


SIGURJÓN SIGHVATSSON: EMPIRE SPÁIR BROTHERS VELGENGNI

# U2 semur tónlist fyrir mynd Sigurjóns Sighvatssonar

Írska rokkhljómsveitin U2 semur nýtt lag fyrir kvikmyndina Brothers sem Sigurjón Sighvatsson framleiðir. „Þetta er bara eitt lag og kom í gegnum vinskap þeirra og leikstjórans, Jim Sheridan. Þeir hafa unnið áður saman og eru náttúrlega allir frá Írlandi,“ útskýrir Sigurjón í samtali við Fréttablaðið. Hann vildi ekki meina að þessi vinsælasta hljómsveit heims hefði beðið um fúlgur fjár fyrir lagið. „Nei, þetta kostaði ekkert sérstaklega mikinn pening.“

Kvikmyndaframleiðandinn upplýsir að Brothers hafi að mestu verið klippt í upptökuveri U2 á Írlandi og því hafi verið hæg heimatökin. Söngvarinn Bono leggur til textann og semur lagið í samstarfi við gítarleikarann The Edge. Sigurjón kveðst ákaflega sáttur við að hafa fengið U2 um borð en bætir því við að það sé alltaf myndin sem geri útslagið. „Jú, jú, auðvitað getur verið gott að hafa nafn eins og U2 í markaðsherferðinni en það er alltaf myndin sjálf sem selur miðana.“

Brothers skartar þeim Natalie Portman, Toby Maguire og Jake Gyllenhaal í aðalhlutverkum en leikstjóri er sem fyrr segir Jim Sheridan. Myndin er mikil örlagasaga þar sem stríðið gegn hryðjuverkum í Afganistan er í bakgrunni. Brothers er endurgerð á danskri kvikmynd eftir Susanne Bier sem hlaut mikið lof á sínum tíma.

Sigurjón kveðst ánægður með útkomuna. Stikla úr henni ætti að rata í sýningar á næstu dögum en myndin sjálf verður frumsýnd í byrjun desember. „Nokkrir gagnrýnendur hafa þegar séð myndina og verið hrifnir en viðbrögð áhorfenda skipta náttúrlega mestu máli,“ segir Sigurjón. Kvikmyndatímaritið Empire spáir því á vefsíðu sinni að Brothers sé í hópi 31 kvikmyndar sem hugsanlega geti keppt um Óskarsverðlaunin á næsta ári. freyrgigja@frettabladid.is



**GÓÐ SAMAN** **Bono** og írsku rokkrisarnir í U2 semja lag fyrir nýjustu kvikmynd **Sigurjóns Sighvatssonar** en hún heitir Brothers og skartar **Natalie Portman** og Jake Gyllenhaal í aðalhlutverkum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Skítt orðspor Íslands í útlöndum eftir bankahrun virðist engin áhrif hafa á gott gengi íslenskra rithöfunda á erlendri grundu. Leyndarmálið hans pabba eftir **Þórarin Leifsson** fær gríðarlega góðar viðtökur í Danmörku og danskir gagnrýnendur keppast við að hlaða bókina lofi. Þórarni, með sínu furðuraunsæi, er meira að segja líkt við snillinginn Ole Lund Kirkegaard, höfund Gúmmí-Tarsans.



Þá er að sjá hvernig viðtökur 10 ráð **Hallgríms Helgasonar** fá í Danmörku en hún kemur þar út innan tíðar. Athyglisvert við þá útgáfu er að hinir dönsku útgefendur nota einnig kápu bókarinnar en nánast undantekningalaust láta útgefendur þýddra bóka hanna nýja kápu fyrir nýtt markaðssvæði. Hönnuðurinn Alexandra Buhl, sem er þýsk/pólsk kona búsett á Íslandi, þótti gera svo vel í hönnun sinni að danskurinn keypti þann pakka líka – auk innihaldsins.



**Anna Hlín** hafnaði í 2. sæti í síðustu Idol-keppni – sem kom á óvart, ekki síst dómurunum Birni Jörundi, Jóni Ólafssyni og Selmu. En Anna heldur sínu striki og í dag sendir hún frá sér sitt fyrsta lag sem verður í „rhythm and blues“-stíl. Lagið „Með sjálfri mér“ er eftir BMV en textann gerir Anna Hlín sjálf.



**Kolbrún Halldórsdóttir** var fram á síðustu stundu að ákveða hvort hún myndi sækja um stöðu Þjóðleikhússtjóra og setti meðal annars fyrir sig að með umsókninni kæmi hún flokkssystur sinni Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra, sem skipar í stöðuna, í bobba. Samsæriskenningasmiðir velta því fyrir sér nú hvort Kolbrún sæki um til að fá stöðuna ekki! Þá með það fyrir augum að eftir stöðuveitinguna megi ljóst vera að Katrín láti ekki flokkadrætti ráða för í sínum embættisfærslum. - jbg




HUMAR 2.000 KR/KG

GLÆNÝ STÓRLÚÐA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


# Í hættulegustu borg Indlands

Magnús Atli Magnússon á þrjá mánuði eftir af kvikmyndatökunámi sínu á Indlandi. Magnús er einn þriggja Evrópubúa í Asian Academy of Film and Television í Noida, nágrannaborg Delí. Hann segist hvorki hrifinn af borginni né Bollywood, en námið sé gott.

„Það er hreinlega ekki hægt að búa sig undir þetta,“ segir Magnús um menningarsjokkið við lendingu. „Allt er í rusli, það gengur allt miklu hægar og auðvitað er miklu heitara. Þetta er allt annar heimur. Þegar ég lenti var verið að sprengja allt í tætlur. Maður verður að fara varlega.“

Noida er talin hættulegasta borg á Indlandi. „Vinur minn frá Póllandi labbaði stundum heim á kvöldin. Hann var oft stoppaður af löggunni og spurður hvort hann væri snargeðveikur.“ Hann segir lögguna ekki barnanna besta. „Hún getur alveg eins rænt þig, ef hún er í stuði.“

Stéttaskiptingin er talin rót glæpanna. „Það eru viðskiptakallar að koma þarna inn í borg sem var bara sveitaþorp áður. Þess vegna eru glæpirnir. Sveitafólkið sér alla þessa peninga meðan það sefur á götunni. Það vill bara fá sinn skerf.“ Sjálfur býr hann við kakkalakka og rottur. Hitastigið hjálpar ekki, en frá apríl hefur svæðið verið það heitasta í heiminum, og fór hitinn í 48 stig í maí.

Magnús hyggst þreifa fyrir sér hérna heima að námi loknu og stefnir á að verða upptökustjóri við kvikmyndir. - kbs



**ANNAR HEIMUR** Magnús lærir kvikmyndatöku á Indlandi. Með honum er dóttir hans, Anika Ýr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# OUTLET CENTER

## FAXAFENI 8

**OPIÐ,**
**mánud. – laugard. 10⁰⁰-18⁰⁰**
**sunnud. 12⁰⁰-17⁰⁰**







**Bikiní 999 kr**

**Mikið af nýjum vörum**

**Leggings frá 999 kr**

**Sokkar 99 kr**

**Jakkaföt 6999 kr**

Bangsar ofl. tuskudýr verð: FRÁBÆRT
Vönduð verkfæri verð: FRÁBÆRT
Flísteppi verð: FRÁBÆRT
Barnaflísteppi verð: FRÁBÆRT
Bakpokar verð: FRÁBÆRT
Disney vörur verð: FRÁBÆRT

**KLINKIÐ**
LÁGVÖRUMARKAÐUR
...ótrúleg verð

Garðluktir verð: FRÁBÆRT
Barnasundlaugar verð: FRÁBÆRT
Risavatnsbyssur verð: FRÁBÆRT
Golfvörur verð: FRÁBÆRT
Barnanestisbox verð: FRÁBÆRT
Crayon litir verð: FRÁBÆRT
Fullt af Disney vörum verð: FRÁBÆRT
Hreinsivörur fyrir heimilið verð:FRÁBÆRT
Leikföng verð: FRÁBÆRT
Myndarammar verð: FRÁBÆRT

Reiðhjóla- og Scateboard hjálmar verð: FRÁBÆRT
Fótboltar, Strandblakboltar verð: FRÁBÆRT
Sundgleraugu margar gerðir verð: FRÁBÆRT

## Nýjar vörur að detta inn á næstu dögum!!!

KOMDU, SJÁÐU OG SPÁÐU Í VERÐIÐ...

**FAXAFEN 8 OUTLET CENTER**

Sími: 5684892

Opnunartímar Mánud. til Laugard. 10 - 18 Sunnudaga 12 - 17

klinkid@klinkid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**

Ragnheiðar Tryggvadóttur


## Hratt líður tíminn

Fólk finnur misjafnlega fyrir aldrinum, enda er hann afstæður. Það er helst að utanaðkomandi aðstæður segi til um hann. Ég man til dæmis eftir systrum í sveitinni sem kallaðar voru „litlu systur á Bjarnastöðum“. Þegar ég man eftir þeim voru þær komnar á áttræðisaldur en alltaf voru þær „litlu systurnar“.

**LENGI** vel hafa nær allir verið eldri en ég í ættinni. Ég og systir mín, ásamt frænkum okkar á sama aldri, gengum undir heitinu „litlu stelpurnar“ í fjölskyldunni og þótt einn og einn lítill frændi eða frænka bættist við héldum við jafnan þeim titli. Einhvern tímann á unglingsárunum kom til umræðu að við værum vaxnar upp úr honum, en samt loddi hann við okkur, rétt eins og við gömlu systurnar.

**EINS** og gengur var meiri samgangur milli okkar litlu stelpnanna þegar við vorum litlar. Stórfjölskyldan hittist, farið var í leiki, borðaðar samlokur með eggi og kakó á brúsa drukkið með. Með aldrinum verður fólk síðan uppteknara, það flyst á milli landshluta, vinnur mikið og samgangurinn minnkar af sjálfu sér. Um helgina náðist þó að hóa fjölskyldunni saman þegar dálítið ættarmót var haldið. Þar hittust bræður, systur, börn, barnabörn og barnabarnabörn, systkinabörn og tengdabörn, ömmur, mömmur, frænkur og frændur og svo mætti lengi telja.

**ÍSLENSK** ættarmót hafa misjafnt orð á sér en þetta tókst með eindæmum vel. Tekist hafði að smala öllum saman upp í sveit þar sem sólin skín jafnan í heiði og fólk lék við hvern sinn fingur. Þarna hittumst við „litlu stelpurnar“ aftur eftir langan tíma en fannst rétt eins og við hefðum hist í gær. Eins fannst okkur engin okkar hafa breyst og við stæðum fyllilega undir titlinum ennþá. Fatastíllinn hafði kannski fullorðnast eitthvað og umræðuefnin okkar á milli snerust nú um hluti eins og efnahagsástandið, þótt það ætti varla við eins og veðrið var gott.

**ÞAÐ** sem hafði samt breyst var að fjölskyldan hafði stækkað mikið. Fjöldinn allur af barnabörnum hafði bæst við safnið og þar sem við systurnar, komnar á fertugsaldur, sátum í kvöldsólinni og horfðum á krakkastóðið leika sér á túninu verður okkur litið á hvor aðra. Hvaðan komu eiginlega allir þessir krakkar? Gat verið að við værum ekki „litlu stelpurnar“ lengur?



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er fimmtudagurinn 2. júlí 183. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.08 | 13.36 | 23.54 |
| Akureyri | 2.03 | 13.16 | 0.26 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


